

SHALDÖR  
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Nýir bílar  
Markaðurinn



**Euopris**  
Ódyrt fyrir alla!  
499 259  
Nýr tilboðsbæklingur í dag

# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur


11. janúar 2012  
9. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*




**Skýrr 2,8 milljarða virði**  
Skúli Mogensen keypti fimm prósent í Skýrr fyrir um 140 milljónir króna.  
MARKAÐURINN

**Tréskrúfur undir skóm**  
Guðmundur Guðnason setti tréskrúfur undir hlaupaskóna sína og hleypur í öllum veðrum.  
fólk 26



**Get dregið vagninn**  
Alexander Petersson um aukna ábyrgð í íslenska handboltalandsliðinu.  
sport 22

## veðrið í dag



**HVASST AUSTANTIL** en lægir þegar líður á daginn. Annars fremur hæg vestanátt og bjart með köflum en sums staðar stöku él. Frost að 9 stigum en um frostmark við suðurströndina.

VEÐUR 4

## Ofbeldi foreldra dulinn vandi

Prátt fyrir að líkamlegar refsingar á börnum séu bannaðar með lögum eru þær algengar hérlendis. Rannsókn sýnir að 6 til 10 ára börn eru líklegust til að verða fyrir ofbeldi. Fötluðum börnum er hætt við ofbeldi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Líkamlegt ofbeldi foreldra, eða annarra forráðamanna, gegn börnum er dulinn vandi á Íslandi, er mat sérfræðings Barnaverndarstofu. Greining á tilkynningum til barnaverndarnefnda sýnir að börn á aldrinum 6 til 10 ára eru líklegust til að vera beitt ofbeldi, ekki síst börn með skilgreinda fötlun eða greiningu. Ofbeldið er mannskemmandi, er niðurstaða allra sem til þekkja.

Þetta er meðal rannsóknarniðurstaða sem Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu, mun kynna á ráðstefnu Barna- og unglíngageðdeildar (BUGL) á föstudag.

„Þessi tegund ofbeldis gegn börnum hefur ekki fengið mikla athygli hér á landi. Samfélagið og barnaverndin hefur verið sofandi gagn-

vart slíku enda almennt sú hugmynd uppi að líkamlegar refsingar viðgangist ekki hér á landi,“ segir Steinunn.

Rannsóknin náði til rúmlega 400 tilkynninga sem bárust barnaverndarnefndum á Íslandi árið 2006 vegna barna að 18 ára aldri. Þar af voru 189 tilkynningar sem vörðuðu 156 börn þar sem grunur lék á að foreldrar beittu börn sín ofbeldi. Tilkynningar vegna kynferðisofbeldis eða andlegs ofbeldis eru flokkaðar sérstaklega og eru ekki hluti af þessum niðurstöðum.

Flest börnin bjuggu á heimili þar sem til staðar voru báðir foreldrar. Mun oftar var tilkynntur grunur um ofbeldi af hálfu karla en kvenna en í skýrslunni segir að ætla megi að síður sé tilkynnt um ofbeldi af hálfu mæðra. „Heilt yfir skilar sér aðeins

Heilt yfir skilar sér aðeins hluti tilfella, þar sem barn er beitt líkamlegu ofbeldi, til yfirvalda.

**STEINUNN BERGMANN**  
FÉLAGSRÁÐGJAFI Á BARNAVERNDARSTOFU

hluti tilfella, þar sem barn er beitt líkamlegu ofbeldi, til yfirvalda,“ segir Steinunn en mál koma til kasta lögreglu í undantekningartilfellum.

Steinunn sýnir fram á að í nær helmingi tilfella fram á að í nær helmingi tilfella fram á að barn hefði verið barið, löðrungað eða flengt. Í 29,5% tilvika var barni hrint, gripið eða sparkað í það. Þá var í um 14% tilvika grunur um að barn hefði verið barið með krepptum hnefa, belti, spaða, priki eða einhverjum öðrum hlut. Dæmi fannst

þar sem barn var tekið hálstaki, eða reynt að kæfa það eða drekkja því. Tvö tilvik sýna að barni var refsað með því að kremja fingur eða hendi þess.

Börnum með skilgreinda fötlun, eins og athyglisbrest með ofvirkni (ADHD), einhverfu, Asperger eða lesblindu, er sérstaklega hætt við því að vera beitt ofbeldi. Alls voru 35 börn af þeim 156 sem rannsóknin náði til með fyrrnefnda fötlun eða greiningu.

Oftast var tilkynntur grunur um einstakt tilvik en 23 tilkynningar fjölluðu um fleiri en tíu tilvik. Þá veður athygli að börn fóru aðeins í lækni skoðun í 15% tilvika. Þá óskuðu barnaverndarnefndir sjaldan eftir lögreglurannsókn eða einungis vegna mála er vörðuðu fimm börn.

- shá



**Á MÓTI VINDINUM** Þótt flestir vegfarendur hafi eflaust hugsað hlýlega til upphitaðra bíla sinna í illviðrinu í gær var meira en að segja það að aka í hálfblindu um götur borgarinnar. Margir kusu því að fara ferða sinna fótgangandi í rokinu og sóttist það býsna hægt. **Sjá síðu 2**

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Viðbrögð stjórnvalda við nýju hættumati greiningardeildar Ríkislögreglustjóra:

## Þyngja refsingar við vopnaburði

**LÖGGÆSLA** Þynging refsinga við ólöglegum vopnaburði, aukin fjárframlög til lögreglu og aukin samvinna stjórnvalda við íslensk og alþjóðleg lögregluþynging eru kostir sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sér í stöðunni eftir að nýtt hættumat greiningardeildar ríkislögreglustjóra var gert opinbert. Þar er dregin upp svört mynd af glæpastarfsemi hér, þar sem um er að ræða skipulagða starfsemi bæði innlendra og erlendra glæpahópa.

Innanríkisráðherra lagði nýja hættumatið fram á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.

„Ég vakti athygli á því að við fengum sérstaka fjárveitingu á síðasta ári til að efla forvarnir og baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Við teljum að þeir fjármunir hafi komið að góðum notum og erum með frekari tillögur í þeim efnum til skoðunar núna,“ segir ráðherra. „Þá er horft til breytinga á vopnalögum, eftir að

Ég mun eftir um það bil hálfan mánuð leggja frumvarp fyrir ríkisstjórnina um breytingu á umræddum lögum

**ÖGMUNDUR JÓNASSON**  
INNANRÍKISRÁÐHERRA

í ljós kemur að aukin brögð eru að því að menn beri skotvopn. Ég mun eftir um það bil hálfan mánuð leggja frumvarp fyrir ríkisstjórnina um breytingu á umræddum lögum sem felur meðal annars í sér bann við eign og vörslu á hálfsváfirkum skotvopnum. Brot á slíku banni varði allt að átta ára fangelsi í stað sex eins og nú er,“ útskýrir ráðherra, sem segir vopnaburð lögreglu ekki kost að sínu skapi og hugnist lögreglu heldur ekki almennt.

Hann segir enn fremur að lögð verði áhersla á aukið samstarf við alþjóðlega löggæslu. Í næstu viku komi að frumkvæði ráðuneytisins fulltrúar frá Evrópulögreglu til viðræðna, auk þess sem viðræður séu hafnar um að efla enn frekar samstarf innanríkisráðuneytisins og Alþingis um málefni löggæslunnar og hafi formaður allsherjarnefndar, Björgvin G. Sigurðsson, lýst vilja í þá veru.

- jss

**DVÍTAMÍN**  
frá NOW fyrir börn og fullorðna



Fæst í verslunum um allt land.  
Nánar á [www.yggdrasil.is](http://www.yggdrasil.is)

[www.ms.is](http://www.ms.is)

**Fjörmjólk**



Nú í nýjum umbúðum með skrúftappa



# Madeira

Eyja hins eilífa vors

10. – 20. apríl

Beint flug með Icelandair

## MADEIRA

Madeira er gjarnan kölluð „Eyja hins eilífa vors“ eða „Garðurinn fljótandi“. Þessi stórbrotna, blómstrandi paradísareyja er um 600 km vestur af ströndum Afríku og nýtur því hita-beltisloftslags sem eykur enn á aðdráttarafl hennar.

Ótal fleiri gistinguþing á VITA.is



### Baía Azul

★★★★★

Hótel Baía Azul er vel staðsett 2,5 km frá miðbæ Funchal. Á hótelinu eru veitingastaðir, kaffihús og kokkteilbar. Fallett útsýni er yfir Atlantshafið frá sundlaugargarðinum.

**Verð frá 176.700 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

Netverð á mann í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 186.700 kr.



### Pestana Casino Park

★★★★★

Glæsilegt fimm stjörnu hótel í göngufæri við miðbæinn í Funchal. Við hlið hótelsins stendur spilavítið Casino de Madeira og næturklúbburinn Copacabana.

**Verð frá 197.800 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

Netverð á mann í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 207.800 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR  
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	123,43 124,01
Sterlingspund	190,91 191,83
Evra	157,90 158,78
Dönsk króna	21,230 21,354
Norsk króna	20,607 20,729
Sænsk króna	17,889 17,993
Japanskt jen	1,6053 1,6147

SDR 188,79 189,91

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
217,9961

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landspítalinn fær öflugan stuðning Oddfellow-reglunnar við stækkun líknardeildar sinnar í Kópavogi:

# Gefur vinnu og búnað í 101 milljónar framkvæmd

**HEILBRIGÐISMÁL** Oddfellowreglan hefur undirritað viljayfirlýsingu um að reglan færi Landspítalanum að gjöf framkvæmdir við líknardeildina í Kópavogi.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu á að sameina starfsemi líknardeildanna á Landakoti og í Kópavogi með fjölgun rúma í Kópavogi. Við sameininguna fækkar þó rúmum í heild.

Að því er kemur fram í frétt Oddfellowreglunnar varð líknardeildin í Kópavogi að veruleika 1. ágúst 1997 fyrir tilstilli reglunnar á 100 ára afmæli hennar. „Hún hefur síðan komið með öflugum hætti að stækkun deildarinnar, opnun dag- og göngudeildar hennar og

gerð kapellunnar þar,“ segir á vefsíðu Oddfellowa. Eins og við fyrri áfanga líknardeildarinnar mun Oddfellowreglan taka að sér að framkvæma og kosta nauðsynlegar breytingar á húsi átta, þar sem verður dag- og göngudeild, og á húsi níu þar sem verður legudeild. Þetta verður gert í samráði við starfsmenn rekstrarsviðs Landspítala sem einnig leggur til hönnun breytinganna og nauðsynlegar framkvæmdir utanhúss.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við hús nú ljúki 1. apríl næstkomandi og að við hús átta verði verklok 1. október á þessu ári. Heildarkostnaðurinn er áætlaður 101 milljón króna.



LÍKNARDEILDIN Í KÓPAVOGI Oddfellow-reglan hefur haft veg og vanda af uppbyggingu líknardeildar í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Grunaður um eiturlyfjasmýgl: Gæsluvarðhald framlengt

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir karlmanni sem er grunaður um að hafa smyglað um tíu kílóum af amfetamíni, rúmlega átta þúsund MDM- töflum og umtalsverðu magni af sterum til landsins.

Manninum er gert að sæta gæsluvarðhaldi til 31. janúar.

Hann er sakaður um að hafa reynt að smygla fíkniefnum til Straumsvíkur frá Hollandi í október á síðasta ári.

Tveir menn sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. - jss



LEIKSKÓLABÖRN Fjórir deildir fyrir 100 börn verða í leikskólanum Ökrum.

Tekinn í notkun í Garðabæ:

## Hundrað börn í nýjum leikskóla

**MENNTUN** Nýr leikskóli verður formlega tekinn í notkun í Garðabæ í dag. Fyrstu börnin hafa þó verið þar frá því á mánudag.

Leikskólinn Akkrar er eini leikskólinn á höfuðborgarsvæðinu sem hefur verið í byggingu undanfarið ár, en hann er 814 fermetrar og hefur verið rúmt ár í byggingu.

Með tilkomu nýja leikskólans verður áfram hægt að bjóða öllum börnum leikskólaláss um átján mánaða aldur. Um hundrað börn munu geta verið í leikskólanum, í fjórum deildum. - þeb

# Álfheiði misbýður lausn ríkisins vegna sílíkonpúða

Formaður velferðarnefndar og fyrrverandi heilbrigðisráðherra telur að ríkið ætti að bjóða öllum konum með P.I.P. fyllingar að láta fjarlægja þær þeim að kostnaðarlausu. Landlæknir vissi af gallanum árið 2010.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér er algjörlega misboðið með þessari ákvörðun. Hún er vissulega fyrsta skref, en þetta er hluti af svo miklu stærra og meira máli,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis og fyrrverandi heilbrigðisráðherra.

Að mati Álfheiðar á umsvifalaust að bjóða öllum konum með P.I.P. brjóstafyllingar að láta fjarlægja púðana þeim að kostnaðarlausu. Kostnaðinn eigi ríkið svo að sækja á það fyrirtæki sem flutti inn púðana annars vegar, og setti þá í konurnar hins vegar. Í þessu tilviki er þetta einn og sami aðilinn, Jens Kjartansson, lýtalæknir og yfirlæknir lýtalækningadeilda á Landspítalanum.

Ríkisstjórnin ákvað í gær að bjóða öllum þeim 440 konum sem fengið hafa P.I.P. púðana á árunum 2000 til 2010 og eru með íslenskar sjúkratryggingar að koma í ómskoðun sér að kostnaðarlausu til að kanna ástand púðana. Séu púðarnir lekir tekur ríkið þátt í kostnaði við að fjarlægja þá. Áætlaður heildarkostnaður vegna þessa er á bilinu 800.000 til 6.000.000 króna.

Álfheiður var heilbrigðisráðherra í apríl árið 2010, en þá barst landlækniseimbættinu tilkynning um að P.I.P. púðarnir hefðu verið teknir af markaði í Evrópu. Þeir hafa þó verið bannaðir í Bandaríkjunum síðustu tíu ár. Embættið hafði eftirlitsskyldu með innfluttum læknavörum á þeim tíma, en nú er það í höndum Lyfjastofnunar.

Geir Gunnlaugsson landlæknir segist hafa tekið þá ákvörðun þegar tilkynningin barst árið 2010.



SÍLÍKONHAUGUR Í SUÐUR-FRACKLANDI Eftir var til mótmæla við höfuðstöðvar Poly Implant Protheses (PIP) í Suður-Frakklandi síðasta vor. Ríkisstjórnin ákvað í gær að bjóða þeim 440 konum sem fengið hafa P.I.P. brjóstafyllingar og eru tryggðar að koma í ókeppis ómskoðun til að skoða púðana og láta fjarlægja þá séu þeir lekir. NORDICPHOTOS/AFP

að senda út bréf til allra lýtalækna og láta það í þeirra hendur að veita sjúklingum sínum upplýsingarnar. Hann veit ekki til þess að púðarnir hafi verið settir í eftir að upplýsingarnar bárust.

Álfheiði barst ekki tilkynning um málið í sinni ráðherratið.

„Ég var ekki látin vita af þessu máli, mér var ekki gert viðvart,“ segir hún. „En mér þykja það mjög mikil tíðindi að púðarnir hafi verið bannaðir í tíu ár í Bandaríkjunum. Mér þykir afar skrytið að það bann hafi ekki borist hingað fyrr en árið 2010.“

Ég var ekki látin vita af þessu, mér var ekki gert viðvart.

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR  
FYRRVERANDI HEILBRIGÐISRÁÐHERRA



Í Fréttablaðinu í febrúar á síðasta ári kom fram að landlæknir hafi ekki upplýsingar um brjóstastækkningar sem gerðar eru á Íslandi. Þar er haft eftir landlækni að verið sé að kalla eftir þeim upplýsingum, en það gangi treglega að fá þær.

Geir segir að nú hljóti sérfræðingar að sjá að það liggja á upplýsingunum í ljósi umræðunnar.

„Við vonumst til þess að vera búin að fá þessar upplýsingar í vikulok,“ segir hann.

sunna@frettabladid.is

**MAGNAÐUR MIÐVIKUDAGUR**

50% afsláttur af öllu leigðu efni í Sjónum Símans

facebook.com/siminn.is

**Síminn**

**VEDURSPÁ**

**Ingibjörg Karlsdóttir**  
veðurfréttamaður

**FROST OG ÞÍÐA**  
Það lítur út fyrir frost á landinu í dag og á morgun en svo hláku þegar kemur fram á föstudag. Sunnan og vestan til verður einnig talsverð rigning og þar má því búast við asahláku. Hvort hlákan dugar til að taka upp snjó og klaka er alls óvíst.

**Á MORGUN**  
Hæg vestlæg eða breytileg átt, vaxandi vindur um kvöldið.

**FÖSTUDAGUR**  
Strekkingur V-lands annars hægar.

**HEIMURINN**

Alicante	17°
Basel	6°
Berlín	8°
Billund	8°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	22°
London	11°
Mallorca	17°
New York	8°
Orlando	23°
Ósló	0°
París	9°
San Francisco	15°
Stokkholmur	4°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

# Áramóta Útsala á sturtulausnum

Allt að  
**50%**  
afsláttur



Hitastýrð  
blöndunartæki fylgja  
afsláttarverð  
**75.210** stgr.  
Verð áður **150.429**



80 x 80 sm  
afsláttarverð  
**27.730** stgr.  
Verð áður **50.529**



80 x 80 sm  
afsláttarverð  
**27.730** stgr.  
Verð áður **50.529**

**WF12-6C** 87,2 x 120 sm

**0621** 90 x 90 sm **28.890** Verð áður 52.529

**0631** 90 x 90 sm **28.890** Verð áður 52.529

**Ath!**  
Takmarkað  
magn



Hitastýrð  
blöndunartæki fylgja  
afsláttarverð  
**78.900** stgr.  
Verð **174.641**



Hitastýrð  
blöndunartæki fylgja  
afsláttarverð  
**75.460** stgr.  
Verð **150.692**



Hitastýrð  
blöndunartæki fylgja  
afsláttarverð  
**75.230** stgr.  
Verð **150.429**

**HF99-C2** 90 x 90 sm

**WF17-4C** 90 x 170 sm

**WF12-2C** 90 x 120 sm



[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili



**Fannar Óli Ólafsson**

Lærði bitvélavirkjun en eftir kerfisstjóránámið hjá NTV fékk hann vinnu sem kerfisstjóri hjá ISAVIA

**Edda Þórey Guðnadóttir**

Starfaði við bókhald og skrifstofustörf en eftir námið hjá NTV fékk hún vinnu sem kerfisstjóri hjá IKEA

**Haraldur Guðjónsson**

Eftir 35 ár í slökkviliðinu fór hann í Kerfisstjóran hjá NTV. Starfar í dag sem kerfisfræðingur hjá UTM Reykjavík



Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

# FENGU DRAUMASTARFIÐ AÐ LOKNU TÆKNINÁMI HJÁ NTV!

## Nám sem styrkir þig til vinnu hérlendis sem erlendis

**Kerfisstjóri** - 365 stundir (2 annir) - Verð: 515.000

Nám fyrir þá sem vilja vinna sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast viðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, bilanagreiningu og viðgerðum á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Þrjú alþjóðleg próf eru innifalin í verði námsins. [\(Nánari lýsing á ntv.is\)](#)

**Tölvuviðgerðir** - 72 stundir - Verð: 119.000

Nám fyrir þá sem vilja starfa á viðgerðasviðinu. Verulegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið geta nemendur uppfært, bilanagreint og gert við tölvubúnað, ásamt því að setja upp videigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. [\(Nánari lýsing á ntv.is\)](#)

**MCTS og Network+** - 108 stundir - Verð: 153.000

Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvukerfa. [\(Nánari lýsing á ntv.is\)](#)

**Diplomanám í forritun** - 282 stundir - Verð: 399.000

Í náminu er lagður traustur þekkingargrunnur að nútíma forritun. Að því loknu hafa nemendur góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem eru notaðar í hugbúnaðargerð og eru færir um að taka 3 alþjóðleg próf sem gefa 2 MCTS gráður. [\(Nánari lýsing á ntv.is\)](#)

**CCNA (Cisco Certified Network Associate)** - 85 stundir - Verð: 289.000

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notað eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. [\(Nánari lýsing á ntv.is\)](#)

**MCITP** - 185 stundir - Verð: 299.000

Mjög öflugt nám í uppsetningu á netþjónum. Innifalin eru 3 alþjóðleg próf sem gefa gráðuna: **Microsoft Certified IT Professional**. [\(Nánari lýsing á ntv.is\)](#)

**Exchange Server 2010** - 58 stundir - Verð: 99.000

Markvisst nám í uppsetningu og rekstri á Exchange 2010 pósthjónum.



Atvinnulausir fá 25% afslátt af auglýstu staðgreiðsluverði.





## Electrolux

**EWF-146310W Þvottavél**  
 Mest seldi þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bilanatiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður uppá sveigjanlegan þvottatíma.

- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ Tímaskjár
- ✓ Ofnæmisskolun möguleg
- ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Verð áður kr 99.900

**1400 SNÚNINGA**  
**HRAD-VAL**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**89.900**  
 SPARAÐU 10.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**69.900**  
 SJÁÐU VERÐIÐ!

**1200 SNÚNINGA**  
**HRAD-VAL**

**exquisit**  
**WA-6312 Þvottavél**  
 Flott 1200 snúninga þvottavél með hraðþvotti.  
 ✓ Tekur allt að 6 kg af tauti  
 ✓ 10 þvottakerfi þ.á.m. sérkerfi fyrir handþvott  
 ✓ Hægt að velja um forþvott og skolstöðvun  
 ✓ AquaStop vatnslekavörn  
 ✓ Framstillt ræsing möguleg 0-19 klst.  
 ✓ A/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þeytivindu

**177 CM HÁR**  
**143 CM HÁR**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**69.900**  
 SPARAÐU 15.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**49.900**  
 SPARAÐU 10.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**24.900**  
 SJÁÐU VERÐIÐ!

**exquisit**

1) **KGC-300/70 Kæli- og frystisk.**  
 273 lítra kæli / 68 lítra frystir. Verð áður kr. 84.900.-

2) **KGC-270/45 Kæli- og frystisk.**  
 171 lítra kæli / 40 lítra frystir. Verð áður kr. 59.900

3) **KS-90A Kælikápur í borðhæð**

## HELLUBORÐ

Spanhelluborð... **69.900,-**  
 Keramik helluborð... **49.900,-**

**GÍFURLEGT ÚRVAL**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**59.900**  
 SPARAÐU 20.000

**ZANUSSI**  
**ZOB-342X Blástursofn stál**  
 Stílhreinn ofn með blæstri, grilli ásamt undir- og yfirhita

- ✓ AirControl blásturstækni
- ✓ Clean'N'Clear léttþreinsiglerjungur
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ Tvöfalt gler í ofnhurð
- ✓ Verð áður kr 79.900

**BLÁSTUR**

## ZANUSSI

**ZDF-3010X Uppþvottavél**  
 Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum

- ✓ Hljóðlát, aðeins 49 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 min. hraðkerfi
- ✓ Skjár sem sýnir tíma
- ✓ Seinkun á ræsing 0-19 klst
- ✓ Margbreytanleg innréttung
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Fingrafararfrítt stál
- ✓ Án toppplötu
- ✓ Verð áður kr 99.900

**AAA EINKUNN**  
**HLJÓDLÁT 49 dB**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**79.900**  
 SPARAÐU 20.000

## SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR

# ÚTSALA

## KEXRUGLUÐ VERÐ!

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**49.900**  
 SPARAÐU 18.000

**exquisit** **AAA EINKUNN**

**GSP-8009 Uppþvottavél**  
 45 cm breið uppþvottavél með öllum helstu þvottakerfum, góðri innréttungu og toppplötu. Getur verið fristandandi eða inni innréttungu.

- ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi, almennt kerfi og pottakerfi.
- ✓ Framstillt ræsing möguleg 3/6/9 klst.
- ✓ Toppeinkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun.
- ✓ Verð áður kr 67.900

# 10-70%

## AFSLÁTTUR AF SMÁTÆKJUM

**2.990,-**  
 Hraðsuðukanna 1,7 lítra 2000W  
 Verð áður kr 4.990

**2.990,-**  
 Samlokugrill  
 Verð áður kr 3.990

**2.490,-**  
 Brauðrist hvít tveggja sneiða  
 Verð áður kr 3.490

**1.490,-**  
 Eldhúsvog digital með skál  
 Verð áður kr 3.990

**1.995,-**

**990,-**  
 Hárblásari 1200W  
 Verð áður kr 2.490

**2.490,-**  
 Kraftmikill handþeytari m/hnoðjárnnum  
 Verð áður kr 4.490

**1.490,-**  
 Naglasnyrtiset  
 Verð áður kr 2.490

**2.990,-**  
 Töfrasproti  
 Verð áður kr 2.990

## BAD- & ELDHÚSVOGIR

# 50% AFSLÁTTUR

Komdu þér í form og settu þér markmið fyrir 2012. Hárnákvæmar bavogir úr gleri eða stáli. Einnig vogir með fitumælingu.

6 gerðir af eldhúsvogum.

**8 GERÐIR**  
**6 GERÐIR**

**1.995**  
 50% AFSLÁTTUR

**TRISTAR**  
 Þönnukökupanna með viðloðunarfrírri húðun. Hentar á allar gerðir af hellum, líka span. Fullt verð kr. 3.990

# Rafha ehf

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is

Láta reyna á bann lögreglu við listahátíð samkynhneigðra en múslímar töldu hana geta raskað ró fólks:

## Samkynhneigðir taka slaginn í Malasíu

**MALASÍA, AP** Dómsmál hefur verið höfðað í Malasíu til að kanna lögmæti banns sem lögregla í landinu setti á baráttuhátíð gegn fordómum í garð samkynhneigðra.

Málatilbúnaðurinn varpar ljósi á misrétti sem samkynhneigðir verða fyrir í landinu. Mannréttindasamtök víða um heim skora á sama tíma á stjórnvöld í Malasíu, þar sem múslímar eru í meirihluta, að nema úr gildi lög sem banna sambönd fólks af sama kyni.

Eftir að leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Malasíu, Anwar Ibrahim, var í vikunni sýknaður af ákæru um að hafa haft kynmök við fyrrum aðstoðarmann sinn hófu Amnesty International og Mannréttinda-

vaktin (Human Rights Watch) að gagnrýna stjórnvöld í Malasíu fyrir að viðhalda lögum þar sem viðurlög við samkynhneigð eru allt að 20 ára fangelsi.

Skipuleggjendur listahátíðarinnar „Kynfrelsi“ sem haldin hefur verið árlega í Malasíu frá árinu 2008 biðluðu til hæstaréttar landsins í von um að fá hnekk banni sem sett var á viðburðinn í fyrra.

Hátíðin hefur til þessa ekki látið mikið yfir sér, en á dagskránni voru tónlistarviðburðir, framsögur um málefni tengd kynferði og veggspjaldasýning. Lögregla bannaði viðburðinn eftir að samtök múslíma kvörtuðu yfir því að hann gæti raskað ró almennings.



**HAFDI BETUR** Anwar Ibrahim (fyrir miðju), leiðtogi stjórnarandstöðu í Malasíu, mætir fyrir dóm í Kúala Lúmpúr um miðjan desember. Hann var sakaður um samkynhneigð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FALLIST Í FAÐMA** Pingkonan Gabrielle Giffords faðmar Pam Simon, en báðar særðust í skotárás fyrir ári þar sem sex létu lífið. Minningarathöfn var haldin í Tucson í Arizona á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geir í Svenska Dagbladet:

### Líkir málinu við Úkraínu

**STJÓRNMÁL** „Kjösendur eiga að úrskurða um hvort ég hafi breytt rangt eða rétt í kjörklefanum. Að vera dreginn fyrir rétt af pólitískum andstæðingum minnir á Úkraínu þar sem forsætisráðherrann hefur verið dæmdur fyrir að hafa skrifað upp á slæman samning um gasflutninga.“

Þetta er meðal þess sem haft er eftir Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, í viðtali sem birt var á vef Svenska Dagbladet síðastliðinn sunnudag.

Geir getur þess jafnframt að undanfarnir tvö ár hafi verið erfið. Jafnvel þótt hann sé sannfærður um sakleysi sitt ríki óvissa um framtíðina. „Ég er sextugur og enn fullur af orku. En ef ég fletti upp nafninu mínu á netinu birtist alltaf það sama.“ - ibs

Óhapp á Holtavörðuheidi veldur milljónatjóni:

## Þúsundir kjúklinga drápust á heiðinni

**SLYS** Um þrjú þúsund kjúklingar drápust þegar vöruflutningabíll frá Reykjaröð fór út af veginum á Holtavörðuheidi á sunnudagsnótt. Alls voru um sex þúsund kjúklingar í bílnum á leið til slátrunar á Hellu, en helmingurinn drapst í óhappinu.

Dauðu fuglunum þurfti að farga og hleypur tjónið á milljónum, að sögn Matthíasar Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Reykjaröðs.

„Þetta er töluvert mikið tjón,“ segir hann. „Helmingurinn drapst úr loftleysi þegar bíllinn rann svona til og svo drápust þeir sem lentu yst einfaldlega úr kulda.“

Fjölmennt lið björgunarsveitarmanna var kallað út þegar bíllinn fór út af. Sveitin selflutti búrin, yfir í annan bíl sem flutti fuglana í slátruhús. Mikið rok var á staðnum sem gerði flutningana erfiðari en ella. Reykjaröður á eftir að ræða við verktakafélagið sem sá um flutningana vegna tryggingamála.

„Við lentum í svipuðu fyrir um það bil tíu árum þegar flutningabíll fór á hliðina,“ segir Matthías, en fyrirtækið keyrir um 400 til 500 ferðir sem þessar á ári.

„Þannig að þetta eru tvö skipti af um fimm þúsund ferðum. Sem er ekki hægt að segja að sé hátt hlutfall.“ - sv



**LÚÓS Í GLUGGA** Þorlákshúsið er nær tilbúið að utan. Framhliðin er klár og á Þorlákshúsi, dánardægri Þorlákshelga, var kveikt á ljósi í kvistglugga búðarinnar.

MYNDIR/BREKI JOHNSEN

## Smíði Þorlákshúsbúðar verður lokið í sumar

Framkvæmdir við Þorlákshúsið við Skálholtskirkju halda áfram og stefnt að verklokum í sumar. Árni Johnsen segir almenna sátt um verkið en afkomendur arkitekts eru enn ósáttir. Eina í stöðunni er málsókn, sem ólíklegt er að af verði.

**SKÁLHOLT** Stefnt er að því að ljúka smíði Þorlákshúsbúðar við Skálholtskirkju í sumar. Deilur hafa staðið um verkefnið þar sem börn Harðar Bjarnasonar, arkitekts kirkjunnar, voru ósátt við bygginguna og telja hana skaða heildarmynd kirkjunnar og umhverfis hennar.

Árni Johnsen, talsmaður Þorlákshúsbúðarfélagssins, segir í samtali við Fréttablaðið að húsið sé að mestu tilbúið að utan.

„Við erum búnir að klæða alla veggir og loft að innan en eigum eftir að setja timbur í gólf og á gömlu hleðslurnar, sem verða setbekkir. Við erum að vonast til þess að við náum að ljúka ákveðnum kostnaðarþáttum til að við getum skilað því af okkur í sumar.“

Árni vill ekki kannast við að mikill styr hafi staðið um framkvæmdina.

„Það voru nokkrir sem voru á móti því en heimamenn og þúsundir manna sem hafa komið þar hafa lýst yfir ánægju með þetta. Nú er þetta búíð. Þetta er sögulegt hús með skemmtilega sögu. Þetta er lítið, fallegt hús, ekki nema fjögurra metra hátt, og mikið lagt í gerð þess.“

Kristján Valur Ingólfsson, vígslu-

Það voru nokkrir sem voru á móti því en heimamenn og þúsundir manna sem hafa komið þar hafa lýst yfir ánægju með þetta.

ÁRNI JOHNSEN

TALSMANNAÞORLÁKSHÚSBÚÐARFÉLAGSSINS

biskup í Skálholti, segir í samtali við Fréttablaðið að ekki væri enn farið að áforma notkun á Þorlákshúsi, enda hafi kirkjan ekki fengið húsið afhent. Í raun liggja ekki fyrir með hvaða hætti hún verði notuð eða hvort kyrrð sé komin á málið.

Hörður H. Bjarnason og Áslaug Guðrún systir hans, afkomendur Harðar arkitekts, hafa lýst yfir andstöðu sinni við byggingu búðarinnar, enda telja þau að með henni skaðist ásjúnd Skálholtskirkju.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála vísaði hins vegar frá kærnu systkinanna þar sem búðin er ekki viðbygging við kirkjuna.

„Það var ekki tekið tillit til þess að kirkjan og nánasta umhverfi sé ein heild,“ sagði Hörður H. Bjarnason í samtali við Fréttablaðið.

Herði skilst að ekki sé hægt að fara lengra með málið. „Ekki nema farið verði í dómsmál, sem er bæði kostnaðarsamt og erfitt að spá um niðurstöðu þess. Þannig að ég held að okkar kostir séu uppunir ef svo má segja.“

Þau eru hins vegar allt annað en sátt við lok mála og segja fagaðila í stéttinni, þar á meðal Arkitektafélag Íslands og Bandalag íslenskra listmanna, hafa ályktað sterklega gegn byggingu búðarinnar á þessum stað, án þess að tillit hafi verið tekið til þess. thorgils@frettabladid.is



**ALLT HANDUNNIÐ** Tréverk innanbúðar er einnig langt komið þar sem veggir og loft hafa verið klædd. Enn á eftir að setja timbur á hleðslurnar, sem munu verða setbekkir.

SUCCESS  
MADE  
BY  
AMBIENTE

Stærstu tilboðin, mikilvægustu straumar og stefnur, bestu hugmyndirnar fyrir vöruúrvalið. Leiðandi vörusýning heims neysluvara fær markaðinn til að blómstra og verður til þess að fyrirtæki ná árangri. Þar má hitta fleiri en 4.500 alþjóðlega sýnendur sem sýna einstakt úrval af vörum – Þetta tryggir góð viðskipti og er undirstaða árangurs.

Nálgest má upplýsingar og pöntun aðgöngumiða í forsölu á [www.ambiente.messefrankfurt.com](http://www.ambiente.messefrankfurt.com)

dimex@dimex.dk  
Sími: +45 39 40 11 22

ambiente

10. – 14. 2. 2012

Danmörk  
Samstarfsland Ambiente 2012

messe frankfurt

Líkamsárás kærð í Eyjum:  
**Sleginn með flösku í höfuð**

**LÖGREGLUMÁL** Líkamsárás var nýverið kærð til lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Að sögn lögreglu átti árásin sér stað í heimahúsi í bænum. Þar hafði maður, sem var gestkomandi á heimilinu, orðið fyrir árás. Hann mun hafa verið sleginn í höfuðið með flösku. Afleiðingarnar voru þær að maðurinn hlaut skurð á höfði sem þurfti að loka með sjö sporum. Ástæða árásarinnar er enn óljós en lögreglan í Vestmannaeyjum rannsakar málið. - jss

Útgjöld vegna bóta almannatrygginga jukust um 23 prósent milli ára:

**Heildarútgjöld Tryggingastofnunar 67,2 milljarðar**

**ALMANNATRYGGINGAR** Útgjöld vegna bóta almannatrygginga jukust um 12,6 milljarða króna árið 2011 miðað við árið á undan eða um 23 prósent samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Alls námu heildarútgjöldin um 67,2 milljörðum, að því er kemur fram á vef velferðarráðuneytisins. Skýringar á auknum útgjöldum eru sagðar þrjúþættar. Í fyrsta lagi ákváðu stjórnvöld að hækka bætur lífeyrisþega í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í vor. Útgjöld vegna þess námu rúmum sex milljörðum króna. Í því fólst hækkan bóta um 8,1 prósent og 50.000 króna eingreiðsla til lífeyrisþega í

júní síðastliðnum auk sérstaks álags sem bættist á orlofs- og desemberuppbót lífeyrisþega. Í öðru lagi skýrast aukin útgjöld af því að fjármagnstekjur lífeyrisþega og tekjur þeirra úr lífeyrissjóðum hafa lækkað. Þar með hefur réttur þeirra til bóta almannatrygginga aukist. Í þriðja lagi fjölgaði ellilífeyrisþegum um 4,6 prósent frá árinu 2010 til 2011. Sú fjölgun skýrist annars vegar af hækkanði meðalaldri þjóðarinnar og hins vegar af því að fleiri eiga nú rétt til almannatrygginga en áður vegna fyrrnefndrar tekju-skerðingar. - ibs



**TRYGGINGASTOFNUN** Útgjöld til bóta vegna almannatrygginga jukust um 12,6 milljarða.



**HEATHROW** Smygl á 63 skammbyssum til Bretlands er lítið alvarlegum augum í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/A

Smyglaði byssum í flugi:  
**Gæti setið inni í allt að 30 ár**

**BANDARÍKIN, AP** Fyrrverandi landgönguliði í Bandaríkjaher á yfir höfði sér allt að 30 ára fangelsi fyrir smygl á skammbyssum til Bretlands. Maðurinn, sem heitir Steven Neal Greenoe, játaði brot sitt, en hann bíður dóms í Greenville í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum. Saksóknari segir manninn hafa falið 63 skammbyssur í farangri sínum í nokkrum flugferðum til Bretlands, en þar seldi hann vopnin. Bent er á að fátítt sé að breskir lögreglumenn beri vopn og það auki alvarleika brotsins. - óká

Með dóp og fjármuni:  
**Ákærður fyrir fíkniefnasölu**

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært meintan dópsala fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Manninum er gefið að sök að hafa í maí á síðasta ári verið með rúmlega níutíu grömm af maríjúana og tóbaksblandað kannabisefni sem hann ætlaði að selja. Efnin fundust við húsleit lögreglu á heimili hans í Kópavogi. Þá reyndist maðurinn einnig vera með fimmtán þúsund krónur í reiðufé sem hann hafði fengið fyrir fíkniefni. Ákærvaldið krefst þess að hann verði dæmdur til refsingar og að fíkniefnin og fjármunirnir verði gerð upptæk. - jss

Grænlandingar áhyggjufullir:  
**Fjöldi sela tífandi sprengja**

**GRÆNLAND** Leif Fontaine, formaður Samtaka sjómanna og veiðimanna á Grænlandi, segir fjölgun sela við landið vera tífandi sprengju. Hann segir fæðuna við norðurlandinn ekki vera nóga fyrir þær milljónir sela sem séu á svæðinu vegna banns Evrópusambandsins við viðskiptum með sela-afurðir. Að sögn formannsins má sjá sel um allt norðurskautið. Hann vill að dönsk yfirvöld þrýsti á Evrópusambandið í þeim tilgangi að aflétta banninu sem hafi áhrif á viðskipti með sela-afurðir um allan heim. - ibs



**3,7**

**MILLJARÐAR**



**FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í 250 MILLJÓNIR**

Ofurpotturinn stefnir í 3.450 milljónir. Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

**VÍKINGA LOTTO**

ALLTAF Á MIDVIKUDÖGUM!  
MIÐINN GILDIR 11. JANÚAR 2012

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	4
G.	18	19	20	23	28	4
H.	22	27	29	39		

**SÖLU LÝKUR KL. 17**



Reglugerð um merkingu erfðabreyttra matvæla tekur loks gildi.

## Að vita hvað maður borðar

Reglugerð um merkingu erfðabreyttra matvæla tók loks gildi hér á landi nú um áramótin en nú á eru liðin síðan slík reglugerð tók gildi innan Evrópusambandsins. Gildistöku þess hluta reglugerðarinnar sem tók til matvæla var þó frestað síðastliðið haust þrátt fyrir mótmæli meðal annars Neytendasamtakanna og Samtaka lífrænna neytenda.

Reglugerð um merkingu erfðabreyttra matvæla er til komin vegna harðrar andstöðu evrópskra neytenda við erfðabreytt matvæli. Sú andstaða er ekki einungis vegna þeirra heilsufarslegu áhrifa sem erfðabreytt matvæli eru talin geta haft heldur einnig vegna mögulegra óafturkræfra umhverfisáhrifa vegna erfðabreyttrar ræktunar. Íslenskir neytendur hafa til skamms tíma ekki gefið þessum atriðum mikinn gaum þótt meðvitund þeirra hafi vissulega aukist.

Velta má fyrir sér hvers vegna Íslenskir yfirvöld hafa dregið lappirnar í þessu máli. Því miður er líklegt að forsvarsmenn Samtaka lífrænna neytenda og Slow Food Reykjavík hafi á réttu að standa í því mati sínu að í ráðuneyti landbúnaðar og sjávarútvegs hafi hagsmunir íslenskra neytenda lotið í lægra haldi fyrir hagsmunum nokkurra fyrirtækja sem flytja inn matvæli frá landi þar sem þetta viðhorf er einnig við lýði, þ.e. hagsmunir fjölpjódlegra matvælaframleiðenda eru teknir fram yfir hagsmuni neytenda.

Íslenskir neytendur voru lengi fremur skeytingarlausir um þau matvæli sem þeir lögðu sér til munns, mun áhugalausari en neytendur grannþjóða okkar. Sem betur fer virðist ákveðin vitundarvakning hafa átt sér stað.

Þá vakningu má í fyrsta lagi rekja til aukins áhuga neytenda á heilsu sem leiðir til þess að menn velja meira fyrir sér en áður hvað þeir láta ofan í sig, bæði með tilliti til næringargildis og mögulegra óæskilegra aukaefna.

Í öðru lagi eru þeir stöðugt fleiri sem taka neysluákvæðanir að einhverju leyti á síðferðislegum forsendum. Viljinn til að skila jörðinni að minnsta kosti jafngóðri til niðjanna eins og við sem nú erum á dögum tókum við henni, og helst betri, mótár ákvarðanir fleiri og fleiri. Að sama skapi fer þeim fjölgandi sem hafna því að leggja sér til munns kjöt og aðrar dýraafurðir nema meðferð dýranna hafi verið viðunandi.

Krafan um að upplýsingar um matvæli séu aðgengilegar neytendum hefur aukist undanfarin ár og mun aukast enn frekar. Eðli málsins samkvæmt heyrir hún hæst frá þeim sem vilja sniðganga matvæli með tiltekið innihald og/eda ef tiltekin skilyrði um aðbúnað dýra eru ekki uppfyllt, nú eða að þeir vilja ekki kaupa matvæli frá tilteknu upprunalandi.

Skilmerkilegar merkingar matvæla eru samt sem áður hagsmunamál allra neytenda, hvort sem þeir hyggjast sniðganga þau eða ekki, því meðvitaðir neytendur vilja vita hvað þeir leggja sér til munns.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**MAGNAÐUR MIÐVIKUDAGUR**  
 Ertu ekki örugglega með Sjónvarp Símans?  
 facebook.com/siminn Síminn

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fyrirspurn um stefnu

Stjórnmalamenn eiga að hafa skýra stefnu í sem flestum málum, að öðrum kosti er ekki hægt að meta verk þeirra eða fýsileika til fylgilags kjósenda við þá. Þingmenn gera sér vel grein fyrir þessu og því eru þeir duglegir við að spyrja ráðherra út í stefnu þeirra í stórum málum sem smáum. Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, er einn þeirra og í nóvemberlok spurði hann innanríkisráðherra um hver stefna hans væri varðandi veg í námu í Hamra-

garðaheiði, en sú var notuð við gerð Landeyjahafnar. Ráðherra þurfti tíma sinn til að svara fyrirspurninni, enda um viðamikil mál að ræða, og svarið barst ekki fyrr en í gær.

#### Umsamin framkvæmd


Sigurður Ingi hafði áhyggjur af því að mjókkun vegarins hefði í för með sér mikið jarðrask. Ráðherra bendir í svari sínu á að búið sé að mjókkva veginn og það hafi tekið innan við viku. Þá hafi mjókkunin verið hluti af verkinu og í samræmi við umhverfismat. Spurning Sigurðar sneri því

að því hvort ráðherra ætlaði að virða verksamninga og umhverfismat. Um það þarf traðla að spyrja.

#### Skemmtileg tilviljun

Framboð Guðmundar Steingrímssonar og Besta flokksins á landsvísu hefur, eins og allir vita, fengið nafnið Björt framtíð. Um þetta hefur verið skrifað á vefsíðum, en framboðið missti af því tækifæri að koma nýja nafninu inn í jölaboðin. Til þess kom það of seint fram. Skemmtileg tilviljun er að félagið sem stendur að framboðinu heitir Félag áhugafólks um bjarta framtíð og ætti því að nýja nafninu vel.

kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Meira kjöt á beinin

#### Forsetaembættið



Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður og rithöfundur

Nafnabylgjan sem ríður yfir eftir fremur óljós orð forsetans um eigin stöðu og endurkjör í vor á eftir að hjaðna. Eflaust kristallast álitleg framboð úr henni seint í vetur. Líklegast er að 5 til 10 manns reyni söfnun meðmælanda og fjármuna, og skipuleggi snarpa framboðs-hrinu. Með það í huga verður að telja það galla, að ekki skuli að lokum kosið aftur og þá milli tveggja efstu frambjóðenda.

Ég hef áður bent á, í blaðagrein, að núverandi forseti hefur ekki breytt forsetaembættinu til frambúðar; ekki frekar en forsetinn sem gegndi stöðunni í 16 ár, næst á undan honum. Sérhver forseti ákveður embættisfærslu sína innan stjórnarskrárrammans sem er auðvitað sá gamli, enn um sinn. Vilji nógu margir kjósendur aðrar áherslur en hjá núverandi forseta, eða þeim þar næsta á undan, geta þeir einfaldlega ráðið til um það.

Ýmsir telja embættið stórpólitískt til frambúðar og auglýsa jafnvel eftir „sterka manninum“ til að stjórna landinu. Þetta er talsýn og fjarri lýðræðisreglum og -hefðum landsins. Sá veldur sem á heldur auk þess sem bæði núverandi stjórnarskrá og tillögur Stjórnлага-

Ég hef áður bent á, í blaðagrein, að núverandi forseti hefur ekki breytt forsetaembættinu til frambúðar; ekki frekar en forsetinn sem gegndi stöðunni í 16 ár, næst á undan honum.

ráðs eru langt frá einhvers konar forsetaræði. Forsetaframbjóðendur verða að svara mörgum lykilsurningum um mótaða afstöðu sína til samspils forseta, Alþingis og ríkisstjórnar, um helstu heimsmál og um menningu og mannlíf heima og heiman og þá duga ekki almennar, loðnar eða vinsælar yfirlýsingar.

Á þetta má minna hér og nú og einnig á að menn, karlar og konur, dragi andann djúpt og komi framboðsmálum almennt upp úr hjólförum sem einkennast af sífelldri skimun eftir þekktum andlitum úr fjölmiðlum. Meira þarf til.





**STEINÞÓR SIGURÐSSON** náttúrufræðingur (1904-1947) fæddist þennan dag. „Það verður að teljast skylda okkar sem menningarþjóðar að þekkja sem ítrast okkar eigið land.“

## Merkisatburðir

- 1922** Insúlín er notað í fyrsta sinn til að vinna á sykursýki í manni.
- 1935** Amelia Earhart verður fyrst kvenna til að fljúga einmenningsflug frá Havai til Kaliforníu.
- 1944** Togarinn Max Pemberton frá Reykjavík ferst með allri áhöfn, 29 manns.
- 1972** Austur-Pakistan verður Banglades.
- 1973** Réttarhöld í Watergate-málinu hefjast.
- 1974** Fyrstu sexburar sem lifa af fæðast í Höfðaborg í Suður-Afríku.
- 1980** Nigel Short, fjórtán ára, verður yngsti alþjóðlegi skákmeistari heims.

**PETTA GERÐIST: 11. JANÚAR 1897**

## Leikfélag Reykjavíkur var stofnað

Leikfélag Reykjavíkur var stofnað þennan mánaðardag árið 1897 er tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðu krafta sína. Félagið er elsta leikfélag sem starfað hefur óslitið á Íslandi og jafnframt eitt elsta starfandi menningarfélag landsins.

Helsti hvatinn að stofnun þess var bygging lónaðarmannahússins við Tjörnina sem í daglegu tali var kallað lónó.

Allir stofnendur Leikfélags Reykjavíkur voru áhugamenn og því fóru æfingar og allt starf leikhússins fram utan venjulegs vinnutíma.

Fyrsta frumsýning félagsins var í desember 1897 í hinu nýja húsi lónó. Þá voru frumsýnd tvö dönsk leikverk með söngvum, Ferðaævintýrið eftir A. L. Arnesen og Ævintýri í Rósenborgargarði eftir Johan Ludvig Heiberg í leikstjórn Indriða Einarssonar.



**DR. ÞORSTEINN SÆMUNDSSON: 30. VETRARMÓT NORRÆNNA JARÐFRÆÐINGA**

## Verst að geta ekki hlýtt á öll erindin, þau eru svo fróðleg

Þrítugasta vetrarmót norrænna jarðfræðinga stendur nú yfir í Hörpu og sækja það um 300 manns. Mótin eru haldin á tveggja ára fresti á Norðurlöndunum fimm, þannig að tífunda hvert ár koma þau í hlut Íslendinga. „Þessi þing varpa góðu ljósi á fjölbreytileika og gæði rannsókna sem fara fram á Norðurlöndunum,“ segir doktor Þorsteinn Sæmundsson, formaður Jarðfræðafélags Íslands. Sjö meginþemu eru á ráðstefnunni og undir þeim rúmlega 30 undirþemu eftir umfjöllunarfnum, að sögn Þorsteins sem telur upp ísaldarjarðfræði, eldfjallafræði, jöklafræði, landmótunarfræði, veðurfræði og jarðskjálfta. „Það eru öll jarðvísindi undir. Við erum líka að tala um olíujarðfræði, jarðhitann og fleira. Það er bara verst að geta ekki hlýtt á öll erindin, þau eru svo fróðleg.“

Af spennandi rannsóknum sem fjallað er um á ráðstefnunni nefnir Þorsteinn eina sem Jan Mangerud, prófessor frá Bergen, lýsti í allsherjarfyrirlestri í gær sem allir gestirnir gátu setið. „Við Úralfjöllin hafa fundist 33 þúsund ára mannvistarleifar norðan við heimskautsbaug og spurningin er hvort þar hafi nútímamaðurinn verið á ferð eða Neanderdalsmaðurinn. Þetta er langt norðan við þau mörk sem talið er að Neanderdalsmaðurinn hafi búið á í Evrópu.“

Annar allsherjarfyrirlestur var um veðurfars- og sjávarstöðubreytingar sem hinn þýski Stefan Rahmstorf hélt. „Rahmstorf er einn allra fremsti vísindamaður heims í sínu fagi og það var mjög gaman að fá hann hingað,“ segir Þorsteinn. Hann gleymir heldur ekki íslensku kollegunum, Magnúsi Tuma Guðmundssyni sem var með fyrirlestur um áhrif sprengigosa, Helga Björnsyni sem fjallaði um jöklafræðingarnir á Íslandi og útlitið í upphafi 21. aldar né Þóru Árnadóttur sem heldur fyrirlestur á morgun um aflögun jarðskorpunnar á Íslandi. „Svo hélt forsetinn okkar, Ólafur Ragnar Grímsson, flotta ræðu við setningu mótsins. Það hefði mátt halda



**DR. ÞORSTEINN SÆMUNDSSON** „Þingið varpar góðu ljósi á fjölbreytileika og gæði rannsókna sem fara fram á Norðurlöndunum,“ segir Þorsteinn um þrjátíu ára afmælisfyrirlestur norrænna jarðfræðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að hann væri jarðfræðingur þegar hann stóð í pontu.“

Þrjár ferðir eru skipulagðar í dag til að gefa mótsgestum kost á að sjá Ísland í vetrarklæðnaði, á Reykjanesið, að Eyjafjallajökli og um gullna hringinn.

„Það er erfitt að skipuleggja janúarferðir um Ísland löngu fyrirfram en veðrið virðist ætla að leika við okkur, samkvæmt spánni,“ segir Þorsteinn. „Nú verðum við bara að vona að vegirnir séu færir.“

gun@frettabladid.is



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur minnar, mágkonu og frænku okkar,

**Önnu Steinunnar Sigurðardóttur**  
Drápuhlíð 39.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík fyrir hlýhug og góða umönnun.

Flosi Hrafn Sigurðsson Hulda Sigfúsdóttir  
Ágústa Lyons Flosadóttir  
Sigurður Flosason



Ástkær eiginmaður minn,

**Guðmundur Gíslason**

lést 7. janúar síðastliðinn.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,  
Erna Adolphsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Guttormsdóttir**  
Dvalarheimili aldrafra, Borgarnesi,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, laugardaginn 7. janúar, verður jarðsöngin frá Borgarneskirkju laugardaginn 14. janúar kl. 14.00.

Kristín Finndís Jónsdóttir Ragna Sólveig Eyjólfsdóttir  
Jón Helgi Jónsson María Stefánsdóttir  
Gunnar Magnús Jónsson og ömmubörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Yndislegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, barnabarn og tengdasonur,

**Valdimar Viðar Tómasson**  
Fjallalind 147, Kópavogi,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut að morgni 7. janúar.

Anna Karen Kristjánsdóttir  
Tómas Hrói Viðarsson  
Kristján Ari Viðarsson  
Steinar Viðarsson  
Tómas Sveinbjörnsson  
Sigurður S. Tómasson  
Pétur Valdimarsson  
Anna Lára Hertervig  
Kristján Halldórsson og aðrir aðstandendur.  
Eva María Grétarsdóttir  
Olga Guðnadóttir



Okkar ástkæra

**Magnea Hrönn Stefánsdóttir**  
Austurgerði 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 4. janúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, fimmtudaginn 12. janúar nk. kl. 13.00.

Jón Höskuldsson  
Kristín Jónsdóttir Heiðar Ingi Ólafsson  
Mikael Bjarki Heiðarsson  
Guðríður Jónsdóttir Egill Einarsson  
Jón Stefán Sigurbjörnsson Marín Hallfríður Ragnarsdóttir  
Stefán Már Stefánsson Lára Margrét Traustadóttir  
Höskuldur Jónsson Guðríður Jónsdóttir



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. janúar 2011 | 1. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

Hraðil!  
Skilvirkni!  
Sveigjanleiki!

**GUDJÓNÓ**  
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
Sími 511 1234 • [www.gudjono.is](http://www.gudjono.is)

## Minnkandi fjárförf ríkissjóðs veldur lífeyrissjóðunum vanda

→ Ríkisbréf líklega áfram fyrirferðarmikil í fjárfestingum lífeyrissjóðanna árið 2012

→ Lífeyrissjóðirnir binda vonir við fjölgun fjárfestingarmöguleika



## Dress Up Games malar gull

Dress Up Games ehf. hagnaðist um 88,3 milljónir króna á árinu 2010. Á árunum 2008 og 2009 nam hagnaður félagsins samtals um 213 milljónum króna. Það hefur því hagnast um rúmlega 300 milljónir króna á þriggja ára tímabili. Þetta kemur fram í síðustu ársreikningum Dress Up Games ehf.

Félagið á og rekur vefsíðuna [www.dressupgames.com](http://www.dressupgames.com) og hefur á undanförunum árum verið á meðal arðbærustu fyrirtækja á Vestfjörðum. Eigandi félagsins er Inga María Guðmundsdóttir.

Á vefsíðunni er tenglum á tölvuleiki þar sem dúkkulísur eru klæddar í fót safnað saman. Dress Up Games er síðan með auglýsingasamning við stórfyrirtækið Google sem tryggir því tekjur. Samningurinn virkar þannig að Google AdWords selur auglýsingar inn á síðuna og Dress Up Games ehf. fær síðan greitt fyrir hvert skipti sem einhver skoðar þá auglýsingu. Vefsíðan fær milljónir innlita, og er með tugmilljónir flettinga, í hverjum mánuði og því eru tekjurnar miklar.

Eignir Dress Up Games nema 259 milljónum króna. Um 95% þeirra eru í handbæru fé. Félagið greiddi sér auk þess út 128 milljónir króna í arð á árunum 2009 og 2010. -PSJ

## Fékk fimm prósentu hlut í Skýrr fyrir 140 milljónir

Fjárfestingafélagið Títan, sem er í eigu Skúla Mogensen, greiddi alls um 140 milljónir króna fyrir 5,17% hlut sem félagið eignaðist í Skýrr í síðustu viku. Kaupverðið var greitt með reiðufé. Miðað við það verð sem Títan greiddi fyrir hlutinn er heildarvirði hlutabréfa Skýrr tæplega 2,8 milljarðar króna. Spurður um hvort til greina komi að auka við eignarhlut sinn í Skýrr segist Skúli alls ekki vilja útiloka það.

Títan var einn stærsti eigandi gagnaversins Thor Data Center þar til nú í nóvember þegar allt hlutafé þess var selt til Skýrr.

Skýrr er stærsta upplýsingatækifyrirtæki landsins og á meðal þeirra tíu stærstu á Norðurlöndunum. Hjá fyrirtækinu starfa um 1.100 manns, þar af um 600 á Íslandi og um 500 í Noregi, Svíþjóð og Lettlandi. Velta Skýrr á árinu 2011 var um 24 milljarðar króna. Til stendur að skrá Skýrr á markað í haust en stærsti einstaki eigandi félagsins er Framtakssjóður Íslands með um 75% hlut. -PSJ/SÍÐA 4

## Sjóðsvélar & kassakerfi

á betra verði

[www.optima.is](http://www.optima.is)



**WINCOR  
NIXDORF**

Afar vönduð kassakerfi fyrir stór sem smá fyrirtæki. Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu tilboð.

Hafðu samband  
**S. 588 9000**

Fáðu tilboð

OG ÞÚ  
SPARAR!

S T O F N A Ð 1 9 5 3

**OPTIMA**

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa


**SAM4S**

Optima kynnir Sam4s sjóðsvélar  
Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun. Frábært verð!

## Fróðleiksmolinn


DataMarket

## Forsjá barna úr sambúðarslitum 1991-2010



## Nýjar olíulindir og eftirspurn

Samkvæmt nýlegri skýrslu um orkumál frá BP hefur verulegt magn þekktra olíubirgða í jörðu vaxið nokkuð ört síðastliðna þrjú áratugi. Á sama tíma og eftirspurn hefur stöðugt aukist, hefur fundur nýrra olíulinda aukist umfram eftirspurn. Myndin hér fyrir neðan sýnir hlutfallslega aukningu í eftirspurn frá árinu 1980 til ársins 2010 og aukningu í skráðum nýjum olíulindum yfir sama tímabil. Á þessu 30 ára tímabili hefur eftirspurn heimsins eftir olíu aukist um 43% en skráðar nýjar olíulindir í tunnum talið aukist um 107%. Samkvæmt spá BP um orkunotkun munu núverandi birgðir duga í 46 ár að því gefnu að engar nýjar olíulindir finnist.



## Dagatal viðskiptalífsins

keldan  
dagatal viðskiptalífsins

## FIMMTUDAGUR 12. JANÚAR

- Fróðleikur á fimmtudegi – fundur KPMG
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir –hagtölur SÍ
- Greiðslumiðlun –hagtölur SÍ
- Útboð ríkisvíxla

## FÖSTUDAGUR 13. JANÚAR

- Trúfélagsbreytingar
- Atvinnuleysi í desember

## MÁNUDAGUR 16. JANÚAR

- Mannfjöldi á 4. ársfjórðungi 2011
- Tryggingafélög – hagtölur SÍ

## ÞRIÐJUDAGUR 17. JANÚAR

- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsv.
- Fiskafli í desember
- Samræmd vísitala neysluverðs des. 2011

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á **VÍSIR**

## Smálánafyrirtæki sátt við ný láanalög

Innleiðing Evróputilskipunar um neytendalán skyldar smálánafyrirtæki til að gera greiðslumat á viðskiptavinum. Rekstur fyrirtækjanna gengur vel og þau skila hagnaði.

## LÁNASTARFSEMI

Þorgils Jónsson  
thorgils@frettabladid.is

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið stefnir að því að leggja fram til umsagnar drög að frumvarpi um neytendalán í næsta mánuði. Með því verður innleidd Evróputilskipun um neytendalán sem eykur og skýrir réttindi neytenda og lánveitendum verður meðal annars gert að framkvæma greiðslumat áður en samið er um lán.

Smálánafyrirtæki falla undir þessi fyrirhuguðu lög, en starfsemi þeirra hefur verið talsvert umdeild síðustu misseri, en nú eru á markaði héraðs fyrirtækja Kredia og Hraðpeningar sem lána meðal annars í gegnum sms-skeyti. Afkoma fyrirtækjanna hefur verið ágæt þar sem framkvæmdastjóri Kredia segir reksturinn í jafnvægi og Hraðpeningar högnuðust um fjórtán milljónir árið 2010.


Meðal annars bárust nokkrar umsagnir varðandi frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra í apríl síðastliðnum þar sem Velferðarvakt velferðaráðuneytisins varaði til dæmis við starfsemi smálánafyrirtækja og vildi helst að þau yrðu bönnuð.



LEIFUR A. HARALDSSON

Leifur A. Haraldsson, framkvæmdastjóri Kredia, segist þó, í samtali við Markaðinn, fagna því að tilskipunin verði innleidd.

„Við fögnum þessu heils hugar og erum búin að bíða eftir því að



LÁNAUMSÓKN Í SMS Íslensku smálánafyrirtækin virðast ganga vel og segir framkvæmdastjóri Kredia að fyrirtækið sé vel búið undir komandi lagabreytingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þetta verði innleitt hér á landi.“

Aðspurður segist Leifur ekki telja að þessi nýja löggjöf muni hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins.

„Við störfum þegar eftir þessum reglum að mestu leyti. Við erum einnig með rekstur í Evrópu [í Tékklandi] þar sem við förum eftir Evrópusambandsreglunum

og okkar vinnureglur á Íslandi eru nokkurn veginn alveg eins.“

Leifur segir Kredia vinna að því að hefja starfsemi í enn einu landinu og stefni að því að færa sig út til enn fleiri landa næstu tvö ár.

Varðandi afkomu fyrirtækisins segir Leifur að gerð ársreiknings fyrir árið 2010 sé ekki enn að fullu lokið og því liggi rekstrar- niðurstaða ekki fyrir.

„En reksturinn í fyrra kom okkur yfir strikið og við erum mjög ánægðir með að vera búnir að ná jafnvægi í reksturinn eftir þessi þrjú ár sem við höfum starfað.“

Hitt fyrirtækið á markaðnum, Hraðpeningar, skilaði ársreikningi rétt fyrir áramót og þar kemur fram að hagnaður ársins 2010 var rúmar fjórtán milljónir.

## KALLAÐI SMÁLÁNAFYRIRTÆKI SJÓRÆNINGJA



Árni Páll Arnason, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, svaraði ekki stóru orðin um smálánafyrirtækin eftir að þau komu fyrst fram á sjónarsviðið hér á landi. Í viðtali við Stöð 2 í upphafi árs 2010 sagði hann lánveitingar smálánafyrirtækja til ungmenna á „Mörg þúsund prósentu vöxtum“ vera „síðlausa sjóræningjastarfsemi“. Hann hugðist beita sér fyrir lagasetningu til að koma böndum á starfsemi fyrirtækjanna, en þrátt fyrir að hann hafi lagt fram frumvarp um málið í fyrra er það ekki fyrir en nú sem stefnir í að löggjöfin fari í gegn.

**RÝMI** 75 ÁR  
1936-2011  
OFNASMÍÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki



15%  
nýjársafsláttur  
á hillum

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Gínur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpilát - úti og inni



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta



Erum flutt í Brautarholt 26, 105 Reykjavík, sími 511-1100 - rymi@rymi.is - www.rymi.is



# 2 lyfjaform samtímis geta skilað árangri fyrr

Margir sem vilja hætta að reykja nýta sér stuðning nikótínlyfja. Reynslan sýnir þó að sumir geta þurft meiri hjálp en aðrir. Samsett meðferð Nicorette felst í að nota saman Nicorette forðaplástur og annaðhvort 2 mg Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí eða innsogslyf.



#### Kostir lyfjaformanna sameinaðir

Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótínþörf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar“, stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmí eða innsogslyfi.

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja



Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínþörf og til að draga úr frávarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk., nikótínþörf. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan hábrjásting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Stefnt að nauðasamningum Kaupþings í vor:

## Tveir úr skilanevnd í slitastjórn Kaupþings



STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON

Tveir af þremur skilanevndarmönnum Kaupþings voru skipaðir í slitastjórn bankans eftir að skilanevndin var lögð niður um síðustu áramót. Þeir Jóhannes Rúnar Jóhannsson og Theodór S. Sigurbergsson komu inn í slitastjórnina eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur samþykkti beiðni þar um. Steinar Þór Guðgeirsson, fyrrverandi formaður skilanevndar Kaupþings, var því sá eini sem hætti störfum fyrir þrotabú bankans um síðustu áramót. Þetta kemur fram í tilkynningu á heimasíðu Kaupþings. Fyrrverandi skilanevndarmenn hjá Landsbankanum og Glitni hafa allir

formlega hætt störfum.

Eftir breytinguna er slitastjórn Kaupþings skipuð fjórum aðilum. Auk Jóhannesar og Theodórs sitja þau Feldís Lilja Óskarsdóttir og Davíð B. Gíslason í henni. Í tilkynningunni segir að fjölgunin sé „til þess fallin að styrkja slitastjórnina í þeim verkefnum sem fram undan eru“. Fréttablaðið greindi frá því í lok síðasta árs að stefnt sé að því að hefja nauðasamningaferli Kaupþings á öðrum ársfjórðungi næsta árs. Verði nauðasamningarnir samþykktir mun Kaupþing verða breytt í eignarhaldsfélag í eigu kröfuhafa bankans.

Breyta þurfti samningi um rekstur upplýsingakerfa:

## Dagsektir lagðar á Stapa lífeyrissjóð í desembermánuði

Fjármálaeftirlitið (FME) lagði dagsektir á Stapa lífeyrissjóð frá 22. desember til 26. desember á síðasta ári. Námu sektirnar 200 þúsund krónum á dag en Stapi varð við athugasemdum eftirlitsins 26. desember.

Voru sektirnar lagðar á sjóðinn þar sem Stapi hafði ekki orðið við ítrekuðum kröfum FME um úrbætur á útivistunarsamningi sjóðsins um rekstur upplýsingakerfa. Taldi FME samninginn ekki vera í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti samanber lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Krafa FME laut að aðgangi þess að upplýsingum frá hýsingaraðila sjóðsins. Þá krafðist FME þess að athuganir eftirlitsins gætu farið fram á vinnustöð hýsingaraðila en FME taldi slíkar athuganir nauðsynlegan lið í eftirliti með upplýsingakerfum sjóðsins. Lok laut krafa að skyldu hýsingaraðila til að halda skrá yfir utanaðkomandi aðila sem hefðu aðgang að tölvukerfinu.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ FME taldi samning sem Stapi hafði gert ekki í samræmi við eðlilega viðskiptahætti samanber lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stórfellt misferli og blekkingar hjá myndavélarisnum:

## Olympus kærir 19 fyrrum stjórnendur

Myndavélarisinn Olympus hefur ákveðið að kæra nítján fyrrverandi stjórnendur fyrirtækisins fyrir að skaða fyrirtækið vegna stórfellds misferlis og blekkinga í kjölfar misheppnaðra fjárfestinga. Fyrrum forstjóri og núverandi stjórnarformaður fyrirtækisins eru í þeim hópi.



ÁHYGGJUFULLUR Shuichi Takayama, stjórnarformaður Olympus, er meðal þeirra nítján fyrirverandi og núverandi stjórnenda fyrirtækisins sem hafa verið kærðir fyrir aðild að milljarða misferli sem lagði fyrirtækið nær að velli.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málið snýst um um 200 milljarða króna tap sem varð af fjárfestingum Olympus frá því á tífunda áratugnum. Stjórnendur reyndu markvisst og kerfisbundið að breiða yfir tapið og það var ekki fyrr en í október síðastliðnum sem upp komst um svikin.

Michael Woodford, sem gændi stöðu stjórnarformanns um stutta hríð, vakti athygli á málinu, en hann sagði sér hafa verið bolað úr starfi vegna aðfinnsla sinna.

Hinir kærðu eru krafðir um skaðabætur sem nema um 5,8 milljörðum, en opinberir aðilar

hafa einnig hafið rannsókn á málinu.

Gengi Olympus hrundi eftir að hneykslið kom upp, en eftir tilkynninguna í gær hækkaði gengi fyrirtækisins um 20%. -þj

# Greiddi 140 milljónir fyrir hlut í Skýrr

Skúli Mogensen keypti rúmlega 5% hlut í Skýrr í síðustu viku. Hann greiddi um 140 milljónir króna fyrir. Heildarvirði hluta í Skýrr um 2,8 milljarðar króna.

### UPPLÝSINGATÆKNI

Þóður Snær Júlíusson skrifar thordur@frettabladid.is

Fjárfestingafélagið Títan, sem er í eigu Skúla Mogensen, greiddi alls um 140 milljónir króna fyrir 5,17% hlut sem félagið eignaðist í Skýrr í síðustu viku. Kaupverðið var greitt með reiðufé. Miðað við það verð sem Títan greiddi fyrir hlutinn er heildarvirði hlutabréfa Skýrr tæplega 2,8 milljarðar króna.

Tilkynnt var um kaup Títans í Skýrr á laugardag. Þá var einnig sagt frá því að Skúli myndi setjast í stjórn Skýrr á næsta aðalfundi félagsins. Um hlutafjárakningu var að ræða og því þynntist eignarhlutur annarra eigenda Skýrr út samhliða kaupum Títans. Framtakssjóður Íslands (FSÍ) er eftir sem áður langstærsti einstaki eignandi Skýrr með um 75% eignarhlut. Til viðbótar eru um 40 aðrir hluthafar í félaginu.

Skúli segir kaupin koma í kjölfar þess að Skýrr keypti allt hlutafé í Thor Data Center í nóvember, en hann átti 33,7% hlut í því félagi. „Það má eiginlega segja að ég hafi kynnst Skýrr almennilega í viðræðunum um Thor Data Center sem leiddi til þess að ég tók þá ákvörðun að fjárfesta í félaginu. Það kom mér skemmtilega á óvart hvað það hafði náð miklum árangri á skömmum tíma.“ Spurður um hvort til greina komi að auka við eignarhlut sinn í Skýrr segist Skúli alls ekki vilja útloka það.

Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr, segir kaup Títans ekki tengjast viðskiptunum með gagnaverið Thor Data Center að öðru leyti en að aðilar hafi kynnst í gegnum þær viðræður. Hlutfjárakningin í Skýrr nú sé ekki hluti af greiðslu fyrir hluti í Thor, fyrir það félag hafi verið greitt með reiðufé. Gestur vill þó ekki gefa upp kaupverðið á Thor. „Að ósk seljenda höfum við ekki gefið það upp. Við höfum þó látið hafa eftir okkur að kaupin hafi verið hagkvæmari en að fara út í eigin uppbyggingu á svona þjónustu. Verðmiðinn var lægri en kostnaðarmat á eigin uppbyggingu. Þar skipti miklu máli að það voru komnir inn bæði innlendir og erlendir viðskiptavinir.“

Thor Data Center tapaði 146 milljónum króna á árinu 2010 samkvæmt ársreikningi sem félagið birti í nóvember í fyrra. Í lok þess árs var eigið fé félagsins um 330 milljónir króna og skuldur þess um 48 milljónir króna. Félagið átti um 12,3 milljónir króna í lausafé í lok árs 2010.

Stjórn Thor Data Center veitti



UMSVIFAMIKILL Skúli Mogensen hefur verið mjög sýnilegur í íslensku viðskiptalífi síðustu ár. Félag hans hefur meðal annars fjárfest í MP banka, WOW Air, Carbon Recycling International, Securitas og CAOZ á síðustu misserum. fréttablaðið/Valli

### STÆRSTA UPPLÝSINGA-FYRIRTÆKI LANDSINS



GESTUR G. GESTSSON

4.850 milljónir króna fyrir 79% hlut í Teymi (Vodafone og Skýrr) og 100% hlut í Plastprenti. Hann tilgreindi ekki hvað var greitt fyrir hvert félag.

Skýrr er stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins og á meðal þeirra tíu stærstu á Norðurlöndunum. Hjú fyrirtækinu starfa um 1.100 manns, þar af um 600 á Íslandi og um 500 í Noregi, Svíþjóð og Lettlandi. Velta Skýrr á árinu 2011 var um 24 milljarðar króna.

Skýrr komst í eigu Framtakssjóðs Íslands í lok árs 2010 þegar sjóðurinn keypti dótturfélag Landsbankans, Vestia, fyrir ótilgreinda upphæð. Skýrr var þá hluti af Teymis-samstæðunni sem var skipt upp í tvö sjálfstæð félög í fyrra, annars vegar fjarskiptafyrirtækið Vodafone og hins vegar upplýsingatæknifyrirtækið Skýrr.

Í kynningu sem Finnbogi Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri FSÍ, hélt í síðustu viku kom fram að FSÍ hefði greitt samtals

félaginu heimild til að taka víkjandi skuldabréfalán að samantlagðri fjárhæð allt að 150 milljónum króna í byrjun september 2011. 1. nóvember 2011 var hlutafé Thor síðan aukið um 100 milljón-

ir króna. Hluthafar greiddu fyrir aukninguna með því að breyta víkjandi skuldabréfum í nýja hluti. Skömmu síðar var Thor selt til Skýrr fyrir ótilgreinda upphæð.

55 milljóna króna velta með bréf í Högum í gær. Lokuðu í 17,15 :

## Hlutabréfaverð Haga á uppleið

Verð á hlutabréfum Haga hækkaði um 1,78 prósent í gær og stóð í 17,15 krónum á hlut við lokun. Hefur verð bréfanna aldrei verið hærra en þau voru skráð í Kauphöllina í kjölfar útboðs á genginu 13,5 í desember. Velta með bréf í Högum var tæpar 55 milljónir króna í gær.

Einnig voru talsverð viðskipti með hlutabréf í Marel í Kauphöllinni í gær en velta nam tæpum 75 milljónum króna. Hækkaði verð bréfanna um 0,39 prósent og stendur í 128,5 krónum á hlut.

Heildarvelta í Kauphöllinni í gær var 143,6 milljónir króna og hækkaði úrvalsvísitalan OMXI6 um 0,91 prósent. Hún stendur nú í 938,45 stigum en var 910,31 stig um áramótin.



FINNUR ÁRNASON, FORSTJÓRI HAGA



**Upplýsingar** er varða umferðaröryggi er að finna undir flípanum umferðarfréttir á vef Umferðarstofu, us.is, en þangað er gott að líta inn þegar veðrið er eins og verið hefur og kynna sér hugsanlegar lokanir og ófærð. Síðan er uppfærð með reglulegu millibili.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

## Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali



**Til dæmis:**  
Teg: 23007/221 • Litur: svart  
Stærðir: 40 - 47 • Verð: 16.975.-

*Misty skor*  
Laugavegi 178

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
www.mistyskor.is

Sími 551 2070  
Opíð mán.-fös. 10-18.  
Opíð á laugard. 10-14.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

## Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg - Hljóðlát  
Stórt op > auðvelt að hlaða  
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur  
heitt og kalt vatn Afkastamikill  
þurrkari >



**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Sleðahundakeppni Íslands verður í Kjarnaskógi 21. og 22. janúar. Fleira er fram undan í þeirri íþrótt.



MYND/HELGI STEINAR

## Brunað á sleðum yfir snjóbreiður og hjarn

Keppni í sleðahundadrætti er nýtt sport hér á landi. Ein slík verður haldin um aðra helgi í Kjarnaskógi við Akureyri á vegum Draghundasports og Icehusky.is. Barnakeppni verður föstudaginn 20. janúar við Skautahöllina á Akureyri þar sem börn keppa með einn til tvo hunda.

Birgir Hólm Þórhallsson verður meðal keppenda í Kjarnaskógi. Hann á tvo Siberian Huskyhunda,

ásamt kærustunni, og fær fleiri lánaða til að beita fyrir sleða. „Huskyhundur eru mjög sterkar skepnur. Þeir eru um 20-30 kíló að þyngd að meðaltali og eiga að geta dregið þrefalda þyngd sína,“ segir Birgir. Hann telur allar hundategundir geta dregið og segir þær allar jafngildar í keppnum. Hann reynir að þjálfa sína hunda á hverjum degi og segir bæði um sumar- og vetrarsport að ræða. „Þegar ekki er snjór draga hund-

arnir fólk á reiðhjólum, hlaupahjólum eða fjórhjólum. En þá þarf að þræða göngustíga og aðra slóða. Það er meira frelsi við að bruna á sleðum yfir snjóbreiður og hjarn.“ Áhugi Birgis á dráttarhundum vaknaði fyrir þremur árum. „Ég var ekkert að pæla í þessu sporti en kynntist fólki sem var með svona hunda og lét þá draga sig. Kærustuna langaði í hund og

FRAMHALD | 2



friendtex



**ÚTSALA**  
ALLT AÐ 70 %  
AFSLÁTTUR

SOO.DK  
BARNAFÖTIN  
SELD MEÐ 40%



NÚ ER BARA HÆGT AÐ  
GERA GÓÐ KAUP

Opunartími:  
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugardaga 11.00-14.00

Bonito ehf. Friendtex  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Snælandsskóla við Furugrund

## NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2012

### Tungumál

10 vikna námskeið  
20 kennslustundir  
Áhersla á talmál  
Kennir er í byrjenda -  
framhalds -  
og talæfingaflokkum

ENSKA  
DANSKA  
NORSKA  
SÆNSKA  
FRANSKA  
ÍTALSKA  
SPÆNSKA

### Íslenska

fyrir útlendinga I - V  
10 vikna námskeið  
60 kennslustundir

### Icelandic

for foreigners I - V  
10 week courses  
60 class hours

### Kurs języka islandzkiego

dla obcokrajowcow I - V  
Kurs10-tygodniowy  
60 godzin lekcyjnych

### Verklegar greinar

Bókband  
Fristundamálun  
Silfursmíði  
Skrautritun  
Trésmíði  
Útskurður

### Tölvunámskeið

Fingrasetning  
Tölvunám I  
Tölvunám II

### Matreiðslunámskeið

Bakað án hveitis og sykurs  
Gómsættir bauna - pasta - og grænmetisréttir  
Frönsk matargerð heimilismatur með suðrænu ívafi  
Ítölsk matargerð  
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð  
Matargerð fyrir karlmenn

### Saumanámskeið

Fatasaumur/  
Barnafatasaumur  
Skrautsaumur  
Baldering  
Skattering  
Þjóðbúningur -  
saumaður

Ath. Starfsmenntunarsjódir ýmissa stéttarféлага styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

### Prjón og Hekl

Prjónanámskeið  
Frágangur á prjóni  
Hekl

Innritun og upplýsingar: <http://kvoldskoli.kopavogur.is> og í síma 564 1507



**Mannbroddar eru mikið öryggistæki** fyrir gangandi vegfarendur og auðvelda mörgum eldri borgurum að komast leiðar sinnar áfallalaust. Algengustu mannbroddarnir eru með litlum göddum og henta vel í þunnri ísingu. Grófir broddar eru betri þegar um er að ræða mikinn snjó og þykkán ís.

**Rafstilling ehf**

Viðgerðarþjónusta Varahlutir

Startarar Alternatorar

Flottar og ódýrar bilaperur

Heimilis LED perur white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

# ÚTSALA

allt að **50%** afsláttur

[www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)  
Sendum frítt úr vefverslun

**Lin DESIGN**

Lin Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 [www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)

## VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

**Nýtt námskeið hefst 13. janúar**

**Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.**  
**Eco Driving**

UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414

## TÍSKA

**Sölufulltrúar:**  
Jóna María [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473  
Brynja Dan [brynjadan@365.is](mailto:brynjadan@365.is) 512 5465  
Snorri [snorris@365.is](mailto:snorris@365.is) 512 5457

## Víkka út sjóndeildarhringinn

Tölvuleikjafyrirtækið **Locatify** er komið í samstarf við ýmsa erlenda ferðþjónustuaðila um hönnun og framleiðslu á leiðsöguforritum í síma og tölvur. Innlendum aðilum stendur eins þjónusta til boða.

Íslenska tölvuleikjafyrirtækið **Locatify** hefur undanfarið verið að hanna leiðsöguforrit í snjallsíma og spjaldtölvur fyrir erlenda ferðþjónustuaðila. GPS-staðsetningahnit í forritunum gera notendum kleift að hrinda sjálfkrafa af stað kortum, myndum og fleiru frá vissum svæðum.

„Upphaflega bjuggum við til eigið forrit af suðvesturhorni Íslands í tilraunaskyni og settum á markað haustið 2010. Það var stílað inn á erlenda ferðamenn á leið til landsins og gaf glögga mynd af því sem þeirra beið. Forritinu var svo vel tekið að við bjuggum til kerfi, eins konar undirstöðu sem ferðþjónustuaðilar geta nú byggt ofan á, gefið sjálfir út og notað til að kynna sína starfsemi,“ útskýrir Leifur Björn Björnsson, leikjahönnuður og annar stofnandi **Locatify**.

Að hans sögn er **Locatify** þegar komið í samstarf við ferðþjónustuaðila í Þýskalandi, Noregi, Færeyjum, á Grænlandi, Englandi og víðar um framleiðslu á forritum sem veita leiðsögn um þarlend svæði. Stærri markaðir séu í sigtinu og sá innlendi verði ekki undanskilinn frá þjónustunni. „Við bjóðum nú ferðþjónustuaðilum um land allt að setja eigið efni, ljósmyndir, kort, hljóðupptökur og aðrar upplýsingar í þetta format og gefa út með okkar aðstoð. Og ef með þarf getum við vísað á ljósmyndara, upptökumenn og aðra verktaka.“

Þá segir Leifur fyrirtækið enn fremur vera að þróa ratleiki í snjallsíma sem byggja á sama grunni og leiðsöguforritin. „Þá birtast á skjánum kort, spurningar, áskoranir og fleira sem tengist staðsetningu,“ upplýsir hann



Leifur Björn Björnsson og Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir hjá fyrirtækinu **Locatify**, sem hanna leiðsöguforrit og ratleiki fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Nýverið sendi fyrirtækið frá sér leiðsöguforrit, **SmartGuide North Atlantic**, sem veitir upplýsingar um Noreg, Grænland og Reykjanesið. Það má nálgast á App Store.

og tekur sem dæmi ratleik gerðan í samvinnu við Kötlú Jarðvang, jarðvanga í Eistlandi og Noregi, Menntaskólann í Kópavogi og Háskólann í Stafangri þar sem áhersla er á hópefli og vettvangsferðir nemenda á ýmsum skólastigum. „Þeir læra um staðarhætti með því að leysa þrautir á staðnum.“

Spurður hvar megi nálgast for-

ritin segir hann ferðþjónustuaðila geta haft samband og sótt um aðgang að kerfinu á heimasíðu **Locatify** á slóðinni [locatify.net](http://locatify.net). „Leiðsagnirnar getur almenn-ingur hins vegar sótt í vefverslun Apple, App Store, og bráðlega á Google Market. Sumar eru ókeypis en aðrar kosta allt frá einni og upp í fimm evrur eftir stærð og umfangi.“

[roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)



Birgir Hólm er mikill áhugamaður um dráttarhunda og reynir að fara út að æfa þá á hverjum degi árið um kring. MYND/HELGI STEINAR

Framhald af forsíðu

við ákváðum að velja þessa tegund,“ segir Birgir. Hann segir þá Huskyhunda sem hann þekki hinar gæfustu skepnur. „Dóttir okkar er tveggja og hálfis árs og hún skríður ofan á hundunum, tekur dótið þeirra og færir til matinn þeirra og þeir láta sér

það allt vel líka. Ég held að kvikmyndir hafi komið þeirri hugmynd inn hjá fólki að þeir séu hættulegir.“

Sleðahundafélag Íslands var stofnað á síðasta ári. Það heldur Íslandsmeistararamót í annað sinn í mars á Mývatni. Auk sleðadráttar verður þar í fyrsta sinn keppt um Íslandsmeistararitil í að hundar dragi fólk á gönguskíðum. Það

telst líka til tíðinda hjá félaginu að tvær konur eru á leið til Ítalíu í febrúar að dæma í Evrópumeistarakeppni hreinræktaðra hunda sem fram fer í Ölpunum. Á síðasta ári sóttu þær dómaramámskeið á sömu slóðum og verða trúlega fyrstu Íslendingarnir til að taka að sér dómgæslu á móti erlendis.

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

# NÝIR BÍLAR

MÍÐVIKUDAGUR 11. JANÚAR 2012

Kynningarblað

Hugmyndabílar  
Tryggingar  
Bílasölur  
Bílalán  
Glæsileiki  
Nýjungar

## Byrjum árið á stórra bíla- sýningu eins og endranær

Bílasýning verður laugardaginn 14. janúar hjá öllum söluaðilum Toyota á Íslandi, á Nýbýlaveginum í Kópavogi, í Reykjanesbæ, á Selfossi og á Akureyri. Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota, er bjartsýnn á nýju ári.

Við byrjum árið á stórra sýningu eins og endranær. Þar leggjum við aðaláherslu á breyttan Avensis sem er að koma og svo Yarisinn og Land Cruiserinn,“ segir Páll Þorsteinsson upplýsingafulltrúi Toyota. Nýtt ár boðar ný tækifæri í hans huga. Hann segir 2011 hafa verið ár viðsnúnings þar sem stöðug aukning hafi verið í sölu. Land Cruiser 150 hafi selst jafnt og þétt og farið í 213 eintökum á síðasta ári. „Fólk sem á pening sér góða fjárfestingu í þeim bíl enda reynist hann mjög vel,“ segir hann.

Það var þó Yarisinn sem toppaði Toyotasölu á Íslandi á síðasta ári með 214 eintökum eða einu fram yfir Land Cruiserinn. „Nýi Yarisinn kom til okkar í nóvember. Þá gerðist það að smærri bílar fóru að seljast í einhverju magni til einstaklinga. Það var eins og hefði verið tekinn tappi úr flösku og hátt í hundrað bílar hafa selst á tveimur mánuðum,“ upplýsir Páll.

Páll segir nýja Yarisinn óvenju vel búinn af smærri bíl að vera og lýsir því nánar. „Það er nýtt kerfi í honum sem heitir Touch & Go. Aksturstólva, bakkmyndavél og þráðlaus búnaður fyrir síma er staðalbúnaður í þessu kerfi en leiðsögukerfi með íslenskum kortum er valbúnaður. Þannig að þetta er dálítið mikil græja,“ segir Páll og bendir á að höfuðborgarsvæðið sé orðið svo stórt að fólk veiti ekkert af leiðsögukerfi til að komast um það vafningalaust. Toyota Touch & GO veiti sannarlega þann möguleika. „Toyota



Land Cruiser 150 við útfall Jökulsár á Breiðamerkursandi. Jeppi sem hentar Íslendingum vel enda er hann vinsæll.

„Bílamarkaðurinn hefur verið á uppleið hér á landi og sömu þróun er spáð á þessu ári.“


kynnir þetta leiðsögukerfi fyrst í Yarisnum svo er það að detta inn í fleiri nýja bíla,“ segir hann.

Margt fleira er að gerast hjá Toyota á árinu, að sögn Páls sem drepur á nokkur atriði. „Það er að koma endurbætt-

ur 200 Cruiser – stóri Cruiserinn, með auknum búnaði, leiðsögukerfi með íslensku vegakorti og nýrri bensínvél. Þá er ný gerð af Prius væntanleg, nokkuð stærri og rúmbetri en sá Prius sem við þekkjum best, enda ber

hann heitið Prius+. Báðar gerðirnar verða í sölu, sá hefðbundni er fimm manna en Prius+ er sjö manna bíll, ekta fjölskyldubíll.

„Bílamarkaðurinn hefur verið á uppleið hér á landi og sömu þróun er spáð á þessu ári,“ segir Páll. „Við finnum að það er að losna um allt. Það er eins með bílana og fasteignirnar. Það koma 4.000 manns nýir inn á hverju ári og aðrir hafa þörf fyrir að endurnýja.“



### HUGARFÓSTUR FORSTJÓRANS

Nýr sportbíl sem nefnist GT 86 er væntanlegur í sumar. Hann er hugarfóstur hins nýja forstjóra Toyota sem hefur ástríðu fyrir bílum, enda er einn þeirra sem stofnaði Toyota forfaðir hans. Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota, segir um skemmtilegan akstursbíl að ræða. „GT 86 er fallegur bíll og skemmtilegur. Svona sportbíl hefur vantað hjá Toyota undanfarin ár enda finn ég að bílaáhugamenn eru spenntir fyrir honum,“ segir hann. Spurður hvort GT 86 sé sparneytnari en aðrir sportbílar svarar Páll: „Ég hef ekki heyrt eyðslutölur fyrir hann. „En menn eru alltaf með þá pressu á sér að búa til sparneytna bíla og umhverfisvæna, meira að segja í sportbílunum,“ segir Páll. „Það eru miklar kröfur um það.“



### Enn betri Avensis

Toyota Avensis er að koma út í nýrri og endurbættri útgáfu. „Þetta er kannski ekki alveg ný kynslóð af Avensis en hann er talsvert breyttur,“ segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota, og nefnir endurbætta fjöðrun og stýrisbúnað, aukna hljóðeinangrun og endurhönnun á sætum og mælaborði. Hann segir útlitsbreytingar hafa verið gerðar, sérstaklega framan á bílnum og setji ný ljós sterkan svip á hann. „Dísilvélin er líka umhverfisvænni en áður, án þess að fórnna krafti, þar sem dregið hefur verið úr útblæstri koltvísyrings.“

Páll segir Toyota Avensis vinsælan fjölskyldubíll, enda sé hann rúmgóður, þægilegur og sprækur.



Fágun í hönnun, þægindi og öryggi einkenna Avensis.

# Spennandi, vandaðir fararskjótar

Það eru spennandi tímar fram undan hjá aðdáendum BMW, Land Rover og Range Rover á Íslandi. Ekki skemmir fyrir að framleiðendur þessa heimsþekktu bifreiða hafa mætt landsmönnum á miðri leið þegar kemur að buddunni. Á næstunni verða stórsýningar hjá Ingvari Helgasyni og B&L.

Það eru alltaf stórtíðindi þegar BMW kynnir til sögunnar nýjan Þrist, enda hefur BMW 3 verið í vörulínu bílaframleiðandans frá því snemma á áttunda áratugnum og jafnan mikill spenningur fyrir nýrri kynslóð hans á markaði,“ upplýsir Karl S. Óskarsson, sölustjóri BMW og Land Rover hjá Ingvari Helgasyni og B&L.

Þar á bæ verður blásið til stórsýningar á nýja Þristinum í marsmánuði, sem og annarri kynslóð af 1-línunni sem fyrst var kynnt til sögunnar 2004.

„Í Ás og Þristi leggjum við áherslu á dísilvélur því þótt olía sé nú dýrara eldsneyti en bensín hafa breytingar á vörugjöldum gert dísilvélur að mun fýsilegri kosti. Þá hefur BMW náð ótrúlegum árangri í dísilvélum og eyðslutölur orðnar hlægilega lágar, með allt niður í 4,4 lítra í blönduðum akstri.“

Karl segist finna greinileg batamerki á sölumarkaði nýrra bifreiða. Hann segir BMW-jepplingana X3 og X5, sem kynntir voru landsmönnum í fyrra, hafa fengið afbragðs viðtökur og nú bindi hann vonir við að fólksbílamarkaður hressist með hækkandi sól, enda sterk undiraldin í sölu á vönduðum, nýjum fólksbílum frá mánuði til mánaðar.

„Eftir svimandi verðhækkunir á nýjum bílum í kjölfar bankahrunsins 2008 höfum við mætt miklum skilningi bílaframleiðanda okkar ytra og þeir komið til móts við okkur með mun hagstæðara verð sem við skilum að sjálfsögðu beint til kaupenda,“ upplýsir Karl.

Um aðra helgi, laugardaginn 14. janúar, stendur Ingvar Helgason og B&L fyrir stórsýningu á Land Rover Discovery, Land Rover Defender og Range Rover Evoque, sem snobbkryddið Victoria Beckham hannaði innréttinguna í.

„Evoque er gríðarfallegur bíll og algjörlega ferskur og framandi í útliti. Hann er hlaðinn fburði og lúxus, með mjúku hanskaleðri í sætum og mælaborði, og



Hér hallar Karl S. Óskarsson, sölustjóri BMW og Land Rover, sér að Land Rover Defender, en við hlið hans stendur Range Rover Evoque, sem var hannaður að hluta til af snobbkryddinu Victoríu Beckham. MYND/GVA

LED-lýsingu þar sem velja má bláa, rauða, bleika eða fjólubláa innilýsingu. Evoque er einn örfárra á borði hugmyndabíla heimsins sem orðið hafa að veruleika og er nú kominn á markað,“ segir Karl um lúxusjeppann Evoque sem vafalaust mun höfða til margra fagurkera.

Hann segir að sýndar verði nýju S, SE og HSE-gerðirnar af Land Rover Discovery.

„Við höfum við einnig náð afar góðum

samningum á jeppum sem njóta æ meiri athygli þeirra sem horfa til þess að kaupa sér dýrari og vandaðri jeppa. Discovery-línan er gríðarlega vel búin og má nefna að S-gerðin, sú ódýrasta, er 210 hestöfl og 6 strokka, með 8 gíra sjálfskiptingu, háu og lágu drifi, loftþúðafjöðrun og á kostaverði miðað við öflugan búnað,“ upplýsir Karl sem einnig sýnir nýjustu útgáfu Land Rover Defender sem fyrst kom á mark-

að fyrir 64 árum og hefur lítið breyst í tímans rás.

„Nú hefur Land Rover tilkynnt að Defender fái nýtt útlit innan tveggja ára, og verður mikil eftirsjá að þessum vinsæla farkosti björgunarsveita og bílaleiga landsins. Þetta er enda einstakur jeppi, byggður á gömlum gildum og afar traustur farkostur, sem skýrir látlausar vinsældir hans meðal íslenskra jeppaeigenda.“

## Atvinnubíla- og fyrirtækjapjónusta

Þótt Jóhann Berg Þorgeirsson, söluráðgjafi hjá fyrirtækjapjónustu Ingvars Helgasonar og B&L, hafi bæst í hóp afbragðs starfsmanna fyrirtækisins um nýliðin áramót, er hann þó langt í frá nýr í faginu.

„Ég hef 35 ára reynslu í sölu á nýjum bílum og tækjum, og starfaði lengst af hjá Ingvari Helgasyni og Bifreiðum og landbúnaðarvélum,“ útskýrir Jóhann sem miðlar atvinnurekendum sem leita til IH og B&L af sannri reynslu þegar kemur að nýjum farkosti.

„Á árunum fyrir hrún bílamarkaðsins var B&L með afar öfluga atvinnubíladeild og hefur bílaframleiðandinn Renault verið árum saman með söluhæstu sendibíla landsins. Mitt aðalstarf er að þjónusta jafnt stór sem smá fyrirtæki við endurnýjun bíla og skipulagningu flotans. Það mikla framboð bíla sem umboðið hefur að bjóða gerir okkur að einum besta valkosti sem fyrirtækjum stendur til boða í dag,“ útskýrir Jóhann.

Eftir sameiningu fyrirtækjanna árið 2009 voru kraftar sameinaðir í fyrirtækja- og flotasölu.

„Árangurinn hefur ekki látið á sér standa og í fyrra varð fyrirtækið næststærst á flotamarkaði, með tæplega 500 bíla selda. Við ætlum að efla atvinnu- og fyrirtækjapjónustu okkar í takt við væntanlegan vöxt á markaði með því að efla þjónustu við smærri sem stærri fyrirtæki,“ segir Jóhann sem sinnir af alúð þjónustu við fyrirtæki og þeirra óskir.

„Á næstunni kynnum við til sögunnar nýja rekstrarleigu, og bjóðum fyrirtækjum nú þegar þjónustuna Léttskoðun sem er endurgjaldslaust, reglubundið eftirlit sem léttir undir með rekstri fyrirtækjabíla.“



Jóhann Berg Þorgeirsson býr yfir 35 ára reynslu í sölu nýrra bíla og tækja hjá Ingvari Helgasyni og Bifreiðum & landbúnaðarvélum. MYND/GVA



Bjarni Benediktsson er nýr aðstoðarframkvæmdastjóri þjónustuviðs Ingvars Helgasonar og B&L, þar sem rekið er eitt fullkonnasta fólksbílaverkstæði landsins. MYND/GVA

## GERUM GOTT ENN BETRA, ÖLLUM TIL GÓÐA

Bjarni Benediktsson er nýr aðstoðarframkvæmdastjóri þjónustuviðs hjá Ingvari Helgasyni og B&L. Hann segir fyrirmyndarþjónustu vera í brennidepli hjá fyrirtækinu sem aldrei fyrr.

„Þjónusta er einn af lykilþáttunum þegar kemur að vali á nýjum bíl, ekki síst til atvinnureksturs. Rekstraröryggi þarf að vera tryggt og þjónustan stöðug og fyrirsjáanleg,“ útskýrir Bjarni á einu fullkonnasta fólksbílaverkstæði landsins, sem búið er öllum þeim tæknibúnaði sem nýjustu bílarnir krefjast.

„Við reukum í raun hátæknisjúkrahús bílavíðgerða. Neyðarþjónusta er starfrækt allan sólarhringinn árið um kring og einnig reukum við litla bílaleigu sem getur gripið inn í ef bílar eru stopp hjá viðskiptavinum,“ upplýsir Bjarni sem þekkir vel til í bílabransanum, því áður var hann framkvæmdastjóri þjónustuviðs Bifreiða & landbúnaðarvéla.

Hann segir bílaflota landsins hafa elst hratt frá árinu 2008 og slíkt kalli á nýjar áherslur og lausnir.

„Í dag kemur til okkar í þjónustu mun hærra hlutfall bíla sem ekki eru lengur í ábyrgð. Þannig höfum við sótt fram í varahlutum sem koma ekki beint frá bílaframleiðendum og náð að lækka varahlutaverð umtalsvert, þótt ávallt sé hugað vel að gæðum. Til að tryggja góða þjónustu koma varahlutir til okkar frá birgjum um allan heim á lágmarkstíma, enda okkar markmið að gera gott enn betra og fylgja þannig eftir metnaði okkar, öllum til góða.“



Hyundai i30



Hyundai i40

# Tveir nýir frá Hyundai og ný fólksbílalína frá Renault

Í vetur koma tveir nýir bílar til landsins úr smiðju Hyundai. Annars vegar fólksbíllinn i30 og hins vegar i40 sem tekur við af Hyundai Sonata. Þá kynnr Ingvar Helgason nýja fólksbílalínu frá Renault í janúar. Meðal annars hinn rúmgóða Renault Megane III Sport Tourer.

Tveir nýir bílar frá Hyundai koma til landsins nú í vetur. Þetta eru annars vegar ný kynslóð af fólksbílum i30 og hins vegar glænýr bíll frá Hyundai sem heitir i40,“ segir Bjarni Sigurdsson, sölustjóri Hyundai og Renault hjá Ingvari Helgasyni og B&L.



#### Vinsæll bíll

i30 er að sögn Bjarna frábær bíll í alla staði. „Hann kemur í stað hins mjög svo áreiðanlega i30 bíls sem við höfum selt í miklu magni undanfarin ár,“ segir Bjarni. Hin nýja útgáfa hefur fengið fágáð útlit en aðrar breyting-

ar er ný 1,6 dísilvél sem skilar 126 hestöflum. „Þrátt fyrir að vélin sé stærri mengar hún innan við 100g sem er besti árangur hjá nokkrum bílaframleiðanda í þessum stærðarflokki með þetta öfluga vél,“ upplýsir Bjarni. Hann segist bíða í ofvæni eftir að kynna nýja i30 til sögunnar en verðið verður frá 3.090.000 krónur miðað við núverandi forsendur.

#### i40 í stað Sonata

i40 er nýr bíll frá Hyundai sem kynntur verður til sögunnar í vetur. „Hyundai i40 tekur við af hinum mjög svo lofaða Hyundai Sonata, bíll sem fyrir löngu hefur sannað ágæti sitt og endingu meðal annars hjá leigubílstjórum,“ segir Bjarni. Hann telur i40 setja ný viðmið hjá Hyundai hvað varðar hönnun og glæsileika. „Þetta er bíll fyrir vandláta.“

Uppgefin eyðsla á sjálfskiptum i40 með 136 hestafla dísilvél er ekki nema 5,1 lítri á hverja 100 km í langkeyrslu en beinskiptur fer hann í 4,1 lítra og mengar ekki nema 119g.

#### Ný fólksbílalína Renault

Ingvar Helgason og B&L kynnr nýja fólksbílalínu Renault laugardaginn 14. janúar næstkomandi.

„Þar ber helst að nefna hinn rúmgóða Renault Megane III Sport Tourer en það er þriðja kynslóð af skutbílalínunni af Megane,“ segir Bjarni. Nýi bíllinn er nokkuð

stærri en forverinn og er þarna á ferðinni fjölskyldubíll með miklu skottplássi. „Lítill eyðsla, hagstætt verð og mikið rekstraröryggi gerir þetta líklega að bestu bílakaupunum í dag,“ útskýrir hann.

Eyðslan á sjálfskiptum dísilskutbíl er uppgefin aðeins 3,7 lítrar á hverja 100 km í langkeyrslu.

„Eftir okkar bestu upplýsing-

um er hún sú lægsta sem þekktist hjá nokkrum sjálfskiptum bíl í þessum flokki,“ segir Bjarni og bætir við að bíllinn mengi lítið eða 110g, sé þar með visthæfur bíll hjá Reykjavíkurborg og fái því frítt í staði ásamt því að greiða einungis lámarks bifreiðagjald eða 5.000 kr. tvisvar á ári. Sjálfskipt útgáfa bílsins kostar 3.690.000 kr. sem þykir afar hagstætt. „Til stóð að kynna bíllinn mun fyrr en þar sem allir bílar seldust áður en þeir komu til landsins var ákveðið að bíða með það þar til nægjanlegt magn væri komið í framleiðslu fyrir okkur til að anna eftirsurn.“



Renault Megane III Sport Tourer

# Spennandi nýjungar í boði

Nokkrar nýjungar verða í boði hjá Subaru og Nissan þetta árið. Subaru XV sportjeppeinn er glæsilegur á að líta og umhverfisvænn. Þá er von á nýjum dísilvélum í Nissan Qashqai í febrúar. Rúnar Bridde sölustjóri veit meira.

Nú í febrúar er væntanlegur til landsins nýr og spennandi fjórhjóladrifsbíll frá Subaru. Þetta er tímamótabíll sem er enn ein skrautfjöðrin í hatt Subaru sem er þekkt fyrir mikil gæði og áreiðanleika,“ segir Rúnar Bridde, sölustjóri Subaru og Nissan hjá Ingvari Helgasyni.

Bíllinn sem um ræðir ber nafnið XV og flokkast sem eins konar sportjeppe. „Subaru XV er mjög umhverfisvænn og er CO<sub>2</sub> útblástur ekki nema 153 g/km sem þykir mjög lágt fyrir bíl með 2,0 lítra bensínvél, sjálfskiptur og fjórhjóladrifinn,“ segir Rúnar og bætir við að eldsneytiseyðsla sé einkar lág, eða aðeins 6,6 lítrar í blönduðum akstri.

„Subaru XV verður boðinn hér á Íslandi með ríkulegum búnaði og má sem dæmi nefna bakkmyndavél, VDC-skriðvörn, 17“ ál-



Rúnar Bridde, sölustjóri nýrra bíla.

felgur, fullkominni og nýrri CVT stiglausri skiptingu sem lágmarkar eldsneytiseyðslu, Bluetooth-símabúnaði og svo mætti lengi telja,“ telur Rúnar upp. Hann segir athygli vekja hve veghæð bílsins sé mikil, en hún er 22 cm, sem sé það mesta sem þekktist í þessum flokki bíla. „Það er því ljóst að Subaru XV er eins og sérsniðinn fyrir íslenskar aðstæður,“ segir hann.

Áætlað söliverð á Subaru XV, ríkulega búnum, er um 5,6 milljónir.

#### Spennandi dísilvélar

Von er á nýjum og mjög spennandi dísilvélum í Nissan Qashqai nú í febrúar og mars á þessu ári. „Stærsta nýjungin frá Nissan á þessu ári er gríðarlega öflug og sparneytin 1,6 lítra dísilvél sem skilar 130 hestöflum og 320 NM í togi en það gerir hana að kraftmestu 1,6 lítra dísilvél í heiminum,“ segir Rúnar og



Subaru XV

bætir við að þrátt fyrir þetta sé vélin einkar umhverfisvæn. CO<sub>2</sub> útblástur sé ekki nema 135g og eldsneytiseyðslan einungis 5,1 lítri í blönduðum akstri. „Það er sérlega lágt miðað við fjórhjóladrifinn jeppeing.“

Qashqai verður í boði með þessa vél í SE útfærslu sem er mjög ríkulega búinn bíll. „Rúsinan í pylsuendanum er svo verðið en beinskiptur Nissan Qashqai SE 1,6 dCI mun kosta aðeins 4.990.000 krónur.

Í lok mars verður kynntur Nissan Qashqai með nýrri og endurbættri 2,0 lítra dísilvél í sjálfskiptri SE útfærslu. Sem fyrr er verðið hagstætt, 5.990.000 krónur sem er hagstæðasta verð á sjálfskiptum dísiljeppeing í dag að sögn Rúnars. Meðal staðalbúnaðar í Nissan Qashqai má nefna bakskynjara, handfrjálsan Bluetooth-símabúnað, litaðar afturrúður, stillanlegt fjórhjóladrif, tvískipta sjálfvirka tölvustýrða loftkælingu og margt fleira.



Nissan Qashqai



# Nýjar hugmyndir kynntar í Detroit

Alþjóðlega bílasýningin í Detroit í Bandaríkjunum hófst í vikunni og stendur fram til 22. janúar. Bílasýningin er ein sú stærsta í Bandaríkjunum enda á hún sér langa sögu. Fyrsta bílasýningin í Detroit fór fram árið 1907.

**B**ílaframleiðendur virðast leggja mesta áherslu á blendingsbíla og rafmagnsbíla en í vikunni verða margir slíkir kynntir til sögunnar. Svokallaðir hugmyndabílar vekja ávallt mikla at-

hygli enda eru þeir oft íburðarmikilir á að líta enda fátt til sparað. Oftar en ekki fara þeir þó ekki óbreyttir á göturnar. Hér má sjá nokkra hugmyndabíla sem kynntir voru á fyrstu dögum bílasýningarinnar.



Smart For Us hugmyndabíllinn var einn af fjölmörgum bílum sem kynntir voru til sögunnar á fyrsta degi bílasýningarinnar í Detroit. Sýningin verður opin almenningi frá 14. til 22. janúar.

NORDICPHOTOS/AFP



BMW i8.



Volkswagen E-Bugster.

## Þú velur þann bílasamning sem hentar þér

**Viðskiptavinir eiga að hafa val.** Landsbankinn býður óverðtryggða bílasamninga með föstum vöxtum og hagstæð kjör á verðtryggðum og óverðtryggðum bílasamningum með breytilegum vöxtum.

- 8,95%** Óverðtryggðir Fastir vextir
- 8,55%\*** Óverðtryggðir Breytilegir vextir
- 7,80%\*** Verðtryggðir Breytilegir vextir

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.

\*Vildarkjör til Vörðufélaga og núverandi viðskiptavina Bíla- og tækjafjármögnunar.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Rolls Royce fyrir utan lúxushótel í Sjanghæ í Kína.

NORDICPHOTOS/AFP

### ROLLS ROYCE RÝKUR ÚT

**Kreppan hefur** haft lítil áhrif á bílaframleiðandann Rolls Royce. Sölutölur síðasta árs eru hærri en nokkru sinni og því ljóst að auðjöfrar um heim allan ásælast þessar glæsibifreiðar sem aldrei fyrr. Í fyrsta sinn í sögu fyrirtækisins er stærsti hópur viðskiptavina RR frá Kína en þangað voru seldir fleiri bílar en til Bandaríkjanna og Bretlands. Yfir þrjú þúsund og fimm hundruð glæsibifreiðar seldust á síðasta ári sem er þriðjungur fleiri en árið 2010.



### ÚR ORÐABÓKINI

**Bifreiða -afgreiðsla** -eftirlit -sala -skattur -skoðun -styrkur -stæði -stöð -vegur -verkstæði -verslun -vog.



# Ný kynslóð M-línunnar frá Mercedes Benz

Þriðja kynslóð M-línunnar frá Mercedes-Benz er væntanleg til Íslands í vikunni. M-línan setur ný viðmið í flokki jeppa vegna lítillar eldsneytisnotkunar og lítills koltvísýrings í útblæstri. Í nýju línunni lækkar eldsneytisnotkunin um allt að 28% miðað við fyrri gerðir.

Lúxusjeppinn er nú með hagkvæma og umhverfismilda vél en nokkru sinni. M 250 BlueTEC er með sparneytinni, fjögurra strokka dísilvél. Hún uppfyllir EU6 mengunarræglugerðina eins og vélin í 350 Blue TEC gerir sömuleiðis en hún er endurhönnuð 3,0 lítra V6 dísilvél. Báðar gerðirnar eru sparneytnari en engu að síður aflmeiri en fyrri gerðir. M 250 BlueTEC 4MATIC eyðir einungis rúnum sex lítrum á hundræði sem er 2,4 lítrum minni eyðsla en hjá fyrri gerð. Koltvísýringslosunin er einungis 164 g/km sem er talsvert minna en hjá öðrum jeppum í þessum stærðarflokki. M 250 BlueTEC er því í mjög hagstæðum vörugjaldaflökki hér á landi vegna þess hve umhverfisvænn hann er. Jeppinn kemst 1500 km á einum, 93 lítra tanki, sem skilar honum hringinn í kringum Ísland og gott betur. Samt er jeppinn með krafta í kögglium því vélin skilar 204 hestöflum og tugið er 500 Nm. Stærri dísilvélin skilar heilum 258 hestöflum en eyðir aðeins 7,4 lítrum í blönduðum akstri.

„Mercedes-Benz hefur náð þessum atvígisverða árangri með nýrri kynslóð BlueTEC-dísilvéla og BlueDIRECT-bensínvéla með SCR-útblástursbúnaði,“ segir Sigurður Pálmar Sigfússon, sölustjóri Mercedes-Benz hjá Öskju. Sigurður segir að M-Class hafi verið mjög vinsæll á Íslandi. Nú þegar sé mikill áhugi á nýju kynslóðinni og eftirspurnin mikil. Við erum búin

að selja um tíu M-Class þótt enn hafi jeppinn ekki verið kynntur hér á landi,“ segir Sigurður. Hann segir að grunnverðið á M 250 BlueTec sé 10.590.000 kr. en M 350 BlueTec kostar frá kr. 11.790.000 kr.

## Mikill staðalbúnaður

Sigurður segir að nýja kynslóðin af M-línunni sé með óvenju mikið farangursrými og það mesta í flokki lúxusjeppa. „Staðalbúnaður í öllum gerðum M-línunnar er nú ECO start/stop aðgerð sem drepur á vélinni t.a.m. þegar stöðvað er á rauðu ljósi. Þessi búnaður ásamt nýrri sjö þrepa 7G-TRONIC PLUS sjálfskiptingu og yfirbyggingu sem hefur lægstu loftmótstöðu í flokki jeppa, stuðlar að enn frekari eldsneytissparnaði. Þá er 4MATIC-kerfið einnig staðalbúnaður en það deilir vélarafli og snúningsvægi til allra fjögurra hjóla bílsins eftir þörfum hverju sinni. Þetta á jafnt við þegar ekið er á bundnu slitlagi sem í torfærum. 4MATIC-kerfið bætir veggrip og stefnustöðugleika bílsins og eykur snerpu hans og öryggi í akstri. Þá er fánlegur ýmis aukabúnaður í allar gerðir M-línunnar m.a. nýtt fjöðrunarkerfi sem er með höggdeyfum með aðlögunarhæfni (Active Curve). Á ójöfnum vegum sér kerfið til þess að fjöðrunin býr yfir mýkt og þægindum en þegar ekið er á meiri hraða býður það upp á meiri stífleika sem eykur stöðugleika bílsins,“ segir Sigurður.



Sigurður segir að M-Class hafi verið mjög vinsæll á Íslandi. Nú þegar sé mikill áhugi á nýju kynslóðinni og eftirspurnin mikil.



# Kia Rio sópar að sér verðlaunum

Kia Motors er einn mest vaxandi bílaframleiðandi heims og sendir nú frá sér hvern endurhannaðan bílinn á fætur öðrum. Kia-bílarirnir hafa fengið mikið lof fyrir flotta og nútímalega hönnun og hafa sópað til sín hönnunarverðlaunum víða um heim.

Kia Rio er í boði með þremur eyðslugrönnum og umhverfisvænum vélum sem skila bílnum í lágan vörugjaldsflokk og tryggja þar af leiðandi betra verð. „Dísilvélnar eru 1,1 og 1,4 lítra og bensínvélin er 1,4 lítra og verður sá bíll fánlegur sjálfskiptur. Með 1,1 lítra dísilvélinni eyðir Kia Rio aðeins 3,2 lítrum í blönduðum akstri samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda. Bíllinn skilar 75 hestöflum og koltvísýringslosunin er aðeins 85 g/km. Kia Rio er því mjög hagkvæmur og umhverfisvænn og setur raunar ný viðmið hvað þetta tvennt varðar miðað við að hann er ekki knúinn öðrum afgjöfum,“ segir Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Bílaumboðinu Öskju.

Hann bætir við að með stærri dísilvélinni sé bíllinn mjög kraftmikill, togid feikigott og bíllinn mjög skemmtilegur og sportlegur í akstri. „Bensínvélin er einnig óvenju umhverfisholl og eyðslugrönn. Hún skilar 107 hestöflum og mengar 124 g/km sem er einnig góður árangur í markmiðum KIA að framleiða bíla með sem lægst-um CO<sub>2</sub> útblæstri,“ segir Þorgeir.



Heildarútlit Kia Rio þykir vel heppnað, með rennilegum hliðum og sportlegu yfirbragði.

## Hagkvæmur og ríkulega búinn bíll

Nýr Kia Rio er mjög mikið breyttur í hönnun og aksturseginnleikum miðað við forverann. Heildarútlitið er sérlega vel heppnað með rennilegum hliðum og rísandi línu aftur eftir bílnum sem gefur honum mjög sportlegt yfirbragð. Stórt loftinntakið að framan er auk þess mjög flott og sportlegt sem og nett og ávöl afturrúðan. Innrymið er einnig mjög vel hannað og vandað. Kia

Rio er mjög rúmgóður miðað við bíl í B-stærðarflokki. Plássíð er prýðilegt bæði fyrir ökumann og farþega og skottið er rúmgott eða alls 288 lítrar. „Kia býður 7 ára verksmiðju-ábyrgð á öllum bílum sínum og er eini bílaframleiðandinn sem býður svo langa ábyrgð sem gerir öryggi kaupandans mun meira og endursöluverðið herra þar sem ábyrgðin færst á milli eigenda,“ segir Þorgeir. Grunnverð á nýjum Kia Rio er 2.497.777 kr.



## SPENNANDI KIA OPTIMA Á LEIÐinni

Kia Optima er væntanlegur síðar á þessu ári en þar er um að ræða fallegan og spennandi bíl í C-stærðarflokki. Mikil eftirspurn er eftir bílnum í Bandaríkjunum og Asíu og því hefur Kia vart náð að anna eftirspurn hvað varðar framleiðslu bílsins. Ekki er enn ljóst hvenær á árinu Optima kemur til Íslands eða hvaða útfærslur af bílnum verða í boði.



## NÝR OG ENDURHANNAÐUR KIA PICANTO

Kia Picanto hefur verið endurhannaður frá grunni og þykir hönnun bílsins ákaflega vel heppnuð. Bíllinn hefur þegar unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir fallegt og frísklegt útlit. Tvær nýjar bensínvélar eru í boði, 1,0 og 1,2 lítra sem báðar eru mjög sparneytnar, með lágt mengunargildi og eru því mjög umhverfishollar. Bíllinn fæst fimm dyra og beinskriptur en auk þess er hann í boði sjálfskiptur með 1,2 lítra vélinni. Grunnverð á nýjum Picanto er 1.997.777 kr.

# Grænu bílalánin njóta vinsælda hjá viðskiptavinum Ergo

Hækkandi eldsneytisverð hefur leitt til þess að bílaframleiðendur sjá hag sinn í framleiðslu sparneytinna bíla sem menga minna. Ergo styður þessa þróun og býður viðskiptavinum svokölluð græn lán til kaupa á slíkum bílum. Lántökugjöld verða felld niður á grænum lánum út júní 2012.

Grænu lánin hafa hlotið frá- bærar viðtökur,“ segir Ást- hildur Kristjánsdóttir, for- stöðumaður hjá Ergo, en svoköll- uð græn lán eru til fjármögnunar á þeim bílum sem losa 0-120 g CO<sub>2</sub> á hvern ekinn kílómetra.

Ergo hefur frá upphafi boðið viðskiptavinum sínum græn lán og hafa þau verið helmingur lána til einstaklinga.

„Við höfum því ákveðið að framlengja sérkjör við fjármögnun á þessum bílum og fellum niður lántökugjöld vegna grænna bílalána út júnímánuð 2012,“ útskýrir Ásthildur.

Á síðustu árum hefur eldsneytis- kostnaður í heiminum aukist og bílaframleiðendur hafa í auknum mæli farið að framleiða bíla sem eyða minna eldsneyti og menga minna. Ásthildur segir það markmið Ergo að aðstoða viðskiptavini við að taka upplýsta ákvörðun þegar þeir kaupa bíl og að styðja við fjölgun umhverfishæfari bíla á Íslandi.

„Fólk er einnig farið að spá mun meira í rekstrarkostnaðinn við bíl og samanburður milli ára

sýnir að meðaleyðslugildi á ný- skráðum bílum hefur á einu ári lækkað úr 7,9 l/100 km í 5,6 l/100 km. Meðalútbástursgildi hafa einnig lækkað um það bil um 50 g/km. Ergo vill styðja við þessa þróun og hjálpa viðskiptavinum sínum að spara, vernda umhverfið og efla þjóðarhag með því að fjármagna nýrri bíla sem að eyða og menga minna,“ segir Ásthildur og bendir heimasíðu Ergo, ergo.is, til upplýsinga.

„Á vef Ergo höfum við lagt mikla áherslu á að hafa góðar reiknivélar þar sem viðskipta- vinir geta reiknað bílalán út frá sínum forsendum til dæmis hvað þeir geta greitt á mánuði, hvað þeir eiga mikla útborgun eða eftir verði bílsins,“ segir Ásthildur. „Einnig eru þar „grænar“ reikni- vélar frá Orkusetri, sem sýna svart á hvítu hvernig val á spar- neytnum bíl getur sparað háar fjárhæðir.

Þar er meðal annars hægt að sjá hversu miklu bíllinn þinn eyðir í bensín og hversu mikið hann mengar. Einnig er hægt að sjá samanburð á eyðslu, útblæstri



Ásthildur Kristjánsdóttir, forstöðumaður hjá Ergo segir markmið Ergo að aðstoða viðskiptavini við að taka upplýsta ákvörðun þegar þeir kaupa bíl og að styðja við fjölgun umhverfishæfari bíla á Íslandi.

MYND/BERNHARD KRISTINN

og bifreiðagjöldum bíltegunda auk þess sem bíllinn þinn getur fengið eyðslueinkunn eftir því hvað hann eyðir miklu eldsneyti.

Það er athyglisvert hvað grænu lánin okkar hafa fengið mikla athygli og hvað landinn er í meiri mæli farinn að velta eyðslu- og

umhverfisþáttum fyrir sér. Við sjáum þetta einnig í fjármögnun á öðrum vistvænum verkefnum,“ segir Ásthildur.

**ergo**

Suðurlandsbraut 14 • sími 440 4400  
www.ergo.is • ergo@ergo.is

## Framtíðin er græn

Ergo býður græn bílalán til þess að styðja við fjölgun umhverfishæfari bíla á Íslandi. Græn bílalán standa til boða við kaup á bílum í útblástursflokkum A, B og C og eru þau án lántökugjalda út júnímánuð 2012. Kannaðu kosti grænna bílalána á ergo.is.



Sigurður segir Skoda hafa lága bilanatiðni og að ánægja viðskiptavina sé mikil.

MYND/GVA

# Skoda á Íslandi með hæstu markaðshlutdeild V-Evrópu

Tékkneski bílaframleiðandinn Skoda er sífellt að sækja í sig veðrið bæði hér heima og erlendis. Skoda Octavia var mest seldi bíllinn á Íslandi í fyrra og hefur markaðshlutdeild Skoda aldrei verið meiri hér á landi. Skoda á Íslandi er auk þess með hæstu markaðshlutdeild í Vestur-Evrópu.

**H**ekla tók við Skoda umboðinu árið 1997 og síðan hafa vinsældir bílanna aukist jafnt og þétt. „Við höfum að jafnaði verið með í kringum fjögurra til sex prósent markaðshlutdeild. Árið 2010 var hún 5,9 prósent en í fyrra 8,9 prósent. Við vorum með fleiri selda bíla fyrir hrun en markaðshlutdeildin hefur aldrei verið meiri,“ segir Sigurður Sigurðsson, sölustjóri Skoda. Hann segir Skoda á Íslandi sömuleiðis vera með hæstu markaðshlutdeild í Vest-

ur-Evrópu. „Þar er meðaltalið í kringum þrjú prósent en Finnar koma á hæla okkar með rétt um átta prósent.“

Hvernig skýrir þú þessa velgengi? „Bíllarnir hafa staðið sig vel og eru með mjög lága bilanatiðni. Ánægja viðskiptavina er mikil og við erum með fastakúna sem koma aftur og aftur. Möguleikarnir eru auk þess margir og er hægt að velja um beinskípta, sjálfskípta, fjórhjóladrifna og dísilknúna bíla. Þá höfum við lagt mikla áherslu á framúrskar-

andi þjónustu á verkstæðinu sem er augljóslega að skila sér.“

Hvað Skoda Octavia varðar segir Sigurður mörgum koma á óvart hversu rúmgóður bíllinn er. „Farþega- og farangursrýmið er einstaklega rúmgott sem skýrir eflaust hvers vegna þeir teljast ákjósanlegir fjölskyldubílar. Ekki spillir fyrir hvað bíllinn er eyðslugrannur auk þess sem veðið er sambærilegt við veð annarra stórra fólksbíla. Þá eru allar útfærslur að innan sem utan hugvitsamlegar og virðast Tékkarnir alveg vita hvað þeir eru að gera.“


En Skoda hefur ekki alltaf þótt eftirsóknarvert merki. „Það er rétt og fyrir nokkrum áratugum var jafnvel talað um druslur. Það sem færri vita er að Skoda var mjög virtur bílaframleiðandi í byrjun síðustu aldar. Fyrirtækið á rætur sínar að rekja til ársins 1895 þegar tékkarnir Václav Laurin og Václav Klement hófu reiðhjólaframleiðslu. Árið 1899 hófu þeir að framleiða mótörhjól og kom fyrsti Laurin & Klement bíllinn, Voiturette A, á markað árið 1905. Bíllarnir voru framleiddir undir merk-

inu L&K til ársins 1926 þegar þeir fengu nafnið Skoda. Í kringum seinni heimsstyrjöldina fór hins vegar að halla undan fæti og var það ekki fyrr en um það leyti sem múrinn féll að velgengnin hófst á ný.“

Eigendur Skoda hafa að sögn Sigurðar sett sér háleit markmið. „Þeir seldu um 875 þúsund bíla í fyrra og var aukningin 15 prósent á milli ára sem er langt umfram væntingar. Markmiðið er að fara í eina og hálf milljón bíla árið 2018.“



Hægt er að velja um beinskípta, sjálfskípta, fjórhjóladrifna og dísilknúna bíla.



Bilanatiðni Skoda er lág.

## SKODA SÆKIR ENN Í SIG VEÐRIÐ

- Skoda Octavia var mest seldi bíllinn á Íslandi árið 2011.
- Markaðshlutdeild Skoda-fólksbífreiða á Íslandi var 8,9 prósent árið 2011.
- 464 Skoda-bílar seldust á Íslandi í fyrra.
- Skoda á Íslandi er með hæstu markaðshlutdeild í Vestur-Evrópu.
- Skoda seldi 875 þúsund bíla á heimsvísu í fyrra sem er 15 prósent aukning frá árinu 2010.
- Skoda setur sér það markmið að selja eina og hálf milljón bíla árið 2018.



Farþega- og farangursrýmið í Skoda Oktavía bykja einstaklega rúmgóð.

## Dakar-rallið í fullum gangi

Dakar-rallið fer fram þessa dagana í Suður-Ameríku. Það hófst á nýársdag og lýkur nú á sunnudaginn.

Dakar-rallið var upprunalega þekkt sem París-Dakar rallið. Það var fyrst haldið árið 1978, ári eftir að kappaksturskappinn Thierry Sabine villtist í Saharaeyðimörkinni og ákvað að hún væri afar góður vettvangur fyrir rall. Rallið hófst í París í Frakklandi og endaði í Dakar í Senegal í

Afríku með siglingu yfir Miðjarðarhafið. Af ýmsum ástæðum bæði pólitískum og öðrum hefur leiðin breyst í gegnum tíðina.

Árið 2008 var hætt við rallið sem fram átti að fara í janúar vegna ótta við hryðjuverk. Þá fóru menn að hugsa mótið upp á nýtt og hefur það ekki verið haldið í Afríku síðan. Dakar-rallið árið 2008 var haldið í apríl, hófst í Ungverjalandi og lauk í Rúmeníu. Árið eftir var það haldið í Suður-Amer-

íku og þar hefur það verið haldið síðan. Í ár hefst þetta 33. rall í Mar del Plata í Argentínu. Farið er gegnum Copiapó í Síle og loks lýkur því í Lima í Perú

Keppendur aka á sérútbúnum jeppum og torfærumótörhjólum. Farið er yfir mjög erfitt landsvæði, yfir sandöldur, gegnum drullupytti, ósléttar heiðar og grjótmulning. Vegalengdirnar eru ekki litlar eða um 800 til 900 kílómetrar á dag.



Hummer-bifreið ekið yfir sandöldu í Síle.

NORDICPHOTOS/AFP



### SAAB LÆKKAR Í VERÐI

Eftir að bílaframleiðandinn Saab í Svíþjóð var lýstur gjaldþrota hefur endursöluverð Saab bíla farið lækkandi á Norðurlöndunum. Frá þessu greinir á vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda [www.fib.is](http://www.fib.is)

Notaðir Saab bílar seljast hægar en áður og ekki fyrr en búíð er að veita að meðaltali um 10,4 prósent afslátt af ásettu verði. Dönsk leitarvél fyrir notaða bíla, [autouncle.com](http://autouncle.com), tók saman upplýsingar um verðbreytingar á Saab fyrstu viku ársins og bar saman við verðið fyrir gjaldþrotið skömmu fyrir jóli. Í ljós kom að búíð er að lækka verðið á nánast öðrum hverjum Saab sem leitarvélin finnur á dönskum bílasölum.

Þeir bílar sem helst lækka í verði eru nýlegir bílar sem enn eru í verksmiðjuábyrgð. Þá er talið nokkuð sérstakt að verðlækkun á Saab-bílum virðist hafa smitast yfir á aðrar bílategundir í svipuðum verð- og gæðaflokki og Saab. Þegar um 54 prósent nýlegra Saab-bíla höfðu verið lækkuð í verði á bílasölunum fylgdu um 44 prósent Audi-bíla í kjölfarið og lækkuðu svipað. Þar á eftir lækkuðu líka 43 prósent bíla af tegundunum Volvo, Honda og Skoda o.fl.

### UMFERÐARLÖG ÍSLANDS

Eigi má stökkva af eða upp í ökutæki á ferð eða vera utan á ökutæki á ferð.

Eigi má hanga í ökutæki á ferð eða draga með ökutæki á vegi þann, sem er á skíðum, hjóla-skíðum, skautum eða svipuðum tækjum.

Eigi má vera að leik á vegi, þannig að til óþæginda verði fyrir umferð.

Heimild/Umferðarlög, kafli II, 6. grein.



Developed with Scuderia Ferrari





## VIÐ BJÓÐUM ÞÉR AÐ ÞIGGJA OKKAR BESTA ELDSNEYTI TIL ÞESSA.



**Shell V-Power**

Eldsneyti sem hefur verið þróað í samvinnu við Formúlu 1 keppnislið Ferrari en hentar öllum bensínbílum. Þessi einstaka eldsneytisblanda hefur þann tilgang að hreinsa vélina að innan, vernda mikilvæga hluta hennar og auka afköstin.

**Aukin afköst með framúrskarandi tækni.**



Vörumerki Shell eru notað af Skeiþungi með leyfi Shell Brands International AG.



**Hreingerningar**

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**  
S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Bókhald**

**VERTU Í SKILUM.**

Velkomin í þjónustu hjá Skilaborg. Alhliða bókhaldsþjónusta. Úthýsing húsfélaga, fjölbýlishúsa og fyrirtækjasambýla. www.skilaborg.is, skilaborg@skilaborg.is sími: 564-6609

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á samgjörmu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

**Spádómar**

**Spásímnn 908 5666**  
Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Tölvur**

**Oryggisafritun á Netinu**  
**Ertu með lífið í lúkunum?**  
Prufaðu TölvuSký Ökeypist!  
Tölvugögnin í öruggt skjól  
www.livedrive.is

Livedrive.is býður ótakmarkað geymslupláss dulkóðað og afritað sjálfkrafa yfir netið í þitt öryggishólf. Livedrive virkar eins og nýr diskur í tölvuna sem eykur geymslurýmið. Þú getur unnið með gögnin frá öllum þínum tölvum og smartsímum hvar og hvenær sem er. Tapist eða skemmist talvan eru gögnin til staðar á öruggum stað. Livedrive.is - Sími 4500500.

**omni!** tölvuhjálp!  
Yfirhaling á tölvu aðeins 2.900 kr. Ökeypis vírusvörn  
Nánar á www.tolvuhjalp.is Sími 588 9590 Ármúli 11 • Reykjavík

Tölvuviðgerðir, vírusahreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÓBÍ Stefán 821 6839.

**Viðgerðir**

**Gleraugna-viðgerðir**  
Titan, stál, plast og fleira  
Sjonarholl.is S:565-5970

**Rafvirkjun**

**Raflagnir Dyrasímar**  
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.  
**Fljót og góð þjónusta**  
Sími 893 1733  
Jón Jónsson  
Löggitur rafverktaki  
www.raflagnir.is

**RAFVIKJUN S. 896 6025**  
Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**Húsaviðhald**

**VIÐHÁLD**  
fasteignaviðgerðir  
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.  
Við önnumast m.a.:  
• múrviðgerðir • þakviðgerðir  
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pipulagnir • raflagnir • flisalagnir.  
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.  
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Til sölu**

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**  
Ískápar, þvottavéla, þurkara, uppþvottavélar. S. 896 8568

**Ódýr heimilstæki**

Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.



**ÚTSALA, ÚTSALA**  
10 -35 % afsláttur af öllum saltkristalsvörum til 21. janúar. Verið velkomin. Ditto, Smíðjuvegi 4 (græn gata). Opíð mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL**  
og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja.  
**Sigga & Tímo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**  
www.siggaogtimo.is

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldþyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**  
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
www.kaupumgull.is  
Upplýsingar í síma 661 7000.

**Kaup gull!**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.  
Uppl. á demantar.is í s. 699  
8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

**Til bygginga**



**Harðviður til húsabygginga.**  
Sjá nánar á www.vidur.is  
Vatnskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarólía. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

**Heilsuvörur**

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

**Þjónusta**



Kriya yoga. Kynningarfundur 13. janúar kl. 19:00 í Yogastöðinni Heilsubót. Opin öllum. Tækifæri sem andlega sinnaðir ættu ekki að missa af. www.kriyayoga.is S. 691 8565.

**Nudd**



**TANTRA NUDD**  
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapiöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Til sölu**

**Verslun**  
Hef til sölu allt sem tengist verslunarrekstri. Tæki og tól. Notað. Selst ódýrt.  
**Upplýsingar í s. 774 2501**

**Tilboð**

**Kópavogsblóm**  
**Erum flutt í Núpalind 1**  
• Tilboð á 15 tíma ilmkerfi 100.- kr.  
• Rósir á 390.- kr.  
• Skreytingar við öll tækifæri.  
**S. 564 5840 • 893 6614**

**Atvinna**

**ÖRYGGISVÖRÐUR SECURITY GUARD**  
Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.  
Umsóknarfræstur er til og með 20. janúar 2012. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html  
The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this position is January 20, 2012. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html  
Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

**SEL TJARNARNESBÆ**  
**Íþróttamiðstöð Seltjarnarness - vaktstjóri í sundlaug**  
Auglýst er starf vaktstjóra í sundlaug Seltjarnarness frá og með 1.febrúar 2012.  
Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára, hafa mjög góða þjónustulund, vera handlaggir, eiga gott með að umgangast jafnt börn sem fullorðna, vera gláðlegir og hafa hlýlegt viðmót og síðast en ekki síst að vera hreinlegir og heilsuhausstir. Próf í skyndihjálp og sundlaugarvörslu er kostur en ekki skilyrði.  
Í starfinu felst m.a. búningsklefa (karla)- og laugargæsla, verkstjórn, umsjón og eftirlit sundlaugarbúnaðar, létt viðhaldsverk efni, þrif og almenn þjónusta við sundlaugargesti.  
Laun eru samkv.samningi launanefndar sveitarfélaga og starfsmannafélags Seltjarnarness.  
Umsóknir eða óskir um nánari upplýsingar skulu sendar á tölvu-póstfangið haukur@seltjarnarnes.is í síðasta lagi 20. janúar.

**Atvinna**

**SECORA**  
Secora AS er byggingafyrirtæki sem sérhæfir sig í byggingu örugga og skilvirkra hafna og siglingaleiða. Secora er með 120 starfsmenn og er með verkefni á öllum Norðurlöndunum. Stjórn fyrirtækisins er í Svölvær í Lofoten í Noregur, og Secora er einnig með dótturfyrirtæki í Svíþjóð. Fyrirtækið velti 240 milljónum norskra króna árið 2011.  
**Secora leitar eftir verkefnisstjórum og byggingarstjórum**  
**Verkefnisstjóri** hefur heildar ábyrgð á framkvæmd, fjármálum, þróun og gæðum verkefnisins.  
**Byggingarstjóri** skipuleggur og stjórnar verkefnum á markaðssvæðinu ásamt verkefnisstjóra.  
**Verkefni:**  
• Stjórnun og skipulagning á úthlutuðum samningum  
• Sjá um að mannvirkin verði byggð samkvæmt gæðum og kostnaði sem tilgreint er í tilboðunum og í samræmi við kröfu HMS/KS  
• Færa sönnur á að framkvæmt verk og gæði séu í samræmi við gæðakröfur  
• Kostnaðaráætlun  
• Rekstrarskipulagning  
• Fjárhagsleg eftirfylgni  
• Eftirfylgni við viðskiptavin  
**Hæfni verkefnisstjóra:**  
• Verkfræðingur eða tæknifræðingur. Einstaklingar með sérmenntun í byggingarverkfræði eða byggingar tæknifræði ganga fyrir en önnur menntun er einnig metin  
• Viðbótarmenntun í fjármálum og reynsla er kostur  
**Hæfni byggingarstjóra:**  
• Lönskóli eða frekari menntun. Nýútskrifaðir geta einnig sótt um stöðuna  
• Góð fjárhagsleg þekking  
**Hæfileikar:**  
• Þú verður að hafa mikla framkvæmdargetu  
• Vera snjall í að finna lausnir  
• Þola streitu og tímapressu  
• Vera áhugasamur og gefa þig allan fram  
• Ábyrgðarfullur og einbeittur  
• Vera skipulagður og nákvæmur  
• Vera sveigjanlegur  
• Og hafa góða samstarfshæfileika  
**Við bjóðum upp á:**  
• Samkeppnishæf vinnu- og launakjör  
• Eftirlauna- og tryggingarfyrirkomulag.  
• Mikla og sjálfstæða ábyrgð, og möguleika á persónulegri þróun í góðu fagumhverfi  
Spurningar varðandi stöðurnar er hægt að beina til Mannauðsstjóri Marte Valeur, sími: +47 47 64 26 80. Aðeins verður tekið á móti umsóknum í rafrænu formi. Umsóknina skal senda til post@secora.no  
Umsóknarfræstur: **Eins fljótt og hægt er.** Sjá heimasíðu okkar: **www.secora.no**

# Lífeyrissjóðirnir búast við því að fjárfestingarkostum fjölgi á árinu

Ríkisskuldabréf verða líklega áfram fyrirferðarmikil í fjárfestingum lífeyrissjóða á árinu 2012. Sjóðirnir telja þó líklegt að fjárfestingarmöguleikum fjölgi á árinu. Greiningaraðilar telja að krafa á ríkisbréf lækki vegna minni fjárþarfar ríkissjóðs en lítið breyttrar eftirspurnar.

**FRÉTTASKÝRING**

Magnús Þorlákur Lúðvíksson  
magnusl@frettabladid.is

Árin frá hruni hafa verið gjöfufull á skuldabréfamarkaði. Til marks um það hefur ríkisskuldabréfávísitala ráðgjafar- og fjárfestingarfyrirtækisins Gamma rúmlega tvöfaldað frá upphafi árs 2008. Það jafngildir meðalraunávöxtun upp á 11,3 prósent á ári frá byrjun 2008.

Ein helsta ástæðan að baki þessari þróun eru fáir fjárfestingarkostir á Íslandi. Gjaldeyrishöft hafa gert það að verkum að íslenskum fjárfestum, lífeyrissjóðum og bönkum er illmögulegt að fjárfesta erlendis. Auk þess lokuðust nokkrir fjármunir í eigu útlendinga inni í landinu þegar höftunum var komið á. Þegar haft er í huga að líf á bæði hlutabréfa- og húsnæðismarkaði hefur verið með minnsta móti frá hruni kemur ekki á óvart að eftirspurn eftir skuldabréfum hafi verið mikil. Með öðrum orðum þá er talsverð þörf eftir fjárfestingu til staðar í hagkerfinu og síðustu misseri hefur hún helst leitað á skuldabréfamarkaðinn enda fáir aðrir valmöguleikar í boði.

Greiningardeildir og markaðsaðilar hafa á síðustu vikum spáð áframhaldandi lækkun á ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði, en lækkun á kröfu þýðir að verð skuldabréfa hækkar. Byggir það mat fyrst og fremst á þeirri staðreynd að framboð nýrra ríkisskuldabréfa mun dragast saman á árinu 2012. Þá er metið sem svo að ekki sé útlit fyrir að eftirspurn minnki að ráði að öðru óbreyttu.

**BREYTT STAÐA HJÁ RÍKISSJÓÐI**

Lánasýsla ríkisins, sem annast útgáfu fyrir ríkissjóð, hefur verið dugleg við útgáfu skuldabréfa eftir hrun til að fjármagna fjárlagahalla hins opinbera. Með bættri stöðu ríkisfjármálanna minnkar hins vegar þörfin fyrir nýja útgáfu.

Í nýútkominni ársáætlun lánasýslunnar kemur fram að innlend lánsfjárbörf ríkissjóðs er áætluð 100 milljarðar króna á árinu 2012. Verður þörfinni mætt með útgáfu ríkisbréfa að fjárhæð 75 milljarðar og með lækkun innistæðna ríkissjóðs í Seðlabankanum að fjárhæð 25 milljarðar. Áætluð hrein útgáfa ríkisbréfa og ríkisvixla er hins vegar einungis áætluð 8 milljarðar. Hrein útgáfa lánasýslunnar dregst því saman um sem nemur 50 milljörðum frá fyrra ári.

Útgáfuáætlun Íbúðalánasjóðs fyrir árið er óvissari en áætlun lánasýslunnar. Hún er hins vegar áætluð 24 til 29 milljarðar króna að nafnvirði á árinu.



RÍKISSJÓÐUR Betri staða ríkissjóðs veldur því að hrein útgáfa ríkisbréfa minnkar um í kringum 50 milljarða á milli ára. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Ríkisskuldabréf eru uppistaðan í íslenska skuldabréfamarkaðnum. Á árinu 2011 var velta með útgáfu ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs rúmlega 99 prósent af heildarveltu í Kauphöllinni. Minna framboð nýrra ríkisskuldabréfa mun því hafa talsverð áhrif á skuldabréfamarkaðinn og að öðru óbreyttu mun það valda lækkun á ávöxtunarkröfu.

**HVER VERÐA VIÐBRÖÐ LÍFEYRISJÓÐANNA?**

Lítill útgáfa ríkisbréfa á árinu 2012 veldur lífeyrissjóðum landsins nokkrum vandræðum. Sjóðirnir hafa fjárfest fyrir hundruð milljarða í nýjum ríkisbréfum frá hruni. Hlutfall ríkistryggðra eigna sjóðanna hefur þannig aukist úr 24 prósentum í september árið 2008 í 47 prósent í lok nóvember. Eru lífeyrissjóðirnir nú eigendur 21,8 prósentu allra ríkisbréfa og hafa því mikið að segja á markaðnum. Þá fara lífeyrissjóðirnir vitaskuld ört stækkandi þar sem talsvert fleiri borga inn í sjóðina um hver mánaðamót en fá greitt úr þeim. Metur greiningardeild Íslandsbanka þannig fjárfestingarþörf sjóðanna um 100 milljarða króna á árinu 2012. Nettó fjárfestingar þeirra í ríkistryggðum bréfum gætu því numið um 40 milljörðum, að mati deildarinnar.

Markaðurinn hefur síðustu daga heyrt hljóðið í lífeyrissjóðum landsins með það fyrir augum að fá þeirra viðbrögð við þessum vangaveltum. Er það mat sjóðanna að ríkisbréf verði áfram fyrirferðarmikil í fjárfestingum þeirra en einnig er stefnt að því auka hlutfall hlutabréfa í eignasöfnum sjóðanna. Eru því talsverðar vonir bundnar við nýskráningar á hlutabréfamarkaði á árinu. Þá finnst sumum sem greiningaraðil-

ar leggi of litla áherslu á aðra fjárfestingarkosti en ríkisbréf sem líklegir séu til að bjóðast á árinu.

„Það er auðvitað vitað að fjárfestingarmöguleikar lífeyrissjóðanna eru mjög takmarkaðir og þeir möguleikar sem hafa verið til staðar síðastliðin þrjú ár hafa ekki síst falist í bréfum með ríkisábyrgð. Nú fer framboð á þeim pappírnum minnkandi og það er vissulega áhyggjuefni fyrir lífeyrissjóðina sem þarf að bregðast við,“ segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, en bætir því við hann eigi von á að fjárfestingartækifæri skapist í tengslum við nýskráningar á hlutabréfamarkaði á árinu auk þess sem hann útilokar ekki að einhver tækifæri bjóðist í tengslum við samstarf á milli ríkis og lífeyrissjóða. Loks segir Haukur að fá fjárfestingartækifæri geri sjóðunum erfiðara fyrir að ná markmiðum sínum um ávöxtun.

Annar sjóðstjóri sem Markaðurinn ræddi við tók í svipaðan streng. Sagði ríkispappír trúlega verða fyrirferðarmikla í fjárfestingum sjóðs síns og þá væri stefnt að því að hækka hið sögulega lága hlutfall hlutabréfa af eignasafni hans. Þá sagðist hann telja ólíklegt að ráðist yrði í miklar nýfjárfestingar á verðtryggðum ríkisbréfum. Lífeyrissjóðirnir hafi verið að fjárfesta meira í óverðtryggðu flokkunum, sér í lagi þeim lengri, og það sé líklegt til að halda áfram.

Þriðji sjóðstjóriinn sem Markaðurinn ræddi við sagði vanda lífeyrissjóðanna þó ýktan. „Við höfum ekki haft miklar áhyggjur af þessu í sjálfu sér. Þá kannski fyrst og fremst vegna þess hve hátt hlutfall ríkistryggðra bréfa er orðið hjá okkur. Það er ekki markmið hjá okkur að bæta við okkur ríkisbréfum heldur þvert á móti.“

Þá segir hann að þær greiningar sem hafi verið birtar undanfarið hafi gjarnan einblínt á lánasýslu ríkisins en í sumum tilfellum sleppt því að horfa á aðra fjárfestingarkosti sem kunna að bjóðast. Má þar meðal annars nefna 18 milljarða útboð á bréfum til endurfjármögnunar sambankaláns vegna byggingar Hörpu sem ráðist verður í á næstunni. Þá segir hann geta hentað ákveðnum aðilum að láta eins og lífeyrissjóðirnir muni keyra kröfuna á skuldabréfamarkaði niður á árinu en svo þurfi ekki að vera. Lykilspurningin sé hvort raunhæft sé fyrir lífeyrissjóðina að lækka hlutfall ríkisbréfa í eignasafni sínu á árinu og þá þurfi að líta til allra fjárfestingarkosta sem kunni að verða í boði. Loks er það mat hans að þeir kostir séu fleiri en oft eru taldir upp.

**KRÖFULÆKKUN Í KORTUNUM AÐ MATI GREININGARAÐILA**





Á mánudag fjallaði Fréttablaðið um mat sérfræðinga Júpíters,

rekstrarfélags verðbréfasjóðs í eigu MP banka. Í fréttabréfi sjóðsins frá því í síðustu viku kom fram að boðuð skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs nægði ekki til að fullnægja fjárfestingarþörf lífeyrissjóðakerfisins. Því sé líklegt að ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði lækki á næstunni. Þá kom fram í fréttabréfinu að þótt væntar nýskráningar á hlutabréfamarkaði hjálpi, dugi þær ekki til svo að lífeyrissjóðirnir geti minnkað hlutfall eigna sinna í ríkisskuldabréfum að einhverju ráði.

Greiningardeild Íslandsbanka fjallaði einnig nýverið um horfur á skuldabréfamarkaði en 19. desember gaf deildin út spá um þróun markaðarins næstu misseri. Býst greiningardeildin við því að krafa á lengri ríkisbréfaflokka lækki talsvert á árinu, sér í lagi á fyrri hluta ársins.

Ástæðan sé sú að framboðið verði hóflegt en eftirspurnin áfram talsverð. Þá sé framboð á öðrum langtíma óverðtryggðum fjárfestingarkostum lítið. Greiningardeildin telur hins vegar að krafa á stystu flokka ríkisbréfa muni hækka samfara næstu skrefum í afléttingu gjaldeyrishtafta. Loks spáir hún lækkandi kröfu á íbúðabréf en þó mismikilli.

Það er þó ekki þar með sagt að þróun skuldabréfamarkaðarins á árinu liggi ljós fyrir. Ákveðnir þættir vinna gegn mögulegri kröfulækkun. Þannig má nefna að verðbólguhorfur versnuðu talsvert á seinni hluta árs 2011 auk þess sem hagvöxtur varð meiri en búist hafði verið við. Verði áfram þrýstingur á verðbólgu og hagvöxtur kröftugur kann að vera að vextir hækki fyrir en búist er við sem myndi leiða til hækkanandi kröfu á markaðnum.



Fær milljarð í aðgangseyri á ári:

## Bláa lónið tapaði 135 milljónum 2010

Bláa lónið hf. tapaði 856 þúsund evrum, um 135,2 milljónum króna, á árinu 2010. Alls námu rekstrartekjur félagsins 16,8 milljónum evra, tæpum 2,7 milljónum króna. Þar af skilaði aðgangseyrir 6,3 milljónum evra, tæpum milljarði króna, í kassann. Þetta kemur fram í ársreikningi Bláa lónsins hf. sem skilað var inn til ársreikningaskráar um miðjan desember síðastliðinn.

Samkvæmt verðskrá sem félagið birtir á heimasíðu sinni kostar 4.800 krónur fyrir full-orðinn einstakling að fara í Bláa lónið. Meðlimir í Vinaklúbbi þess fá þó sérkjör.

Í ársreikningnum kemur fram að „þann 30. september 2010 voru tilteknir starfsþættir samstæðunnar færðir yfir í ný félög utan samstæðunnar. Tilgangurinn með skiptingunni var að skerpa á áherslum í rekstri og auka áhersluna á kjarnastarfsemi félagsins. Þau félög sem urðu til við skiptinguna heita Hótel Bláa lónið ehf., Blue Lagoon International ehf., Hreyfing Fasteignir ehf. og Hreyfing eignarhaldsfélag ehf.“. Þar segir enn fremur að „ef kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þáttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingarátelunina voru birtar“.



BLÁA LÓNID Félagið er með einkaleyfi til ársloka 2044 til notkunar á jarðhitavökva í Svartsengi.

HS Orka á 24,4% hlut, Landsbankinn 24,3% hlut og Hvatning ehf., á 17,3% hlut. Eigendur Hvatningar eru meðal annars Grímur Sæmundsen og Edvard Júlíusson.

Samtals skuldar Bláa lónið hf. 24,9 milljónir evra, 3,9 milljarða króna, eftir skiptinguna. Félagið metur eignir sínar á 36,7 milljónir evra, 5,8 milljarða króna. Næst á eftir aðgangseyri hafði félagið mestar tekjur upp úr vörusölu eða 4,2 milljónir evra, um 664 milljónir króna.

Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar á jarðhitavökva í Svartsengi.

- þsj

Sex starfsmenn fóru í 30 boðsferðir:

## LSR hefur afskrifað 40,7 milljarða króna frá bankahruni

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) hefur fært 40,7 milljarða króna á afskriftar- reikning frá bankahruni.



VIÐÍÐIS HAUKSDÓTTIR

Það svarar til 13,3% af meðaleignum sjóðsins á þeim árum sem afskriftir voru færðar í reikning sjóðsins. Þetta kemur fram í svari Steingríms J. Sigfússonar, fyrrum fjármálaráðherra, við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur.

Í svari kemur fram að mestur hluti afskriftanna er endanlegur en að hluta er um varúðarniðurfærslur að ræða vegna óvissu um endurheimtur. Um helmingur afskriftanna, 20,3 milljarðar króna, er vegna afskrifta á tapi á skuldabréfum

banka, sparissjóða og annarra fjármálastofnana. Skuldabréf urðu annars flokks kröfur við setningu neyðarlaganna þegar innstæður urðu forgangskröfur.

Í svari kemur einnig fram að á tímabilinu 2004-2008 hafi starfsmenn sjóðsins alls farið „í 30 ferðir þar sem kostnaður var greiddur af öðrum en lífeyrissjóðnum. Það voru sex núverandi og fyrrverandi starfsmenn við eignastýringu hjá sjóðnum sem fóru í þessar ferðir, en þær voru í samstarfi við 14 fyrirtæki. Sum þeirra voru með starfsstöðvar í fleiri en einu landi og sum voru heimsótt oftast en einu sinni. Þau lönd sem sótt voru heim voru: England, Bandaríkin, Danmörk, Noregur, Frakkland, Holland, Skotland, Þýskaland, Spánn, Rússland og Tékkland. Stjórnarmenn sjóðsins tóku ekki þátt í þessum ferðum“.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins:

## Samþykktu samruna Tinda við Auði Capital

Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt samruna Tinda Verðbréfa hf. við Auði Capital. Félagin munu héðan í frá starfa undir nafni Auðar Capital.

Í tilkynningu sem send var út vegna kaupa Auðar á Tindum í nóvember síðastliðnum sagði að með kaupnum muni verðbréfa-

miðlun bætast við núverandi þjónustuframboð fyrirtækisins. Þá styrkist fyrirtækjaráðgjafarþjónusta þess.

Vilhjálmur Þorsteinsson tók við starfi stjórnarformanns af Höllu Tómasdóttur á sama tíma og tilkynnt var um kaupin.

- þj

# Nýtt félag utan um Húsasmiðjuna

Bygma stofnar nýtt félag utan um Húsasmiðjuna. Mögulegar sektir vegna meintra skattalaga- og samkeppnislagabrotu eru skildar eftir á gömlu kennitölunni.

### BYGGINGAVÖRUR

Þórður Snær Júlíusson skrifar thordur@frettabladid.is

Danska byggingavörukeðjan Bygma Gruppen A/S mun stofna nýtt félag utan um rekstur Húsasmiðjunnar á Íslandi í kjölfar þess að hún keypti rekstur fyrirtækisins. Við það munu skuldir og skuldbindingar Húsasmiðjunnar ehf. á 2,5 milljarða króna færast yfir til hins nýja félags. Möguleg endurálagning skattayfirvalda upp á 700 milljónir króna og möguleg sekt samkeppnisyfyrvalda vegna meints ólögmæts samráðs Húsasmiðjunnar við samkeppnisaðila sína verða skildar eftir á gömlu kennitölunni ásamt eignum upp á 240 milljónir króna. Enn fremur munu þær 800 milljónir króna sem Bygma greiddi fyrir Húsasmiðjuna verða eftir á henni og fara upp í sektargreiðslurnar verði þær að veruleika. Þetta kemur fram í skriflegu svari Framtakssjóðs Íslands (FSÍ), fyrrum eiganda Húsasmiðjunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið. Bygma tók við rekstri Húsasmiðjunnar í byrjun árs 2012.

Tilkynnt var um kaup Bygma Gruppen A/S á Húsasmiðjunni ehf., sem á og rekur Húsasmiðjuna, Blómaval, Ískraft og HGG, mánudaginn 19. desember síðastliðinn. Kaupverðið var sagt vera 3,3 milljarðar króna, sem í fólst yfirtaka á 2,5 milljarða króna skuld auk þess sem 800 milljónir króna áttu að greiðast til FSÍ, fyrrum eiganda félagsins. FSÍ hélt þó eftir ábyrgð gagnvart tveimur mögulegum skuldbindingum gagnvart íslenskum yfirvöldum, sem urðu til áður en FSÍ eignaðist félagið. Fréttablaðið greindi frá því 21. desember að FSÍ hefði auk þess haldið um 240 milljónum króna af eignum Húsasmiðjunnar þegar félagið var selt til að tryggja skadleysi hans gagnvart annars vegar mögulegri endurálagningu opinberra gjalda vegna meintra skattabrotu sem má rekja til samruna eignarhalds-



ENDURMAT Í kynningu Finnþórs Jónssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra FSÍ, í síðustu viku kom fram að kaupverð sjóðsins á Húsasmiðjunni hefði verið 250 milljónir króna. Fyrirtækið var metið á 0 samkvæmt drögum að endurmati.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

### FSÍ SEGIR NÆGA FJÁRMUNI EFTIR

Í skriflegu svari FSÍ til Fréttablaðsins vegna málsins segir: „Þessi leið var farin í samráði við lánardrottna félagsins. Í söluferlinu komu upp mál sem mjög óvíst er hvaða fjárhagslegu áhrif hafi á Húsasmiðjuna, svo sem rannsókn samkeppnisyfyrvalda í vor og ágreiningur um ákveðin skattaleg málefni. Ekki var mögulegt að kaupandi tæki við þeim óvissuþáttum og því eru viðskiptin útærð með þeim hætti að selja eignir og rekstur, ásamt því sem kaupandi tekur yfir allar skuldir og rekstrartengdar skuldbindingar. Með sölnunni eiga nægir fjármunir að verða eftir til að standa straum af mögulegri endurálagningu skatta og mögulegri samkeppnissekt. Þegar úr þessum óvissuatriðum hefur verið leyst, getur eigandinn leyst upp félagið og leyst til sín þá fjármuni sem þá verða eftir.“

félaga við Húsasmiðjuna á árunum 2003-2006. Hins vegar er um að ræða mögulega sekt vegna meintra samkeppnislagabrotu Húsasmiðjunnar, Byko og Úlfins. Fyrirtækin eru grunuð um ólögmætt verðsamráð við innflutning og sölu á timbri og annarri grófvöru.

Samkvæmt upplýsingum frá FSÍ verða þessar skuldbindingar

skildar eftir inni í gamla Húsasmiðjufélaginu ásamt ofangreindum eignum og kaupverðinu. Bygma Gruppen A/S stofnaði tvö félög á Íslandi í nóvember og desember 2011. Annað heitir Bygma Íslands ehf. og hitt Bygma Ísland Holding ehf. Þessi félög munu halda utan um eignarhald á Húsasmiðjunni og öðrum félögum í hennar eigu.

Lánshæfismatsfyrirtækið Fitch boðar einkunn skuldugra evruríkja fyrir janúarlök:

## Örlögin ráðin við borgarhlið Rómars

Lánshæfiseinkunn nokkurra evrulanda kann að verða lækkuð áður en mánuðurinn er úti, samkvæmt upplýsingum frá matsfyrirtækinu Fitch Ratings. Löndin sem um ræðir fást við skuldabyrði og hægán vöxt efnahagslífsins.

Um er að ræða evrulöndin Ítalíu, Spánn, Belgíu, Írland, Slóveníu og Kýpur, en öll eru þau á „neikvæðum horfum“ í einkunnagjöf Fitch.

Lægri lánshæfiseinkunn skiptir löndin miklu máli, því þá kann að verða dýrara fyrir þau að afla lánsfjár á mörkuðum. Þannig hefur skuldakreppa í Evrópu að hluta dýpkað fyrir tilstilli einkunnagjafar matsfyrirtækja.

Matsfyrirtækið er þess þó fullvíst að ekki kvarnist úr samstarfi evruþjóðanna 17 næsta árið. Sérfræðingar þess hafa þó áhyggjur af bágum efnahagshorfum og hvetja Seðlabanka Evrópu til að setja aukinn kraft í aðgerðir til lausnar skuldakreppunnar.

Markaðir fylgjast grannt með þróun mála í Ítalíu, þriðja stærsta



ÞJÖKUD LÖND Eldri kona betlar í miðbæ Milanó á Ítalíu skömmu fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hagkerfi evrusvæðisins. David Riley hjá Fitch segir að þar sé að finna „vígstöðvar“ evrópsku skuldakreppunnar. „Framtíð evrunnar ræðst við borgarhlið Rómars,“ sagði hann á ráðstefnu í Lundúnum í gær.

Þótt halli á ríkisrekstri Ítalíu

sé tiltölulega lítill í samanburði við stærð efnahagslífsins eru skuldir landsins gríðarmiklar, að mati Fitch. Á næstunni þurfi landið að afla sem nemur 360 milljörðum evra, eða sem nemur 56.880 milljörðum íslenskra króna.

- óká



# Allt í steik!

4ra rétta tilboðsseðill og A la Carte í Perlunni

## 4ra rétta seðill

Þú velur aðalréttinn. Verð á matseðli **5.960 kr.**

1 LÉTTREYKTUR LAX OG LAXATARTAR  
með agúrkusalati, vatnakarsa og piparrótarkremi

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA  
með Madeira og grilluðum humarhólum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS  
ferskasti fiskurinn hverju sinni,  
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

3 NAUTAFILLE  
með kartöflu- og selleryrótarköku,  
blönduðum skógarsveppum og bearnaisesósu

eða

LAMBABÓGUR  
með fondant-kartöflum,  
steiktu grænmeti og rósmarynsósu

4 VOLG SÚKKULADIKAKA  
með sólberjasósu og vanilluís

Verð aðeins  
**5.960 kr.**  
Næg bílastæði

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistararanum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!



Gjafabréf  
Perlunnar  
Góð gjöf við  
öll tækifæri!

Servida  
BESTA

FRONTERA

Globus

LINDSAY

GUDJÓNÓ

ÖMTRÁSTU

Garri

Danana

Kjötsmíðjan  
KJÖTVINSLA

SD

PERLU KAUP

Ekran

MARLAND  
FISKUR ER OK KAR FAG

Kaffitár

BAKKUS

Lambhagi

ISFUGL

3

HUMARSALAN

EASTUS

Gull

W

PERLAN

Veitingahúsið Perlan  
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207  
Netfang: perlan@perlan.is  
Vefur: www.perlan.is

## BANKAHÓLFID



Porgils Jónsson

### Ofríki eða krafa um orðheldni?

Margt hefur verið skrafað um vanda evrusvæðisins þar sem vissulega hefur gengið yfir gjörningaveður sem sér ekki enn fyrir endann á. Svartsýnustu menn og konur hafa spáð því að dagar evrunnar séu taldir og eins að samkomulagið sem leiðtogar Evrópusambandsins náðu um hertari viðurlög við því að fara á svig við reglur, séu dæmi um ofríki sambandsins yfir aðildarríkjunum.

En er það tilfellið?

Öll evrurikin eru í myntsamstarfinu að fúsum, frjálsum og einbeittum vilja. Við inngöngu gangast ríkin undir ákveðin skilyrði sem tiltekin eru í Maastricht-samningnum. Þar er meðal annars kveðið á um viðmið varðandi fjárlagahalla, ríkisskuldur, verðbólgu og stýrivexti. Öllum er ljóst að í allt of mörgum tilfellum gengu aðildarríkin á svig við reglurnar og vandræði síðustu mánaða eru afleiðing þessa. Pólitikasar létu einfaldlega gleppast af því að láta skammtímahagsmuni, oftast en ekki sína eigin, ráða för, á kostnað sameiginlegra hagsmuna til framtíðar.

Er virkilega hægt að tala um ofríki þegar skerpt er á viðurlögum við því að fara á svig við gerða samninga og grafa þannig undan öllu kerfinu.

Auðvitað er ekki eingöngu Grikklandi, Ítalíu og þeim ríkjum, sem standa sérlega halloka nú, um að kenna hvernig ástætt er í Evrópu. Stóru ríkin fóru einnig fram úr sér mörg hver og neituðu að horfast í augu við að hegðun þeirra var ekki sjálfbær. Endalaus skuldafélagun ríkja er ekki vænleg til árangurs til langs tíma, frekar en fyrir heimili að lengja í ofneyslupakka með yfirdrætti um hver mánaðamót.

Ábyrgð er lykilorðið í þessum efnum þar sem horfa verður fram á veginn og ríkin verða að veða og meta hvernig framtíð þau sjá fyrir sér. Sé aðild að sameiginlegu myntbandalagi það sem stefnt er að er ekki valkostur að hver sé að slá sinn takt óháð öðrum og þess vegna er aðgerða þörf.

Auðvitað eru aðhaldsaðgerðir, niðurskurður opinberra útgjalda og endurskipulagning lífeyriskerfisins sársaukafullar fyrir marga en þær eru nauðsynlegar.

Forgangsröðun skiptir hins vegar lykilmáli enda er háski á báðar hendur þegar kemur að róttækum þjóðfélagsbreytingum.

Einstigið er vandratað þar sem gæta verður hags þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu en þó ekki herða um of á fyrirtækjum og vinnandi fólki svo að þær verði letjandi fyrir framtak og dugnað.

Það er hins vegar verkefni stjórnvalda í hverju ríki fyrir sig að leggja upp í aðgerðir til að ná settu marki og eftir þeim verkum verða þau dæmd í framtíðinni. Samningar eru umfram allt samningar og það getur ekki verið til of mikils mælst að staðið sé við þá.

# Allir vilja gott sæti !

Áfram Ísland !

# 13  
Siggi Sveins  
er alltaf eins!

Gullið tækifæri  
fyrir betra sæti !

EM  
TILBOÐ

Láttu þér líða vel  
fyrir framan EM !

★★★★★  
Hægindastóll  
kr. 37.900,-  
Komdu  
núna

Milano ekta hægindastóll  
á frábæru EM tilboði !

Til í 4 litum:



Hvítur

Latte

Svartur

Brúnn

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18

Lau frá kl. 11-18

Sun frá kl. 13-18

**DORMA**  
– býður góða nótt

Holtagerðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími  
☎ 512 6800  
eða [dorma.is](http://dorma.is)

## „TRY&BUY“

Prófið  
Samsung  
CLP-670N  
prentarann  
án gjalds  
í 30 daga



TILBOÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Ef þér líkar ekki við hann  
þá geturðu skilað honum aftur  
án nokkura spurninga af okkar hálfu

Við hjá ORMSSON erum svo fullvissir um gæði prentarans, að við getum með stolti boðið þér hann á þessum vildarkjörum.

ÖFLUGUR LITAGEISLAPRENTARI

með innbyggðu netkorti, prentar allt að 24 bls/mín  
Upplausn: 9600 x 600 dpi. Verð aðeins 59.900 kr.

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800  
[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

**SAMSUNG**

SAMSUNG ER STÆRSTI RAFTÆKJAFRAMLEIDANDI  
Í HEIMI OG NÆST STÆRSTI SÖLUADILI Á  
GEISLAPRENTURUM Í EVRÓPU skv. IDC





*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*  
**Ágústa Einarsdóttir**  
Kirkjuvegi 14, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi í Garði föstudaginn 6. janúar. Útförin fer fram frá Akranes Kirkju fimmtudaginn 12. janúar kl 14.00.

Rúnar Guðjónsson, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Vernharð Sigursteinsson**  
áðir til heimilis að Hraungerði 6, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 1. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. janúar kl. 13.30.

Rannveig Vernharðsdóttir Alexander Pálsson  
Regína Vernharðsdóttir  
Kristján Vernharðsson Sigríður Jakobsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn,*  
**Ragnhildur Ragnarsdóttir**  
kaupmaður, Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 3. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 13. janúar kl. 14.00.

Ragnar Jón Skúlason Bryndís Þorsteinsdóttir  
Selma Skúladóttir Matthías Sigurðsson  
Jórunn D. Skúladóttir Árni Már Árnason  
Elsa Ína Skúladóttir Guðni Birgisson  
Kristinn Skúlason Drífa Danielsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn,*  
**Vilhelm Ingimundarsson**  
Fróðengi 1,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 8. janúar. Útförin verður tilkynnt síðar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Ragnhildur J. Pálsdóttir



*Elsku hjartans mamma okkar, dóttir, systir og barnabarn,*  
**Berglind Ósk Guðmundsdóttir**  
Jötnaborgum 12, Reykjavík,

lést 20. desember sl. Útförin hefur farið fram.

Óðinn Dagur Svansson  
Kristófer Máni Svansson  
Ísabella Ósk Svansdóttir  
Ingibjörg Pétursdóttir  
Guðmundur Óskar Kristjánsson  
Pétur Guðmundsson  
Viðar Guðmundsson  
Pétur Ingvi Ólafsson



**KENNARI** Séra Þórhallur Heimisson annast kennslu í trúarbragðaskóla Hafnarfjarðarkirkju. FRÉTTABLAÐID/STEFNA

## Skoða áhrif fornra trúarbragða

Trúarbragðaskóli Hafnarfjarðarkirkju hefur göngu sína á ný á sunnudaginn næstkomandi klukkan 20.

Að þessu sinni verða forn trúarbrögð mannkynsins skoðuð og áhrif þeirra á heiminn í dag. Farið verður um víðan völl, en helst verður einblínt á Egyptaland til forna, grískan og rómverskan átrúnað, trúarbrögð Mesópótamíu, keltnesk og germönsk trúarbrögð og Zarabústra. Leitast verður

við að svara spurningum um uppruna hugmyndanna um engla, heimsendi, djöfla og fleira sem allra jafna er ekki tengt við fornöldina.

Kennt verður til klukkan 21.30 öll sunnudagskvöld. Kennslan er eins og áður í höndum séra Þórhalls Heimissonar. Skólinn er þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að áhugasamir skrá sig til leiks. Skráning fer fram á [thorhallur33@gmail.com](mailto:thorhallur33@gmail.com).

## Farsælt starf í áratug

Nú eru liðin tíu ár frá því að fyrsti íbúinn flutti inn í Sóltún í Reykjavík, en það var fyrsta hjúkrunarheimilið sem var opnað sem einkaframkvæmdarverkefni með þjónustusamningi við ríkið.

„Starfið hefur verið farsælt og þjónustan við íbúana hefur alla tíð verið í öndvegi, ásamt því að gera heimilið að aðlaðandi starfsvettvangi. Allt uppbyggingarstarf hefur miðað að vellíðan íbúa, þróun hjúkrunar og annarrar þjónustu,“ segir Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri Öldungs, sem er rekstraraðili Sóltúns, í tilkynningu. Íbúar Sóltúns eru í dag 92 talsins og er meðalaldur 85 ára.

Í tilefni af starfsafmælinu stendur Sóltún fyrir fjölbreyttri fræðsludagskrá í vikunni og út marsmánuð. Um er að ræða ellefu fyrirlestra sem helgaðir eru gæðamálum frá ýmsum sjónarhornum.

## Rannsókn á Ljáðu mér eyra kynnt

Ljáðu mér eyra – viðtöl eftir fæðingu: Kynning á þjónustu og rannsóknaráætlun heitir erindi sem ljósmóðirin Valgerður Lísa Sigurðardóttir flytur á vegum Rannsóknarstofnunar í hjúkrunarfræði mánudaginn 16. janúar. Í erindinu verður þjónustan Ljáðu mér eyra kynnt ásamt rannsóknaráætlun um mat á þjónustunni.

Ljáðu mér eyra er viðtalsþjónusta sem hefur verið starfrækt á Landspítalanum frá árinu 1999 fyrir konur með erfiða fæðingarreynslu. Í byrjun árs 2009 urðu breytingar á viðtalsþjónustunni en þá var farið að bjóða öllum konum sem fæða á Landspítala að koma í viðtal 4-6 vikum eftir fæðingu. Þannig geta konur sem telja sig þurfa, unnið fyrr úr fæðingarreynslunni. Þá geta þær valið hvort þær fá viðtal við ljósmóður sem annaðist þær í fæðingu eða ljósmóður úr Ljáðu mér eyra-hópnum. Með því að konur hafi kost á viðtali við ljósmóður sem annaðist þær í fæðingu er jafnframt verið að stuðla að aukinni samfelli í barneignarþjónustunni.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu kvenna eftir þátttöku í viðtalsmeðferð og meta áhrif viðtalsmeðferðar á fæðingarreynslu þeirra kvenna sem hafa eignast barn eftir viðtali. Tilgangurinn er að þróa viðtalsmeðferðina enn frekar og veita þannig betri heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp kvenna.

Málstofan fer fram í stofu C101 í Eirbergi og hefst klukkan 12.10.



**VINNA ÚR REYNSLUNNI** Ljáðu mér eyra er viðtalsþjónusta sem hefur verið starfrækt á Landspítalanum frá árinu 1999 fyrir konur með erfiða fæðingarreynslu.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*  
**Þórunn Guðmundsdóttir**

lést 2. janúar á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin verður gerð frá Áskirkju þann 18. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Þórarinn J. Óskarsson Jóhanna Kristjánsdóttir  
Elín Óskarsdóttir Jón Levi Tryggvason  
Pálína G. Óskarsdóttir Rafn Sigurðsson  
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýbug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður, afa og langafa,*


**sr. Björns Jónssonar**  
Ásabraut 2, Akranesi,

sem lést 20. desember sl. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sjúkrahúss Akraness fyrir einstaka umönnun og hlýju. Jafnframt er starfsfólki Akranes Kirkju færðar sérstakar þakkir fyrir vinsemd og stuðning. Guð blessi ykkur öll.

Sjöfn Pálfríður Jónsdóttir Ólafur Jón Arnbjörnsson  
Sossa Björnsdóttir Hörður Kári Jóhannesson  
Ingibjörg Björnsdóttir Ásdís K. Smith Óskarsdóttir  
Jón Páll Björnsson Gunnhildur Björnsdóttir Pétur Sigurðsson  
Gunnhildur Björnsdóttir afabörn og langafabörn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [tímamot@frettabladid.is](mailto:tímamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



leiksmögullinn kynur

# LEIKSMÖGULLINN KYNUR

eftir Michele Riml

GAMLA BÍÓ  
LEIÐHUS

Föstud. 13. jan. 20:00  
Laugard. 14. jan. 20:00

Föstud. 20. jan. 20:00  
Laugard. 21. jan. 20:00



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Leikhúspakki á [flugfelag.is](http://flugfelag.is)!

Miðasala á [gamlabio.is](http://gamlabio.is) og á [midi.is](http://midi.is)

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Ópið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

### krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12		13		
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

#### LÁRÉTT

2. glansa, 6. klaki, 8. mælieining, 9. gerast, 11. tveir eins, 12. skjálfa, 14. mylla, 16. kúgun, 17. stilla, 18. við, 20. vörumerki, 21. eggja.

#### LÓÐRÉTT

1. verst, 3. 950, 4. planta, 5. fiskur, 7. möttull, 10. skammstöfun, 13. pípa, 15. þefa, 16. mælieining, 19. utan.

#### LAUSN

LÁRÉTT: 2. gljá, 6. ís, 8. mól, 9. ske, 11. ll, 12. títra, 14. kvörn, 16. ok, 17. röa, 18. hjá, 20. ss, 21. mana.  
LÓÐRÉTT: 1. síst, 3. lm, 4. jólarós, 5. all, 7. skikka, 10. etv, 13. rór, 15. nasa, 16. óhm, 19. án.



# OF MONSTERS AND MEN

Í ALLT ÖÐRUVÍSI ÚTRÁS



RAGNAR SÓLBERG SVITNAÐI Í PRUFUNNI FYRIR PAIN OF SALVATION

PRINS PÓLÓ OG KARLOTTA Í VICKY TAKA ROKKPRÓFIÐ

FIMM BESTU ÍSLENSKU EUROVISION-LÖGIN SEM KOMUST EKKI ÁFRAM

PLÖTUDÓMAR, FRÉTTIR OG FLEIRA

## Hált í hvoru

### BAKPANKAR Bergsteins Sigurðssonar

Þegar Jón Gnarr varð borgarstjóri biðu margir í ofvæni eftir því hvernig hann myndi spjara sig á hinu „pólítíska svelli“. Enginn meinti það bókstaflega en sú er engu að síður orðin raunin; hið pólítíska svell er orðið að áþreifanlegum veruleika í Reykjavík, undir brakandi klíði í brotnum mjöðmum og undnum hnjám.

**FÆSTIR** tóku því líka bókstaflega þegar Jón Gnarr og Besti flokkurinn sögðust ætla að fara ótroðnar slóðir. Sú er engu að síður líka orðin raunin. Slóðir borgarinnar eru ótroðnar. Svona eru stjórnmálin ófyrirsjáanleg. Kannski verður hálkann í lykilhlutverki í næstu kosningabaráttu, með tilheyrandi yfirboðum í kosningalofordum. Hugsid ykkur slagorðin. „Söltum göturnar, ekki málin!“; „Maldon-salt á göturnar!“; „Hlakan kemur með okkur!“; að ógleymdu sérframboðinu „Sölt framtíð“.

**EF FRÁ** eru talin slyshættan og búrnir úti á landi sem hringja í útvarpið og segja „þetta er nú bara smá fól hjá ykkur þarna fyrir sunnan“, er þvargið um að „kerfið hafi brugðist“ sennilega mest þreytandi fylgifyskur ófærðarinnar. Jú, við borgum skatta og útsvar fyrir grunnþjónustu samfélagsins, en útsvarið

losar okkur seint undan því að finna fyrir afleiðingum metofankomu, asahláku og frosts, eða öðrum frávikum frá náttúrunnar hendi sem raska daglegu lífi.

**Í FLJÓTU** bragði sé ég þrjá kosti í stöðunni: Látum borgina leigja fjölda stórtækra vinnuvéla sem hreinsa allar götur og stíga borgarinnar á einum til tveimur dögum og hækkum lögbundin gjöld til að koma til móts við kostnaðinn. Ekki? Jæja, tökum pening úr einum þætti grunnþjónustunnar, til dæmis sorphirðunni eða leikskólunum, og notum til að greiða götu okkar í mestu snjóþyngslunum. Ekki heldur?

**GOTT** og vel, hvað um þetta: Reddum okkur. Að minnsta kosti rétt á meðan mesta fannfergið gengur yfir. Sýnum fyrirhyggju, varkárni, tillitssemi og samkennd í umsvifum okkar og samneyti við annað fólk næstu daga. Hættum að ætlast til þess að gröfukarl frá borginni bjargi okkur eftir hentugleika. Söndum planið sjálf, skiljum bílinn eftir heima, kaupum mannbrodda, skjótumst út í búð fyrir gömlu hjónin á efri hæðinni.

**PORRI** þjóðar sem hefur setið föst í sömu hjólförum í þrjú ár situr nú í orðsins fyllstu merkingu fastur í sömu hjólförum í nokkra daga. Það er kaldhæðnislegt en um leið kannski ágæt áminning um að besta leiðin til að takast á við vandann er að byrja að haga sér eins og fólk.



### myndasögur

#### ■ Pondus



#### ■ Gelgjan



#### ■ Handan við hornið



#### ■ Barnalán



# ÚTSALA



kr. 1.999  
kr. 3.999



kr. 2.499  
kr. 5.999



kr. 2.499  
kr. 5.999



kr. 2.999  
kr. 6.499



kr. 2.999  
kr. 5.999



kr. 2.499  
kr. 5.499



kr. 2.499  
kr. 5.999



kr. 2.999  
kr. 5.999



kr. 1.999  
kr. 3.999



kr. 1.999  
kr. 3.999



kr. 2.999  
kr. 5.999



kr. 2.999  
kr. 5.999



kr. 2.999  
kr. 5.999



kr. 1.999  
kr. 3.999



kr. 1.999  
kr. 3.799



kr. 1.999  
kr. 3.999



kr. 2.499  
kr. 3.999



kr. 2.499  
kr. 3.799

NÚNA ER LESTRARVEÐUR...

Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872

# Fyrsta barnabókin í 13 ár

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason er með nýja barnabók í smíðum sem fjallar um konung sem hefur sigrað heiminn.



ÆVINTÝRI Í SMÍÐUM Andri Snær Magnason er þessa dagana að leggja lokahönd á sína fyrstu barnabók í þrettán ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þessi hugmynd er búin að blunda í mér í ýmsum myndum í tíu ár. En það hefur ýmislegt skotist fram fyrir í röðinni,“ segir rithöfundurinn Andri Snær Magnason.

Hann er með nýja barnabók í smíðum sem hefur fengið vinnuheiðið Mjallhvítarkistan. Í henni er vísað í gömlu ævintýrin. „Hún fjallar um konung sem er búinn að sigra heiminn og ræður öllu en það sem hann hefur enga stjórn á er tíminn,“ upplýsir Andri Snær. „Hann hefur ekki tíma til að njóta alls sem hann hefur eignast og finnst ósanngjarnt að hann sem ræður öllu gæti þess vegna lifað skemur en ómerkilegur betlari. Og að prinsessan fagra muni eldast og gleymast eins og hvaða ómerkilega mannsekja sem er. Hann fær ákveðna lausn á þessu máli en þá fer allt í vitleysu.“

Andri Snær ætlaði að gefa bókina út núna fyrir jólin en hafði sjálfur ekki nægan tíma, líkt og konungurinn í ævintýrinu hans. „Ég vildi ekki taka hana með keisaraskurði fyrir jólin. Ég hef núna góða fjóra mánuði til að liggja yfir henni.“ Búast má við útgáfu fyrir næstu

jól og eftirvænting bókaunnenda er vafalítið mikil.

Þrettán ár eru liðin frá því síðasta barnabók Andra Snæs, hin vinsæla Blái hnötturinn, kom út. „Þessi er dálítið stærri í sníðum og er kannski nær Bróður mínum Ljónshjarta í lengd,“ segir hann.

Af Bláa hnettinum er það að fréttu að hún kemur loksins út í Bandaríkjunum í haust. Einnig kemur hún út á þessu ári í Rússlandi og Brasilíu og hugsanlega í Noregi. Í dag hefur bókinni verið þýdd og gefin út í 25 löndum, þar á meðal í Japan, Kína og Litháen.

Skáldsaga Andra Snæs, Lovestar, kemur einnig út í Bandaríkjunum í haust hjá forlaginu Seven Stories Press í New York sem er með Noam Chomsky og fleiri á sínum snærum. Þetta verður í fyrsta sinn sem bækur hans verða gefnar út í Bandaríkjunum. „Heimurinn er nýlenda Ameríku. Maður er ekki til fyrr en maður er kominn út á ensku. Það verður spennandi að sjá hvernig mér verður tekið þar.“

Lovestar kemur einnig út í Ungverjalandi á þessu ári en þar hefur Blái hnötturinn áður komið út.

freyr@frettabladid.is

## Dökkklædd Rooney Mara



Leikkonan Rooney Mara fer með hlutverk Lisbeth Salander í kvikmyndinni The Girl with the Dragon Tattoo sem byggð er á þrileik Stiegs Larsson. Mara hefur verið tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna í flokki Bestu leikkvinnanna fyrir hlutverkið. Mara sagði persónuna Lisbeth Salander hafa haft töluverð áhrif á líf sitt og fatasmekk. Hún hefur verið iðin við að kynna myndina ásamt mót-leikara sínum, Daniel Craig, og er áhugavert að skoða kjólaval leikkonunnar.

**VEL KLÆDD** Við frumsýninguna í Madrid klæddist Mara fallegum jakka og pilsí.

**SVARTKLÆDD** Mara klæddist kjól frá Michael Kors í Berlín í síðustu viku.



**TVÍSKIPT** Mara klæddist pilsí og magabol við myndatöku í Berlín.

**PARÍSARDAMA** í kjól frá franska tiskuhúsinu Louis Vuitton á frumsýningunni í París.

**SMÁRA BIÓ** **HÁSKÓLABÍÓ**  
*midi.is*

TILNEFND TIL 3 GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA  
 M.A. BESTA MYNDIN OG BESTA LEIKKONAN

SEÐ OG HEYR!  
 Kvikmyndir

MARILYN

TINKER TAILOR SOLDIER SPY

ALVIN OG IKORNARNIR 3

THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO

VERSTA BARNAPÍÁ ALLRA TÍMA!

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR

TINKER TAILOR SOLDIER SPY	KL. 5.20 - 8 - 10.40	16
TINKER TAILOR SOLDIER SPY LUXUS	KL. 5.20 - 8 - 10.40	16
THE SITTER	KL. 6 - 8 - 10	14
GIRL WITH THE DRAGON TATTOO	KL. 5.50 - 8 - 9	16
ALVIN OG IKORNARNIR 3	KL. 3.40 - 5.50	L
STÍGVÉLADIKÖTTURINN 3D	KL. 3.40	L
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 3.40	L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

*midi.is* Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BIÓ [www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is)  
 - bara lúxus sími 553 2075

TINKER TAILOR SOLDIER SPY

MISSION IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL

THE GIRL WITH THE DRAGON TATTOO

ALVIN OG IKORNARNIR

LAUGARÁSBIÓ Sjónartímar

TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY	7, 10, 10
GIRL WITH THE DRAGON TATTOO	10
MISSION IMPOSSIBLE	7, 10
ALVIN OG IKORNARNIR	6

**SAMBIÓN** *SAMBIO.is*

SHERLOCK HOLMES 2

MISSION IMPOSSIBLE 4

GHOST PROTOCOL

80/100 BoxOffice Magazine

88/100 Chicago Sun Times

80/100 BoxOffice Magazine

88/100 Chicago Sun Times

SHERLOCK HOLMES 2

MISSION IMPOSSIBLE 4

GHOST PROTOCOL

FJÖRFISKARNIR

NEW YEAR'S EVE

80/100 BoxOffice Magazine

88/100 Chicago Sun Times

SAMBIO.is

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	BORGARBIÓ
SHERLOCK HOLMES 2	KL. 5.20 - 8 - 10.40	MY WEEK WITH MARILYN	KL. 8 - 10.15
SHERLOCK HOLMES 2 VIP	KL. 5.20 - 8 - 10.40	GIRL WITH THE DRAGON TATTOO	KL. 8 - 9
NEW YEAR'S EVE	KL. 5.50 - 8 - 8.20 - 10.30	ALVIN OG IKORNARNIR 3	KL. 6
MISSION IMPOSSIBLE 4	KL. 5.20 - 8 - 10.40	JACK AND JILL	KL. 10.20
FJÖRFISKARNIR	KL. 5.50	ÆVINTÝRI TINNA	KL. 5.40 - 8
HAROLD AND KUMAR	KL. 8(2D)		
STÍGVÉLADIKÖTTURINN	KL. 5.50		
SHERLOCK HOLMES 2	KL. 8 - 10.20		
MISSION IMPOSSIBLE 2	KL. 10.30		
NEW YEAR'S EVE	KL. 8		

RÚDULEIKARARNIR

**LYFJA** - Lífið heil

**Astaxanthin**

- Gefur orku og eykur liðleika
- Viðheldur heilbrigði húðarinnar
- Örvar litafurur
- Gegn stírleika og harðsperrum
- Þú jafnar þig fyrr eftir æfingar

**Fyrir þig í Lyfju**

www.lyfja.is

**BÍÓ PARADÍS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS  
 CAFÉ/BAR, opið 17-23 / [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is) / [midi.is](http://midi.is)

MÍÐVIKUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 22:00 ■ Á AN-NAN VEG (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPERCLÁSICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00

ISL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

Bíó Paradís er nú hluti af **EUROPA CINEMAS**

THIS MUST BE THE PLACE SEAN PENN

ELDFJALL

SÝND Í NOKKRA DAGA VEGNA FJÖLDA ASKORANA



# Ellefu ára hlé á enda

Bandaríska rokkhljómsveitin At the Drive-In ætlar að snúa aftur eftir ellefu ára fjarveru. Hljómsveitin hefur verið bókuð á tónlistarhátíðina Coachella sem verður haldin í Kaliforníu í apríl. Þar koma einnig fram Radiohead, Pulp, Bon Iver og Snoop Dogg. At the Drive-In hætti störfum 2001 þegar forsprakinn Cedric Bixler-Zavala sagði hljómsveitina halda aftur af sköpunargáfu sinni. Stuttu síðar stofnaði hann The Mars Volta ásamt Omar Rodriguez-Lopez úr At the Drive-In á meðan hinir meðlimirnir stofnuðu Sparta.



STAR WARS Nýju sjónvarpsþættirnir gerast í undirheiminum.

# Stjörnustríð í undirheiminum

Nýir sjónvarpsþættir byggðir á kvikmyndunum Star Wars hafa fengið vinnuheiðið Star Wars: Underworld. Ekki hefur verið ákveðið hvenær þættirnir verða framliddir en handritið er engu að síður tilbúið.

Star Wars: Underworld gerist á tímabilinu á milli Episode III og Episode IV, á þeim tuttu árum þegar Luke er að vaxa úr grasi. Að sögn framleiðandans Rick McCallum fjalla þættirnir þó ekki um Luke sjálfan heldur tímabilið þegar heimsveldið er að reyna að taka við stjórntaunumunum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 11. janúar

### Fræðsla

**20.00** Íslenska vita-félagið, félag um íslenska strandmenningu, heldur fræðslukvöld undir yfyrskriftinni Spegill fortíðar - silfur framtíðar. Steinar J. Lúðvíksson rithöfundur mun þar fjalla um síldina og **Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir** segir frá áhrifum síldarvinnslu. Fræðslukvöldið verður haldið í Víkinni, sjómínjasafni í Grandagarði Reykjavík.

### Dans

**14.00** Félag eldri borgara stendur fyrir síðdegisdansi í félagsheimili sínu, Stangarhyl 4. Álfasöngur og vikivakar. Aðgangseyrir er kr. 600.

### Tónlist

**20.00** Fyrsta Extreme Chill kvöld ársins verður haldið á Kaffibarnum í kvöld. Fram koma Sigtryggur Berg Sigmarsson, Prince Valium, Ahma og Dj AnDre & Beatmakin Troopa. Aðgangur er ókeypis.

**20.45** Hljómsveitin White Signal heldur tónleika á Kaffi Rósenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.15** Hádegisfyrirlestur í erindaröðinni Góssíð hans Arna um valin handrit úr safni Arna Magnússonar verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu. Már Jónsson flytur, en erindið að þessu sinni er Jónsbókarhandrit frá 14. öld sem Arni eignaðist ungu.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

# Framsækin og blæbrigðarík

Tónlist ★★★★★

## Elabórat

GP!

GP! er listamannsnafn Guðmundar Péturssonar gítarleikara sem hefur verið einn af flinkustu og afkastamestu gítarleikurum Íslands síðustu áratugi. Elabórat er hans þriðja sólóplata og fylgir eftir plötunni Ologies sem kom út árið 2008 og hlaut góðar viðtökur. Á Elabórat eru átta lög, samin

af Guðmundi sem einnig sá um upptökstjórn og útsetningar. Með honum spila þeir Styrmir Hauksson, Davíð Þór Jónsson, Hrafnkell Orri Egilsson, Eybór Gunnarsson og Kristinn Snær Agnarsson.

Guðmundur er afar fjölhæfur gítaristi og hefur víða komið við í tónlistarheiminum. Það heyrir á Elabórat. Tónlistin fer víða, jafnvel innan sama lagsins. Þetta er instrúmental tónlist. Á köflum minnir hún á gamlan djass-rokkbræðing, en annars staðar er allt önnur stemning í gangi.

Það kemur ekki á óvart að blúsinn laumi sér inn hér og þar og ekki heldur að áhrifa gæti frá heimstónlist, en í sumum laganna er einhver óskilgreind tilraunamennska sem ég, a.m.k. átti ekki von á. Í einu laganna komu til dæmis samstarfsplötur þeirra Roberts Fripp og Brians Eno upp í hugann og í öðrum lögum minnir tónlistin á Tortoise- og Chicago-senuna sem blómstraði upp úr síðustu aldamótum.

Á heildina litið er Elabórat fjandi góð plata. Hún er fjölbreytt og blæbrigðarík og full af spenn-



andi útdúrum sem maður ánetjast við frekari hlustun. Framsækid og flott verk. Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Guðmundur Pétursson gítarleikari fer um víðan völl á frábærri sólóplötu.



# Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Vertu með í vetur

# Opið hús hjá JSB 9.-20. janúar

Stundatafla Dansræktar JSB Opna kerfið og námskeið						
	mán	þri	mið	fim	fös	lau
06:10	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	
06:15	TT lok a	RY lok	TT lok	RY lok	TT lok	
06:30	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	
06:40	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	
07:05	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	
07:20	TT lok C		TT lok C		TT lok C	
07:30	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	
08:30	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	
09:15						Opna Kerfið
09:30	60+ lok	60+ lok	60+ lok	60+ lok	60+ lok	
10:15	TT lok D		TT lok D		TT lok D	
10:30	Stott lok	Mótun lok	Stott lok	Mótun lok		Opna Kerfið
10:30		RY lok		RY lok		
10:30	Opna Kerfið	Opna Kerfið		Opna Kerfið		
12:00	Yoga opið	RY lok	Yoga opið	RY lok		
12:10	Extra lok		Extra lok	Extra lok	Extra lok	
12:15	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	
14:20	TT lok G		TT lok G		TT lok G	
14:30			Opna Kerfið	Opna Kerfið		
16:30	RY lok		RY lok			
16:30	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	
16:30	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	
16:40	TT lok H		TT lok H		TT lok H	
16:40	Mótun lok	Stott lok	Mótun lok	Stott lok		
17:00	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	SS lok	
17:30	Opna Kerfið	Opna Kerfið	Opna Kerfið	HotY lok		
17:40	TT lok I		TT lok I		TT lok I	
17:45				Opna Kerfið		
18:25	TT3 lok		TT lok J	TT lok J		
18:30		HotY lok				
18:40	TT lok J					
19:25			TT3 lok			Áskiljum okkur rétt til að breyta stundaskrá

# Tilboð á kortum í Opna kerfinu

Frír profutími - taktu vinkonu með

Við bjóðum yfir 100 tíma á viku fjölbreyttir tímar - eitthvað við allra hæfi



Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!



leggur línurnar



NÁ VEL SAMAN Ólafur og Alexander í leik með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ólafur og Alexander öflugir: Hægri vængurinn sterkur

**HANDBOLTI** Þeir Ólafur Stefánsson og Alexander Petersson hafa náð afar vel saman á hægri væng landsliðsins síðustu stórmótin en sá síðarnefndi spilaði á sínu fyrsta stórmóti árið 2005. Gegndu þeir lykilhlutverkum á bæði Ólympíuleikunum í Peking og EM í Austurríki, þar sem Ísland vann til verðlauna. Úttekt á skoruðum mörkum má sjá hér fyrir neðan en þess má geta að þeir hafa einnig haft mikilvæg hlutverk í varnarleik Íslands á síðustu árum.

Alexander mun nú verða aðalskytta Íslands hægra megin í fjarveru Ólafs og njóta stuðnings Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar og Rúnars Kárasonar. Þórir Ólafsson fær aukna ábyrgð í horninu en þeir Alexander og Ásgeir Örn þekkja þá stöðu einnig vel. -esá

### Síðustu fimm stórmót

Samanlagður árangur Alexanders og Ólafs á síðustu fimm stórmótum Íslands:

HM 2011 Samtals 75 mörk - 8,3 í leik
Alexander 5,9 m. í leik (53 mörk/9 leikir)
Ólafur 3,1 mark í leik (22/7)
EM 2010 61 mark - 7,6 í leik
Alexander 3,6 mörk í leik (29/8)
Ólafur 4,0 mark í leik (32/8)
ÓL 2008 60 mörk - 7,5 í leik
Alexander 3,9 mörk í leik (31/8)
Ólafur 3,6 mörk í leik (29/8)
EM 2008 39 mörk - 6,5 í leik
Alexander 3,3 mörk í leik (20/6)
Ólafur 4,8 mörk í leik (19/4)
HM 2007 101 mark - 10,1 í leik
Alexander 4,8 mörk í leik (48/10)
Ólafur 5,3 mörk í leik (53/10)

# Ólafur er enn fyrirmyndin mín

Alexander Petersson heldur nú í sitt fyrsta stórmót í handbolta án Ólafs Stefánssonar. Hann verður því aðalskytta liðsins hægra megin þrátt fyrir að glíma við meiðsli í öxl sem hafa hrjád hann undanfarið ár.

**HANDBOLTI** Alexander Petersson hefur farið á kostum með liði sínu, Fúchse Berlin, í þýsku úrvalsdeildinni sem og Meistaradeild Evrópu. Þar spilar hann sem hægri skytta og nú mun hann spila meira í því hlutverki fyrir íslenska landsliðið þar sem Ólafur Stefánsson mun ekki vera með á EM í Serbíu.

„Þetta verður auðvitað erfitt án Óla en það hlaut að koma að þessu. Hann getur ekki verið alltaf með okkur,“ segir hann og brosir. „En við erum með góða leikmenn og þetta þarf ekki að vera slæmt. Einhvern tímann verðum við að venjast því að spila án hans.“

Alexander hefur lengi verið lykilmáður í íslenska landsliðinu, ekki síst í vörn þar sem hann hefur haft gríðarlega mikilvægu hlutverk að gegna. En hann segist búinn undir aukna ábyrgð í sóknarleiknum. „Ég er alveg tilbúinn í þetta – að draga vagninn eins og Óli hefur gert í öll þessi ár,“ segir Alexander sem hefur lengi sagt að Ólafur væri sín fyrirmynd.

„Ég hef lært mikið af honum í gegnum tíðina og er enn að læra af honum. Hann er enn leikmaður í hæsta gæðaflokki þrátt fyrir að vera 38 ára gamall og hefur sýnt að með því að leggja nógu mikið á sig er hægt að lengja ferilinn. Maður þarf að hafa meira fyrir því að halda líkamanum góðum eftir þrjúttugt en Ólafur hefur sýnt að það er allt hægt. Hann er enn fyrirmyndin mín.“

### Öxlin er slæm

Alexander hefur verið að glíma við meiðsli í öxl síðan á heimsmeistaramótinu í Svíþjóð fyrir ári. Hann spilar mikið með liði sínu, Fúchse Berlin, en álagið verður þó enn meira með íslenska landsliðinu á EM í Serbíu. Þar er spilað annan hvern dag.

„Öxlin hefur ekki verið nógu góð og ég er enn að drepaft eftir HM í



Á BEKKNUM Alexander er hér í nuddi hjá Elis Þór Rafnssyni sjúkraþjálfara. Ingibjörg Ragnarsdóttir sjúkranuddari og Brynjólfur Jónsson lækni ræða málin við þá. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fyrri. Ég vona að þetta muni ekki há mér á mótinu en það er ómöglegt að segja eins og er. Þetta verður bara að koma í ljós,“ segir hann.

„Ég hef þurft að passa sérstaklega upp á öxlina með sérstökum æfingum og gætt mín á því að skjóta ekki of mikið á æfingum. Þetta hefur gengið þokkalega hingað til og ég hef ekki fundið mikið fyrir þessu í leikjum, svo lengi sem ég hef fengið góða hvíld eftir þá. Það var svo æft nokkuð stíft í síðustu viku með landsliðinu og ég var ekki nógu góður eftir það.“

### Þjálfarinn hefur áhyggjur

Alexander spilaði með landsliðinu á æfingamótinu í Danmörku

„Ég er alveg tilbúinn í þetta – að draga vagninn eins og Óli hefur gert í öll þessi ár.“

ALEXANDER PETERSSON  
LANDSLIÐSMAÐUR Í HANDBOLTA

um helgina og er staðan á öxlinni í raun óbreytt, að sögn þjálfarans Guðmundar Guðmundssonar. „Hann verður ekkert betri úr þessu fyrir mótið og það er ákveðin þreyta í honum,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið. Alexander skoraði samtals sex mörk í fyrstu leikjunum tveimur en hvíldi svo í lokaleiknum gegn Danmörku.

Guðmundur neitar því ekki að hann hafi áhyggjur af öxlinni fyrir EM. „Auðvitað hef ég áhyggjur – en ég held að þetta verði bara í lagi og að hann verði klár þegar út í keppnina er komið. Það verða hvíldardagar á milli leikja og vonandi ná sjúkraþjálfarar okkar að hugsa nógu vel um hann til að þetta verði ekki til vandræða.“

Það er ekki annað að heyra á Alexander sjálfum en að hann ætli að hella sér af fullum krafti út keppnina í Serbíu – það komi ekki til greina að taka sér frí til að freista þess að ná sér góðum á ný. „Nei, það kom ekki til greina. Ég tek mér bara frí seinna.“

eirikur@frettabladid.is

**AMERICAN STYLE**

**HEALTHY STYLE**

**HAMBORGARI**

ÁN SÓSU, MEÐ BAKAÐRI KARTÖFLU OG FÆRSKU SALATI

**kr. 1195.-**



ARNÓR ATLASON Hér í leik gegn Dönum um helgina. MYND/OLE NIELSEN

## Spjörum okkur án eins besta leikmanns heims

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Arnór Atlason var í viðtali við danska handbolta-netmiðilinn HBOLD.dk eftir Totalkredit Cup-æfingamótið um helgina. Íslenska liðið endaði þá í öðru sæti eftir tap á móti Dönum í úrslitaleiknum.


„Við fengum að prófa okkur á móti góðum handboltaþjóðum og fengum að vita um stöðuna á bæði sókninni og vörninni okkar,“ sagði Arnór en hann leikur með danska stórliðinu AG Kaupmannahöfn.

„Við erum án Ólafs Stefánssonar sem er líklega besti handbolta- maðurinn í heimi og höfum sýnt það að við getum spjarað okkur án hans. Við erum á góðri leið á báðum endum vallarins,“ sagði

Arnór sem hefur sjálfur verið að glíma við bakmeiðsli en ætlar að fórna sér fyrir landsliðið í Serbíu.

„Við unnum brons á síðasta Evrópumóti og vorum mjög ánægðir með það. Við gerum okkur grein fyrir því að það er löng leið fram undan ef við ætlum að komast aftur svona langt. Við erum í erfiðum riðli og verðum að taka stig með okkur inn í milliriðilinn ef við ætlum að spila aftur um efstu sætin.“

Arnór var frábær á síðasta Evrópumóti sem fór fram í Austurríki 2010. Hann skoraði flest mörk íslenska liðsins, 41 í 8 leikjum, og gaf 49 stoðsendingar á félagu sína í liðinu. -66j



**JOHN 3:16** Uppáhaldstilvitnun Tebows í Bblíuna. Þegar hann birti þessa tilvitnun á andlitinu fyrir tveimur árum slógu 92 milljónir manna hana inn á Google. GETTY IMAGES

Kraftaverk og tilviljanir eru allt í kringum trúboðann Tim Tebow:

## Ótrúlegar tilviljanir hjá Tebow

**NFL** Uppgangur trúboðans og leikstjórnandans Tims Tebow hjá Denver Broncos er lyginni líkastur. Tebow framkvæmdi enn eitt kraftaverkið um helgina og er enginn skortur á tilviljunum eftir þennan ótrúlega leik hjá manningnum sem byrjað er að kalla Messías.

Uppáhaldstilvitnun Tebows í Bblíuna er: „Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“

Þessa línu má finna í Jóhann-

esarguðspjalli 3:16. Í leiknum um helgina má heldur betur finna tengingar við númerið á uppáhaldstilvitnun Tebows.

Hann kastaði boltanum samtals 316 jarda og var með 31,6 jarda að meðaltali í hverju kasti. Þegar Steelers var á 3. tilraun og 16 metrar eftir kastaði leikstjórnandi liðsins boltanum í hendur Broncos. Í vetur voru Broncosað meðaltali með 316,6 jarda í leik í vetur. Þegar leikurinn stóð sem hæst var sjónvarpsáhorf í Bandaríkjunum 31,6. Þess utan er mað-

urinn sem greip sigursendingu Tebows í leiknum fæddur á jóladag.

Þessar tilviljanir þykja með ólíkindum og einhverjir spyrja sig að því hvort þetta séu í raun og veru tilviljanir.

Leikstjórnandinn ungi, sem er alinn upp af trúboðum, hefur snert líf margra í vetur og heimurinn bíður spenntur eftir því hvort annað kraftaverk sé í vændum um næstu helgi.

Þá sækir Broncos lið New England Patriots heim. - hbg

### ÚRSLIT

#### Iceland Express-d. kvenna

**Hamar - Keflavík frestað**

Leiknum var frestað vegna veðurs og fer fram í kvöld klukkan 19.15. Þá fer fram heil umferð í deildinni.

#### Sænska úrvalsdeildin

**Solna Vikings - LF Basket 81-80**

Logi Gunnarsson skoraði fimmtán stig fyrir Solna.

**Borås Basket - Sundsvall Dragons 80-87**

Pavel Ermolinskij skoraði 20 stig og Hlynur

Bæringsson tólf. Báðir tóku níu fráköst. Jakob

Sigurðarson skoraði þrettán stig.

**Jämtland Basket - 08 Stockholm 84-83**

Brynjar Þór Björnsson, Jämtland og Helgi Már

Magnússon, 08 Stockholm, skoruðu báðir tólf stig

fyrir sín lið í leiknum.



**Í FIMMTA SÆTI** Tinna Jóhannsdóttir, kylfingur úr GK. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Evrópumótaröð kvenna:

## Tinna í afar góðri stöðu

**GOLF** Tinna Jóhannsdóttir úr golfklúbbnum Keili er í mjög sterkri stöðu fyrir lokahringinn í úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna í golfi sem nú stendur yfir á Spáni. Tinna er samtals í fimmta sæti á einu höggi undir pari en 35 efstu kylfingarnir komast áfram í lokaúrtökumótið sem fer fram í næstu viku.

Hún lék á 71 höggi í gær og er aðeins einu höggi frá þriðja sætinu en tíu höggum á undan þeim sem eru í kringum 35. sætið nú. Lokahringurinn fer fram í dag.

Powerade-bikarkeppnin:

## Stórlið drógust saman í bikar

**KÖRFUBOLTI** Dregið var í fjórðungsúrslit Powerade-bikarkeppni karla og kvenna í gær. Hjá körlunum verður viðureign KR og Snæfells, bikarmeistara síðustu tveggja ára, stórleikur umferðarinnar. Það verður líka boðið upp á hörkuleik hjá konunum en þar drógust saman Keflavík og Njarðvík, tvö efstu lið Iceland Express-deildar kvenna.

Það er enn fremur ljóst að 1. deildarlið komast í undanúrslit hjá bæði körlum og konum.

### Powerade-bikarinn

#### Fjórðungsúrslit karla:

KFÍ - Hamar Fjölnir - Keflavík

Tindastóll - Njarðvík KR - Snæfell

#### Fjórðungsúrslit kvenna:

Njarðvík - Keflavík Fjölnir - Snæfell

Haukar - Hamar Stjarnan - Grindavík

## Einádag

# KEMUR HEILSUNNI Í LAG



EIN TAFLA Á DAG : SYKURLAUSAR  
LITLAR VÍTAMÍNTÖFLUR SEM GOTT ER AÐ GLEYPA  
SJÁ NÁNAR Á VITAMIN.IS

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA / FÆST Í APÓTEKUM UM LAND ALLT



# FÆKKAÐU SÍGARETTUNUM MEÐ TROPICAL FRUIT



## NÝTT MINNI REYKINGAR MEIRA TROPICAL FRUIT

AÐ DRAGA ÚR REYKINGUM  
ER LÍKA SKREF Í RÉTTA ÁTT



Nicotinell er samstarfsaðili  
Krabbameinsfélagsins

Lesið vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.  
Nicotinell lyfjatyggigúmmi inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínólacrállín). Nicotinell lyfjatyggigúmmi er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfeinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmi eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmi. Ráðfærðu þig við lækniinn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.  
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.



„Ég hlusta mest á Cörlu Bruni og Mugison. Hann er alveg að slá í gegn núna.“

Heiða Björg Bjarnadóttir hjá Myconceptstore.is

# Með tréskrúfur undir hlaupaskónum

Hlaupagarpurinn Guðmundur Guðnason brá á það ráð á dögunum að setja tréskrúfur undir hlaupaskóna sína til að geta fótad sig í hálkunni.

„Ég var búinn að leita lengi að einhverri lausn sem virkar hvort sem maður er í háliku eða á beru malbiki,“ segir Guðmundur, sem hleypur fimm daga vikunnar, sama hvernig viðrar. Samanlagt um 70 til 90 kílómetra.

„Ég sá hvernig ástandið var síðasta föstudag. Það var búin að vera glerháka og ég ætlaði að hlaupa á laugardagsmorgun, þannig að ég græjaði þetta á föstudagskvöldi. Ég fór inn í bílskúr, fann mér tréskrúfur og skelti þeim undir gamla hlaupaskó sem ég átti og þetta svinvirkaði.“

Guðmundur setti myndir af „nýju“ hlaupaskónum sínum á Facebook og vöktu þær

mikla athygli hlaupafélaga hans. „Þeir voru að forvitnast hvernig þetta hefði gengið. Einhverjir ætluðu að græja þetta strax fyrir sig.“

Ekki veitir af því enda hafa margir dottið illa í hálkunni að undanförunu, þar á meðal vinur hans sem fór út að hlaupa og rotaðist eftir að hafa runnið á hausinn. „Það er stórhættulegt oft og tíðum þetta færi, þannig að ég er ánægður með að vera kominn með einhverja lausn.“

Guðmundur vakti athygli í sumar þegar hann hljóp í kringum landið til styrktar krabba-meinsveikum börnum ásamt eiginkonu sinni og tveimur öðrum. Sjálfur hleypur hann í vinnuna á hverjum morgni úr Garðabæ til Reykjavíkur og var einmitt fljótari á staðinn í gærmorgun en vinnufélagi hans sem kom akandi úr Hafnarfirðinum, enda umferðin afar hæg vegna slæmrar færðar.



Í STARTHOLUNUM Guðmundur í hlaupagallanum rétt áður en hann hljóp heim úr vinnunni seinni partinn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

facebook.com/siminn.is

Síminn



Í HLJÓÐVERINU Jacquire King ásamt hljómsveitinni Of Monsters and Men. Hann hefur unnið með hljómsveitum á borð við Kings of Leon og Modest Mouse, en er nú mættur til landsins til að taka upp með Of Monsters and Men.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JACQUIRE KING: VIÐ SKEMMTUM OKKUR MJÖG VEL

## Þekktur upptökustjóri með Of Monsters and Men

„Tónlistin hefur komið auðveldlega og hljómar mjög vel. Við skemmtum okkur mjög vel,“ segir bandaríski upptökustjórinn Jacquire King.

King er staddur hér á landi og stýrir nú upptökum á nýjum lögum hljómsveitarinnar Of Monsters and Men. Einhverjum laganna verður mögulega bætt við plötuna My Head Is an Animal sem hljómsveitin sendi frá sér hér á landi í fyrra, en kemur út á heimsvísu á vegum útgáfurisans Universal í ár.

„Við ætlum að reyna að klára fimm lög og það hefur gengið mjög vel,“ segir King, sem býr í Nashville í Bandaríkjunum og hefur tekið upp með hljómsveitum á borð við Kings of Leon, Cold War Kids og Modest Mouse ásamt tónlistarfólki á borð við Noruh Jones og Tom Waits. Hann stýrði til að mynda upptökum á plötunni Only by the Night með Kings of Leon,

sem hefur selst í milljónum eintaka um allan heim. En hvernig finnst honum að vera staddur á norður í Atlantshafi að vinna með ungri, íslenskrí hljómsveit?

„Allar hljómsveitir sem hafa orðið stórar byrja einhvers staðar. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt og ég nýt þess að dvelja á Íslandi,“ segir King. „Ég hef gaman af því að vinna með ungum listamönnum og hjálpa þeim að læra á plötugerðarferlið. Ég sýni þeim það sem ég kann og er hluti af ferlinu. Það er spennandi.“

Maureen Kenny hjá Universal-útgáfunni kynnti King fyrir Of Monsters and Men í október á síðasta ári. Hann hafði ekki heyrt um hljómsveitina, en varð að eigin sögn mjög áhugasamur um að taka að sér verkefnið fljótlega eftir að hann heyrði tónlistina. „Ég heyrði strax að þau væru hæfileikarík og vel spilandi. Þau voru búin að

gera plötu sem ég hefði haft gaman að því að gera. Lögin eru góð og hljómsveitin flytur þau vel,“ segir hann. „Ástæðan fyrir því að ég vildi koma til Íslands var sú að þau gerðu plötuna sjálf og stóðu sig vel. Mér fannst mikilvægt að koma til þeirra og taka upp þráðinn þar sem þau skildu við hann, í staðinn fyrir að fá þau til Bandaríkjanna og gera allt öðruvísi. Ég vildi ekki að nýju lögin yrðu frábrugðin þeim sem eru á plötunni.“

Jacquire King dvelur á landinu í tvær vikur í viðbót, en segist ekki búast við að gera margt annað en að vinna með Of Monsters and Men. „Veðrið býður ekki upp á margt annað,“ segir hann í léttum dúr. „Ég dvel í miðbænum og þegar veðrið er í lagi fer ég í göngutúra. Ég fór í nýja tónlistarhúsið í gær sem er ótrúlega falleg bygging. Ég vona að ég komist meira út um næstu helgi.“ atlifannar@frettabladid.is

ÍSLENSKA ÓPERAN

GIACOMO PUCCINI

LA BOHÈME

HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR  
GISSUR PÁLL GISSURARSON  
ÞÓRA EINARSDÓTTIR  
GARÐAR THÓR CORTES  
ÁGÚST ÓLAFSSON  
HRÓLFUR SÆMUNDSSON  
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON  
HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR  
BERGPÓR PÁLSSON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON  
LEIKSTJÓRI: JAMIE HAYES  
LEIKMYND: WILL BOWEN  
BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR  
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON

FRUMSÝNING 16. MARS KL. 20

MIÐASALAN HEFST Á MORGUN KL. 12  
Í SÍMA 528 5050 OG Á HARPA.IS

## Mauz vill hita upp fyrir Maus

„Hann bauðst til þess að hita upp fyrir okkur ef við myndum koma saman á nýjan leik,“ segir Biggi í Maus um kollega sinn Gisj í Maus.

Gisj van Veldhuizen og félagar í Maus hafa ákveðið að breyta nafninu sínu í Maus. Ástæðan er sú að Biggi í Maus kvartaði yfir nafni hollensku sveitarinnar, enda hefur hljómsveitin hans einkaréttinn á nafninu í Evrópu. Engu að síður munu Gisj og félagar spila á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi á fimmtudaginn undir nafninu Maus því of seint var að breyta því í tæka tíð. „Þetta var allt á vingjarnlegu og fallegu nótnum,“ segir Biggi um tölvupóst-



MÁLÍÐ TIL LYKTA LEITT Biggi í Maus er ánægður með að hin hollenska Maus ætli að breyta nafninu sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

inn sem hann fékk frá Gisj í gær. Biggi óttaðist að aðdáendur hinnar íslensku Maus héldu að

hún ætlaði að spila á Eurosonic og sú var raunin. „Þetta er svo lítil heimur. Um leið og þeir voru auglýstir á Eurosonic byrjaði ég að fá tölvupóst um hvort við værum að fara að spila. Eftir að internetið kom geta tvær hljómsveitir ekki lengur heitið sama nafni.“

Biggi og félagar í Maus spiluðu síðast saman í október 2004, eða fyrir rúmum sjö árum. Aðspurður segist hann ekki búast við endurkomu í bráð, enda búa tveir liðsmenn Maus erlendis. En kemur til greina að Maus hiti upp fyrir Maus ef af henni verður? „Auðvitað. Það yrði ógeðslega flott en ég ætla ekki að borga undir þá flugfarið.“ -fb

BYLGJAN 25 ÁRA

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótíð vel

# Safnaðu þekkingu

Fjölbreytt námskeið á næstunni

Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst



## MENNING

Arabískt vor? Íslam og stjórnmál í Mið-Austurlöndum  
hefst 11. janúar

Sturlunga, fyrri hluti  
þriðjudagskvöld – skráningarfrestur til 17. janúar  
miðvikudagsmorgnar - skráningarfrestur til 18. janúar  
fimmtudagskvöld - skráningarfrestur til 19. janúar

Próun og skipulag borga –  
sérkenni Reykjavíkur frá alþjóðlegu sjónarhorni  
skráningarfrestur til 18. janúar

Söngleikurinn Vesalingarnir  
skráningarfrestur til 20. janúar

Eftir jólabókaflóðið: Yndislestur í góðum hópi  
skráningarfrestur til 25. janúar

John Coltrane – risi í jazzsögunni  
skráningarfrestur til 30. janúar

Saga læknisfræðinnar frá fornöld til nútímans  
skráningarfrestur til 1. febrúar

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella  
skráningarfrestur til 6. febrúar

## TUNGUMÁL

Enska - hagnýt talþjálfun  
hefst 16. janúar

Ítalska fyrir byrjendur  
hefst 17. janúar

Spænska I  
hefst 17. janúar

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum  
skráningarfrestur til 17. janúar

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk  
skráningarfrestur til 17. janúar

Örlög og ástir á þýsku: Þjálfun í þýsku talmáli  
og þýskum kurteisvenjum á nýstárlegan hátt  
skráningarfrestur til 1. febrúar

Samskiptahæfni og samskipti á ensku fyrir lengra komna  
skráningarfrestur til 1. febrúar

## PERSÓNULEG HÆFNI

Vertu fararstjóri í eigin lífi  
skráningarfrestur til 17. janúar

Samskipti foreldra og barna  
skráningarfrestur til 30. janúar

Úr neista í nýja bók - fjarnámskeið  
skráningarfrestur til 31. janúar

## HUGBÚNAÐUR

Agile Testing  
skráningarfrestur til 27. janúar

## FJÁRMÁL OG REKSTUR

Árið 2011 – Nýlegar breytingar á skattalögum  
skráningarfrestur til 20. janúar

Excel I – fjármál og rekstur  
skráningarfrestur til 7. febrúar

Lestur ársreikninga  
skráningarfrestur til 9. febrúar

## STARFSTENGD HÆFNI

Listin að gera lista. Markviss forgangsröðun –  
leið til aukinna afkasta  
skráningarfrestur til 30. janúar

Grunnnámskeið í verkefnastjórnun  
skráningarfrestur til 8. febrúar

Hugþjálfun – leið til árangurs  
skráningarfrestur til 13. febrúar

## HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Langvinnt svefnleysi, vefjagigt  
haldið 13. janúar

Fíknivandamál, bakslagsvörn og hvetjandi samtalstækni  
haldið 14. janúar

Félagsfælni og líkamsskynjunarröskun  
hefst 27. janúar

Sjálfsvígsfræði – með sérstöku tilliti til sjálfsvíga ungs fólks  
skráningarfrestur til 27. janúar

Þjónusta við blinda og sjónskerta einstaklinga  
skráningarfrestur til 7. febrúar

## STJÓRNUN OG FORYSTA

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf  
skráningarfrestur til 19. janúar

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur  
skráningarfrestur til 13. febrúar

## UPPELDI OG KENNSLA

Ný leið til að gera skemmtileg próf:  
Próftökuforritið Question Writer 4  
skráningarfrestur til 14. febrúar

Sálgæsla barna og unglunga  
skráningarfrestur til 17. febrúar

## VERK- OG TÆKNIFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG UMHVERFI

Misturslökkvikerfi  
skráningarfrestur til 19. janúar

Ljósbogahættur í dreifikerfum  
skráningarfrestur til 3. febrúar



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

## VÍSIR

Meiri Vísir.

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Björn leikur Ragnar

Undirbúningur fyrir tókur á kvikmynd Jóns Óttars Ragnarssonar, Kill the Poet, er nú á lokametrunum. Fréttablaðið hefur sagt frá helstu hlutverkaskipan í myndinni; Anita Briem leikur Louisu Matthíasdóttur, Nína Dögg Filippusdóttir leikur Nínu Tryggvadóttur, Nick Stahl leikur Stein Steinarr auk þess sem Gísli Örn Garðarsson verður í leikarahópnum. Jón Óttar hefur nú landað enn einum Vesturportsleikara í myndina, **Birni Hlyni Haraldssyni**, og fær hann það hlutverk að leika bókaútgefandann Ragnar í Smára. Verður þetta leikaraval Jóns Óttars að teljast mikill heiður fyrir Björn Hlyn enda er kvikmyndagerðarmaðurinn sonur Ragnars.



#### Tímamótum fagnað á Kex

Spurningaþátturinn Nei hættu nú alveg í umsjón **Vilhelms Antons Jónssonar** hefur átt nokkrum vinsældum að fagna á Rás 2 upp á síðkastið. Nokkur tímamót verða í sögu þáttarins á sunnudag þegar hundraðasti þátturinn verður sendur út. Venjulega hafa þættirnir verið í beinni útsendingu en í þetta skiptið verður brugðið út af vananum og var þátturinn tekinn upp á Kex-hosteli í gærkvöldi með fullan sal af áhorfendum að fylgjast með. Var þessi háttur ekki hafður á fyrir tilviljun heldur gafst aðdáendum þáttarins færi á að kjósa um það á Facebook hvernig haldið yrði upp á tímamótið og varð upptaka á Kex-hosteli fyrir valinu. Ekki verður ljóstrað upp um það hér hverjir voru gestir þáttarins en fyrirliðarnir, leikararnir Anna Svava Knútsdóttir og Vignir Rafn Valþórsson, voru á sínum stað og vöktu mikla lukku.



- hdm, mbl

### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Grænenskt ofsaveður gæti náð til Íslands
- 2 Trylltur ökumaður boðaður í skýrslutöku – vitni búið...
- 3 Fjögurra bíla árekstur olli gífurlegu umferðaröngþveiti
- 4 Reykjanesbrautin lokuð vegna óhapps
- 5 Ekkert lát á óveðri og ófærð á landinu

**BYLGJAN** 25 ÁR  
989

### Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



# JANÚARÚTSALA



## ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

### Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!



Tvíbreyð fjölstillanleg rafmagnsrúm: Verð frá kr. 309.897.-


Tvíbreyð heilsurúm: Verð frá kr. 139.000.-

### 30-50% afsláttur af öllum heilsurúmum

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur.  
Komdu í greiningu



### Einstaklingsmiðuð þjónusta

RúmGott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu til að meta þarfir viðskiptavina sinna.



## ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is